HALIM HAKAN DURAK

*Skemmtilegt að dansa fram á rauða nótt*

heilsa heimili

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




RANDVER ÞORLÁKSSON

*Segir sátt ríkja um samning RÚV og FÍL*

Urgur meðal eldri leikara

FÓLK 23



STEFÁN MÁR

*Lætur langþráðan draum rætast*

Eignast Tottenham-bláa vespu í sumar

FÓLK 30



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

25. mars 2008 — 81. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## ÞRIÐJUDAGUR



**Vilja styrkja tvöfalt fleiri börn**

ABC barnahjálp er tuttugu ára.

TÍMAMÓT 18

**Nýir brennuvargar?**

Hannes Hólmsteinn Gissurarson varar við íslamisma og segir best að vera við öllu búinn.

Í DAG 16

**BBC í Latabæ**

Breska ríkissjónvarpið vill taka upp hjá Latabæ í Garðabæ.

MENNING 21



**Oddaleikurinn í kvöld**



KR og Grindavík spila úrslitaleik um sæti í lokaúrslitum kvennakörfunnar í DHL-Höllinni í kvöld.

ÍÞRÓTTIR 26

## VEÐRIÐ Í DAG




**SKÚRIR EÐA ÉL** Í dag verða austlægar áttir, 5-15 m/s, hvassast syðst. Skúrir eða slydduél suðvestan til, annars snjómugga. Frostlaust að deginum suðvestan til, annars 0-5 stiga frost.

VEÐUR 4

# Vilja rannsókn á starfsemi Kópavogsbrautar

**Þrír menn sem vistaðir voru sem börn og unglingar á upptökuheimilinu á Kópavogsbraut telja mikilvægt að starfsemin sem þar var viðhöfð verði rannsökuð rétt eins og á Breiðavík. Einangrun og barsmíðar hafi viðgengist.**

**FÉLAGSMÁL** „Það er ekki síður ástæða til að skoða það sem gerðist á Kópavogsbraut 9 en á Breiðavík,“ segir Jón Magnússon hljóðmaður, sem dvaldi á barnsaldri um miðjan áttunda áratuginn á upptökuheimili ríkisins á Kópavogsbraut.

Hann dvaldi í æsku á fjölda annarra upptökuheimila, svo sem á Breiðavík. Hann lýsir Kópavogsbraut sem „ómannúðlegu fangelsi“ þar sem löng einangrun og barsmíðar voru látnar viðgangast í skjóli hins opinbera þrátt fyrir að hann hafi verið á barnsaldri.

Kristján Sigurðsson, fyrrverandi forstöðumaður á upptökuheimilinu á Kópavogsbraut, segir að það sé ekki launungarmál að Kópavogsbraut 9 hafi verið fangelsi. „En ég veit ekki til þess að þar hafi liðist ómannúðlegar aðferðir. Þetta var jú fyrir þá sem voru alveg trylltir og þurfti að loka inni á meðan þeir náðu að róast og þar var tiltækt starfsfólk sem átti að reynast krökkunum vel,“ segir hann.

„Meiningin hjá Breiðavíkursamtökunum er að vinna að rannsókn þess sem átti sér stað á Kópavogsbraut og hlutum sem börnum var gert að sæta að hálfu hins opinbera,“ segir Páll Rúnar Elísson, fyrrverandi formaður Breiðavíkursamtakanna, en á því heimili dvaldi hann sem barn sem og á Kópavogsbraut.

Pétur Duffield, sem þar var vistaður frá þrettán til sextán ára aldurs, segist afar reiður yfir þeirri meðferð sem hann hafi þurft að sæta þar sem barn og vilji að starfsemin þar verði rannsökuð eins og á Breiðavík. Hann hafi aðeins mátt hitta foreldra sína tvisvar á þessum árum og þurft að sæta miklu ofbeldi. Hann hafi ávallt leynt fjölskyldu sína þeirri staðreynd að þarna hafi hann verið hafður sem barn en eftir að Breiðavíkurmálið komst í hámæli hafi hann ákveðið að „horfast í augu við fortíðina“.

„Mér þykir ekki minna vert að þessi staður verði skoðaður rétt eins og Breiðavík því þetta var barnafangelsi við borgarmörkin,“ segir Jón. Páll Rúnar tekur undir mikilvægi þess, jafnvel þótt það sé sársaukafullt. **- kdk**



**HARKA** Lögregla í Katmandú í Nepal tekur af hörku á þátttakanda í mótmælum til stuðnings Tíbetum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Enn berast fregnir af átökum mótmælenda og lögreglu í Tíbetahéruðum Kína:

# Hvatt til viðræðna við Dalai Lama

**KÍNA, AP** Fregnir bárust í gær af áframhaldandi átökum mótmælenda og lögreglu í héruðum í Kína þar sem Tíbetar eru fjölmennir. Kínverskir ríkisfjölmiðlar greindi frá því í gærkvöld að einn lögreglumaður hefði látið lífið og „nokkrir aðrir“ særst í slíkum átökum í Setsúanhéraði, sem er austan við Tíbet. Þessi tíðindi juku á efasemdir um að kínverskir ráðamenn færu með rétt mál í yfirlýsingum sínum undanfarna daga um að yfirvöld hefðu náð fullri stjórn á ástandinu. Engum erlendum fréttamönnum er hleypt á vettvang.

Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, endurnýjaði í gær hvatningu sína til Kínastjórnar að hefja viðræður við andlegan leiðtoga Tíbeta í útlegð, Dalai Lama. Það væri eina leiðin til að finna friðsamlega og varanlega lausn á málefnum Tíbeta. Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti hefur boðist til að eiga milligöngu um hvers konar slíkar viðræður milli fulltrúa Kínastjórnar og útlagastjórnar Dalai Lama. **- aa /** **sjá síðu 6 og 10**




**AUGLÝSING REWE** Þarna má sjá Gullfoss með hnappinn. Það má greinilega virkja hann í auglýsingaskyni.

Auglýsingaherferð REWE:

# Virkja Gullfoss í auglýsingu

**FJÖLMIÐLAR „Ég trúi ekki öðru en þetta sé einhver klaufaskapur, alla vega fara ekki Þjóðverjar að kaupa raforku frá Íslandi jafnvel þó virkjað væri við Gullfoss,“ segir Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, um auglýsingaherferð REWE Group, sem er eitt af stærstu verslunarfyrirtækjum Evrópu.**

**Í herferðinni er lögð áhersla á að öll fyrirtækin sem undir því heyra noti héðan í frá aðeins vistvæna orku. Í auglýsingunni er mynd af Gullfossi en við hlið hans er hnappur líkt og hægt sé að kveikja og slökkva á orkunni frá honum.**

**Eins og kunnugt er voru hugmyndir uppi um að virkja Gullfoss snemma á síðustu öld en hann var síðan friðlýstur árið 1979. - jse**

Mugison á faraldsfæti:

# Hitar upp fyrir Queens of the Stone Age

**TÓNLIST** Mugison mun hita upp fyrir bandarísku rokksveitina Queens of the Stone Age á ferðalagi hennar um Kanada í maí. Þetta staðfesti hann í samtali við Fréttablaðið.

Mugison mun halda út ásamt hljómsveit sinni en forsprakki sveitarinnar, Josh Homme, vildi ólmur fá íslenska tónlistarmanninn til sín eftir að hafa hlustað á diskinn Mugiboogie. „Ég hefði ekki getað hugsað mér betri hljómsveit til að hita upp fyrir en þá,“ segir Mugison. **- fgg/** **sjá síðu 30**









## SPURNING DAGSINS



*Sigurbjörn, er Kjósin komin á kúpuna?*

„Nei ekki í þeim skilningi. Það blómstrar allt hér.“

Sigurbjörn Hjaltason er oddviti hreppsnefndarinnar í Kjós. Þar fannst hauskúpa á sunnudag, en ekki er vitað af hverjum hún er.

Miðlunarviðræður um sættir milli Fatah- og Hamas-hreyfinga Palestínumanna:

# Ekkert samkomulag í Jemen

**VESTURBAKKINN, AP** Nýjasta tilraunin til að sætta andstæðar fylkingar Palestínumanna rann út í sandinn í gær, er talsmenn Fatah-hreyfingarinnar og Hamas-samtakanna komu fram með nýjar gagnkvæmar ásakanir.

Erfitt hefur verið að átta sig á gangi mála í sáttaviðræðum sem stjórnvöld í Jemen hafa staðið fyrir nú yfir páskana. Þær eru áminning um að Mahmoud Abbas, forseti palestínsku heimastjórnarinnar, stýrir ekki mjög þéttu skipi; erindreki hans í Jemen undirritaði á sunnudag sáttayfirlýsingu með fulltrúum Hamas án þess að ráðfæra sig fyrst við yfirmann sinn.

Talsmenn Ísraelsstjórnar segjast ekki taka viðræðurnar í Jemen mjög alvarlega. Þeir lýstu því hins vegar yfir að ef Abbas gerði nýtt samkomulag við Hamas-liða um að deila með þeim völdum myndu Ísraelar tafarlaust slíta þeim friðarviðræðum sem annars hafa verið áformaðar.

Talsmenn Bandaríkjastjórnar og fleiri aðila alþjóðasamfélagsins sem komið hafa að friðarumleitunum við botn Miðjarðarhafs segja að Hamas-hreyfingin verði áfram útlæg nema hún breyti um stefnu, viðurkenni tilverurétt Ísraels og hafni ofbeldi. - aa



**SÁTTATILRAUN** Ali Abdullah Saleh Jemenforseti, í miðju, ásamt Azzam al-Ahmed frá Fatah, t.h., og Moussa Abu Marzouk frá Hamas í Sanaa á sunnudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Skíðaslys í Bláfjöllum:

## Drengur varð fyrir vélsleða

**SLYS** Fjórtán ára gamall drengur slasaðist mikið þegar hann varð fyrir vélsleða í Kóngsgili í Bláfjöllum að morgni páskadags. Slysið varð þegar starfsmaður skíðasvæðisins missti stjórn á vélsleða sem hann var á og kastaði sér af honum. Sleðinn rann þá á drenginn, sem var á snjóbretti í brekkunni, á talsverðum hraða.

Drengurinn var fluttur á slysadeild Landspítalans í Fossvogi. Hann margbrotnaði á vinstri fæti, auk þess sem hann viðbeinsbrotnaði og hlaut einhverja höfuðáverka í slysinu. Hann er á batavegi. - þeb

## Ökumaður vélhjóls lést í slysi

23 ára karlmaður, Ólafur Símon Aðalsteinsson, lést í vélhjólaslysi á Kringlumýrarbraut á föstudagskvöld. Ólafur var fæddur 17. ágúst 1984 og var til heimilis að Hátúni 6 á Álftanesi. Hann lætur eftir sig unnustu og þriggja ára son frá fyrra sambandi.



**ÓLAFUR SÍMON AÐALSTEINSSON**

Tildrög slyssins eru ekki að fullu kunn en af framburði vitna og ummerkjum á vettvangi að dæma virðist sem ökumaðurinn hafi ekið á of miklum hraða og misst stjórn á hjólinu. Að sögn lögreglu er ekkert sem bendir til þess að nokkur annar en ökumaðurinn hafi átt sök á slysinu. - sh

# Pissusektum fækkar

**Sektum fyrir brot á lögreglusamþykkt Reykjavíkur fjölgaði mikið í átaki lögreglunnar síðasta haust. Þeim hefur nú fækkað og eru álíka margar og fyrir ári.**

**LÖGREGLUMÁL** Brotið var 664 sinnum gegn lögreglusamþykkt Reykjavíkur á síðasta ári. Þar af voru 190 brot framin í september þegar sérstakt átak lögreglu var í gangi. Síðan þá hefur dregið jafnt og þétt úr brotum og í febrúar síðastliðnum voru brotin 18 talsins.

Meðal brota gegn lögreglusamþykkt Reykjavíkur er að kasta af sér vatni á almannafæri. Miklar umræður spunnust á síðasta ári um sektir lögreglu vegna slíkra mála og náði umræðan hámarki um svipað leyti og fjöldi brota var hvað mestur.

„Við breyttum vinnufyrirkomulagi hjá okkur,“ segir Árni Þór Sigmundsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. „Við gerðum breytingar á skýrslugerðinni hjá okkur svo hún varð skilvirkari og fljótlegri þannig að við þurftum ekki að verja eins miklum tíma í hvert mál.“

Spurður hversu margir lögreglumenn séu á vakt í miðborginni hverju sinni segir Árni Þór það vera svolítið mismunandi eftir mánuðum. Að meðaltali hafi tólf til fimmtán lögreglumenn verið á vakt hverju sinni. „Það fer eftir því hve mikið er um að vera og hvort við teljum miklar líkur á að einhver erill verði.“

Þá segir hann eðli málsins samkvæmt fleiri lögreglumenn á vakt á sumrin. „Þá er meiri mannsafnaður og við bætum heldur við á vaktir. Svo höfum við stýrt þessu eftir því hvort eru hátíðisdagar eða annað slíkt.“

Árni Þór segir þessar meðaltalstölur einnig ná yfir átak lögreglunnar í september síðastliðnum. „Þetta er eingöngu mannskapur sem bundinn er við miðborgarsvæðið,“ segir Árni Þór. Lögreglumenn í bílum í námunda við miðborgina grípi inn í ef þörf er á. Þá séu eftirlitsmyndavélar í fjarskiptamiðstöðinni þar sem stýra megi hvert lögreglumenn fari hverju sinni. „Þeir geta beint liðinu þangað sem það þarf að fara.“

Hann segir lögreglumönnum í miðborginni hvorki hafa fækkað né fjölgað á síðastliðnu ári. Reyndar hafi sérsveit Ríkislögreglustjóra komið að ákveðnum hluta mála í átakinu. „Við fylgjumst með, metum þörfina og breytum um áherslur milli vikna eða mánaða eftir því sem þörf er á.“ olav@frettabladid.is



**LÖGREGLAN AÐ STÖRFUM Í REYKJAVÍK** Tólf til fimmtán lögreglumenn eru að meðaltali á vakt í miðborg Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

**FJÖLDI BROTA GEGN LÖREGLUSAMÞYKKT**






**FRÁ SLYSSTAÐ** Kona liggur þungt haldin eftir bílveltu á Reykjanesbraut í fyrrinótt. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Bílvelta á Reykjanesbraut:

## Í öndunarvél eftir bílveltu

**SLYS Kona liggur alvarlega slösuð í öndunarvél á gjörgæslu eftir bílveltu á Reykjanesbraut skömmu eftir miðnætti í fyrrinótt. Fjórir aðrir sem voru í bílnum voru sendir með sjúkrabíl á Landspítalann við Fossvog.**

**Slysið varð skammt vestan við Vogaveg og að sögn lögreglunnar á Suðurnesjum er talið að ökumaðurinn hafi talið sig vera á tvöföldum vegarkafla en brugðið þegar bíll kom úr gagnstæðri átt og þá rykkt í stýrið með fyrrgreindum afleiðingum.** - jse

Bandaríkjamenn í Írak:

## Yfir 4.000 hermenn fallnir

**BANDARÍKIN, AP** Talsmenn Hvíta hússins sögðu í gær að það væri „svört stund“ er fregnir bárust frá Írak af því að mannfallið í röðum bandarískra hermanna þar frá því að innrásin hófst fyrir fimm árum er komið yfir 4.000 manns.

George W. Bush Bandaríkjaforseti fékk í gær ítarlega uppfærslu á stöðu mála í Írak, á myndsímaráðstefnu með yfirmanni Bandaríkjahers í Írak og bandaríska sendiherranum í Bagdad. Aðstoðarmenn forsetans sögðu líklegt að Bush myndi gera að sínum tillögur um að hægt yrði á fækkun í herliðinu í Írak.

Tölur um mannfall í röðum óbreyttra borgara í Írak eru mjög á reiki, ólíkt talningunni á föllnum hermönnum. - aa

Kínverskur mannréttindasinni:

## Í fangelsi fyrir undirskriftir

**PEKING, AP** Kínverjinn Yang Chunlin, sem gekkst fyrir undirskriftasöfnun til stuðnings bréfi til Kínastjórnar sem bar yfirskriftina „Við viljum mannréttindi, ekki Ólympíuleikana“, var í gær dæmdur í fimm ára fangelsi fyrir tiltækið.

Að sögn lögmanns hans var Yang þar að auki stuðaður með raflostsbyssu er til stympinga kom milli aðstandenda hans og lögreglu eftir dómsuppkvaðninguna.

Fyrir að safna yfir 10.000 undirskriftum var Yang dæmdur fyrir að grafa undan ríkisvaldinu, en þeirri ákæru beita yfirvöld gjarnan gegn andófsmönnum. - aa




Brot úr höfuðkúpu finnst í sumarbústaðahverfi:

# Höfuðkúpa sem húsbúnaður

**LÖGREGLUMÁL** Brot úr höfuðkúpu og önnur mannabein fundust um kvöldmatarleytið á páskadag í jaðri sumarbústaðahverfis skammt frá Meðalfellsvatni í Kjósarhreppi. „Það var maður á fjórhjóli sem keyrði fram á þetta,“ segir Sigurbjörn Hjaltason, oddviti í hreppsnefnd Kjósarhrepps.

Í gær hafði síðan kona nokkur samband við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu og sagði brotið hafa verið hluta af húsbúnaði í hjólhýsi sem hún hélt til í á svæðinu en það brotnaði í spón í óveðri sem geisaði um síðustu áramót og hafa þá innanstokksmunir feykst um svæðið.

Að sögn rannsóknardeildar lögreglunnar benda fyrstu athuganir til að beinin séu um tuttugu til þrjátíu ára gömul og er líklegt talið að það sé úr ungri konu eða barni. Í máli konunnar kom einnig fram að hún teldi þau vera fengin frá útlöndum.

Að sögn lögreglunnar verður rannsókn haldið áfram en ekki er víst hvenær frekari niðurstöður liggja fyrir.

„Hérna í gamla daga var til hauskúpa á mörgum bæjum og ég man að við krakkarnir vorum stundum sendir í Saurbæjarkirkjugarð til að tína þetta úr sjávarbakkanum þannig að þetta er ekkert nýtt fyrir mér,“ segir oddvitinn. - jse



**HAUSKÚPA** Svo virðist sem höfuðkúpubrotið sem fannst í Kjósarhreppi hafi verið notað sem húsbúnaður í hólhýsi sem var þar í sumarbústaðahverfi en splundraðist í óveðri um síðustu áramót.


L200 TORNADO
Þessi kraftmikla sérútgáfa af L200 er aðeins fáanleg í takmarkaðan tíma. Tryggðu þér eintak af þessum glæsilega og örugga pallbíl á ótrúlegu verði.
★★★★ Öruggasti pallbíllinn skv. EURO NCAP
Hiti í sætum
Loftkæling
Aflmeiri vél
Heitklæðning í pall
Upphitaðir hliðarspeglar
Val um lok, hús eða krómboga*
32" dekk
Dráttarbeisli
Stöðug-leikastýring
Super Select 4x4
Spólvörn
Fiton/SÍA
Yfirburðir L200 eru ótvíræðir
Hann ber meira á palli en aðrir, minnsti beygjuradíus í sínum flokki, mesta fótaplássið, öruggasti pallbíllinn skv. Euro NCAP, 167 hestöfl, dregur 2.700 kg, fæst með 33", 35" og 38" breytingum, Super Select® 4x4 fjölvalsdrif, spólvörn og hiti í sætum og speglum.
MITSUBISHI MOTORS
HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi
HEKLA

## GENGIÐ 19.03.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 77,65 | 78,03 |
| Sterlingspund | 155,36 | 156,12 |
| Evra | 122,17 | 122,85 |
| Dönsk króna | 16,377 | 16,473 |
| Norsk króna | 15,182 | 15,272 |
| Sænsk króna | 12,946 | 13,022 |
| Japanskt jen | 0,7863 | 0,7909 |
| SDR | 127,62 | 128,38 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
157,5528

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Umferðaröryggi á framkvæmdasvæðinu við Reykjanesbraut:

# Merkt eins vel og kostur er

**FRAMKVÆMDIR** Að sögn lögreglunnar á Suðurnesjum hafa allnokkur bílslys átt sér stað með stuttu millibili við framkvæmdasvæðið við Reykjanesbraut vegna tvöföldunar hennar. Í fyrrinótt velti ökumaður bíl sínum en líklegast taldi hann sig vera á tvöföldum vegarhelmingi en brá í brún þegar hann mætti öðrum bíl á sama vegarhelmingi og hann sjálfur ók á.

„Við höfðum miklar áhyggjur af þessu þegar við tókum við merkingunum af verktakafyrirtækinu Jarðvélum sem var með framkvæmdir á svæðinu þar til loka síðasta árs,“ segir G. Pétur Matthíasson, upplýsingafulltrúi Vegagerðarinnar. „Við höfum því merkt þetta eins vel og kostur er. Til dæmis settum við nýlega upp tvístefnuskilti við þriðja hvern ljósastaur svo öllum ætti að vera óhætt ef menn fylgja merkingunum.“

Verkið hefur nú verið boðið út að nýju eftir að Jarðvélar féllu frá framkvæmdunum og er skilafrestur til 8. apríl. Ráðgert er að útboðskaflinn verði opinn fyrir almenna umferð 16. október í haust en að verkinu verði að fullu lokið fyrir 1. júní á næsta ári. Upphaflega var gert ráð fyrir því að verklok yrðu í júlí í sumar. - jse



**REYKJANESBRAUT** Tvöföldun Reykjanesbrautar hefur tafist um ár frá því sem áætlað var upphaflega.

Ráðist á söngvara ballsveitar:

# Skarst illa á hálsi á dansleik

**LÖGREGLUMÁL Söngvari hljómsveitarinnar Dalton skarst illa á hálsi eftir dansleik á Höfn á Hornafirði aðfaranótt laugardags. Hann var fluttur mikið slasaður með sjúkraflugi til Reykjavíkur. Saumuð voru fimmtíu spor í háls hans og hafði hann þá misst tvo lítra af blóði.**

**Málið er í rannsókn hjá lögreglunni á Höfn. Til átaka kom eftir dansleikinn og talið er að ráðist hafi verið aftan að söngvaranum með glasi eða glerflösku þegar hann reyndi að skakka leikinn.**

**Að því er vísir.is greinir frá steig söngvarinn aftur á svið í Neskaupstað kvöldið eftir.** - sh



**DREGINN ÚR SJÓ** Draga þurfti bílinn upp úr sjónum með kranabíl. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Óvenjuleg bílferð á Ísafirði:

# Endaði úti í sjó

**LÖGREGLA Það fór betur en á horfðist á Ísafirði um helgina þegar ökumaður jeppabifreiðar missti stjórn á bíl sínum og ók fram af grjótkanti og hafnaði í sjónum.**

**Fjöldi fólks varð vitni að atvikinu og bílstjórinn og þrír farþegar komust út um glugga jeppans áður en hann sökk alveg. Þau eru ómeidd en þeim var vissulega brugðið.**

**Málið er í rannsókn.** - mmr

Eldur lagður að þremur bílum:

# Skoteldur eyðilagði dýran bíl

**LÖGREGLUMÁL** Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins slökkti í fyrrinótt eld í þremur bílum í vesturbæ Reykjavíkur og í Hafnarfirði. Talið er að kveikt hafi verið í öllum bílunum, en ekki liggur fyrir hvort sami vargur var á ferð í öll skiptin. Enginn hefur verið handtekinn.

Einn bílanna var jeppi af dýrara tagi, af gerðinni Porsche Cheyenne. Brennuvargurinn setti skoteld inn í bílinn og kveikti í. Bíllinn skemmdist mikið. Hinir bílarnir eru ónýtir.

Þá var slökktur eldur sem logaði í drasli við Mýrargötu í Reykjavík. - sh

# Færri stæði en fleiri samgöngumöguleikar

**Unnið er að gerð samgönguáætlunar hjá Umhverfis- og samgöngusviði borgarinnar. Áætlunin nýtist fyrirtækjum sem vilja bjóða starfsfólki upp á fleiri möguleika til að komast til og frá vinnu en fækka bílastæðum um leið.**

**SAMGÖNGUMÁL** Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra segir vinnu við gerð sérstakrar samgöngustefnu, vegna fyrirhugaðrar uppbyggingu nýs spítala við Hringbraut, þegar langt á veg komna. Unnið sé í samvinnu við samgöngu- og umhverfisráð Reykjavíkurborgar en þar hefur átt sér stað mikil vinna við mótun samgöngustefna fyrir fyrirtæki í borginni sem byggir á því að starfsfólki sé gefinn kostur á margvíslegum samgönguleiðum með það að markmiði að draga úr bílaumferð.

Gísli Marteinn Baldursson, formaður samgöngu- og umhverfisráðs, segir að hugmyndirnar séu mótaðar út frá stefnum sem fyrirtækjum er gert að fara eftir erlendis. „Við ætlum þó ekki að skylda fyrirtæki í borginni til að fara eftir þeim hugmyndum sem lagðar verða fram þegar samgöngustefnan er fullmótuð, en það sem þau fá út úr því að fara eftir þeim er að þau leggja sín lóð á vogarskálarnar til umhverfismála, auk þess sem þau geta sparað mikið á slíku fyrirkomulagi,“ segir Gísli. Hann bendir jafnframt á að almennt sé gengið út frá því að hvert bílastæði sem sé neðanjarðar kosti um eina milljón króna. Það gefi því augaleið að mikla fjármuni sé hægt að spara með því að bjóða starfsmönnum upp á aðra möguleika til að komast til og frá vinnu. Það eigi sérstaklega við þegar fyrirtæki eru á jafn verðmætum lóðum og nýi Landspítalinn mun standa á.

Hugmyndirnar eru meðal annars þær að starfsmönnum verði gefinn kostur á að leggja ákveðið oft í stæði sem annars eru gjaldskyld, almenningssamgöngur verði niðurgreiddar eða ókeypis, síðan gætu fyrirtæki átt hjól eða bíla, sem jafnvel væru knúnir með rafmagni eða metani, sem starfsfólk gæti notað til að skjótast til og frá vinnu. „Ein helsta ástæðan fyrir því að fólk kýs frekar að fara á bíl í vinnuna, þótt hann standi svo meira og minna ónotaður úti á plani, er jú sú að fólki finnst gott að hafa hann til taks ef það þyrfti að skjótast úr vinnu, svo sem ef veikindi koma upp hjá barni þess eða það þarf að útrétta yfir daginn. Ef það getur fengið farartæki í vinnunni til að sinna slíku eru betri forsendur til að nota aðrar samgönguleiðir en einkabíl,“ segir Gísli.

Nánari útfærslu á samgöngustefnunni er að vænta á næstunni og sérstakrar stefnu fyrir starfsfólk Landspítalans er að vænta á vordögum. karen@frettabladid.is



**SÉRSTÖK SAMGÖNGUSTEFNA AÐ VERÐA TIL** Samgöngustefna fyrir Landspítalann verður til á vordögum. Unnið er út frá hugmyndafræði sem er nær fullmótuð innan borgarráðs.



**GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON**



**GÍSLI MARTEINN BALDURSSON**

> Þau leggja sitt lóð á vogarskálarnar til umhverfismála auk þess sem þau geta sparað mikið á slíku fyrirkomulagi.
>
> **GÍSLI MARTEINN BALDURSSON**



**NÝGIFT** Cecilia og nýi eiginmaðurinn, auðjöfurinn Richard Attias. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fyrrverandi forsetafrú:

# Cecilia giftist í þriðja sinn

**NEW YORK, AP** Cecilia, fyrrverandi eiginkona Nicolas Sarkozy Frakklandsforseta, er enn á ný orðin gift kona. Þetta er þriðja hjónaband hinnar fimmtugu Ceciliu en hún var gift Sarkozy í ellefu ár. Hann gekk að eiga fyrrverandi fyrirsætuna Cörlu Bruni í síðasta mánuði.

Brúðkaup Ceciliu fór fram á sunnudag í Rockefeller Center í New York þar sem hún gekk að eiga marokkósk-bandaríska auðmanninn Richard Attias.

Í veislunni voru hundrað og fimmtíu gestir og stóð hún yfir í þrjá daga. - mmr

Gagnaveita Skagafjarðar:

# Stoðum rennt undir einokun

**FJARSKIPTI Stjórn Gagnaveitu Skagafjarðar mótmælir harðlega þeirri ákvörðun stjórnar Fjarskiptasjóðs að skilyrði í útboði á háhraðatengingu í dreifbýli að tilboðsgjafinn sé skylt að bjóða í allt landið eða ekkert.**

**„Með þessu skilyrði er líklegt að aðeins Síminn hafi burði til að bjóða í verkið,“ segir Gunnar Bragi Sveinsson, stjórnarformaður Gagnaveitu Skagafjarðar. „Við höfðum hug á að koma á tengingum á afskekktari svæðum hér en þessi kalda vatnsgusa gerir okkur það ókleift. Það eru hreinar línur að með þessu er stoðum rennt undir einokun á fjarskiptamarkaði og komið í veg fyrir alla samkeppni,“ bætir hann við.** - jse

HEIMSENDINGARAPÓTEKIÐ

LYFJAVER APÓTEK

Lægsta verð í ASÍ könnunum síðan 2005

Eina apótekið á Íslandi með Apostore 3000 róbóta:

Fljótari afgreiðsla
Meira vöruúrval
Meira öryggi
Lægra verð

SUÐURLANDSBRAUT 22
SÍMI: 533 6100 • BRÉFSÍMI: 533 6102
NETFANG: LYFJAVER@LYFJAVER.IS
WWW.LYFJAVER.IS

HUGTÖK FEB 08

## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**VÍÐA EINHVER ÚRKOMA**
Það hanga úrkomubakkar yfir landinu í dag og næstu daga og má því búast við úrkomu á víð og dreif. Úrkoman verður víðast hvar á hvítu formi en þó eru horfur á að sunnan og vestan til verði úrkoman skúrir eða slydduél. Strekkingur er í kortunum næstu daga.



**Á MORGUN** 8-15 m/s, hvassast s- og v- til.

**FIMMTUDAGUR** 8-15 m/s, hvassast syðst.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 4° |
| Billund | 4° |
| Ósló | 0° |
| Stokkhólmur | 2° |
| Gautaborg | 3° |
| London | 8° |
| París | 6° |
| Frankfurt | 5° |
| Friedrichshafen | 0° |
| Berlín | 5° |
| Alicante | 22° |
| Mallorca | 17° |
| Basel | 3° |
| Eindhoven | 5° |
| Las Palmas | 22° |
| New York | 9° |
| Orlando | 20° |
| San Francisco | 16° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Hefur gæðin

ÞÉR ER BOÐIÐ Í REYNSLUAKSTUR

# 24 TÍMAR | 24 ÁSTÆÐUR

SANTA FE Í HEILAN SÓLARHRING ÁN SKULDBINDINGA

## ENGINN FER TÓMHENTUR

- Óvæntur glaðningur bíður allra þeirra sem reynsluaka Santa Fe.
- Allir sem reynsluaka Santa Fe í 24 tíma fara í sérstakan pott og á hverjum föstudegi verður einn heppinn dreginn út og fær í sinn hlut **50.000** kr. gjafakort í Smáralind.

BANDALAG ÍSLENSKRA BÍLABLAÐAMANNA
BÍLL ÁRSINS 2007




## Hringdu núna í síma 575 1200 eða skráðu þig á www.reynsluakstur.is

Þeir sem þekkja Santa Fe af eigin raun vita hversu góður bíll er hér á ferð. Þrátt fyrir að hann hafi verið valinn jepplingur ársins 2007 á Íslandi, eru ennþá einhverjir sem efast um að Hyundai geti átt bíla í fremstu röð. Við trúum að 24 tímar undir stýri á Santa Fe sé allt sem þurfi til að sannfæra þig um hið gagnstæða. Sölumenn okkar eru búnir að taka saman 24 ástæður fyrir því að Hyundai Santa Fe eru frábær jepplingakaup en við viljum helst að þú prófir hann fyrst. Hringdu núna!

B&L
Með bílinn handa þér

HYUNDAI www.hyundai.is

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444 | Selfoss 575 1460 | Akranes 431 2622 | Akureyri 461 2533 | Egilsstaðir 471 2524

**KJÖRKASSINN**



*Telur þú að lífsgæði þín muni versna á næstu mánuðum?*

| | |
|---|---|
| Já | 71% |
| Nei | 29% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Vilt þú mislæg gatnamót á mótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar?*

Segðu skoðun þína á visir.is. **vísir**

Landvernd kveður Bláskógabyggð krefjast allt of dýrrar framkvæmdar:

# Telur Gjábakkaveg óþarfan

**UMHVERFISMÁL** Þörfin fyrir nýjan Gjábakkaveg í Bláskógabyggð er á köflum vandfundin, segir í nýlegri greinargerð Landverndar. Þegar grannt sé skoðað virðist hún nauðalítil. Miðað við kostnað í peningum og fyrir umhverfið sé verra að leggja nýjan veg en að gera ekki neitt.

Í greinargerðinni segir að þessi heilsársvegur, sem Vegagerðin hefur áformað að leggja milli Laugarvatns og Þingvallavatns, norðan Lyngdalsheiðar, sé líklegur til að valda verulegri mengunarhættu í Þingvallavatni og á mögulegu vatnstökusvæði höfuðborgarsvæðisins.



**VETRARRÍKI ÞINGVALLA** Fyrirhugaðar framkvæmdir Vegagerðarinnar stofna lífríki vatnsins í hættu og stórspilla landslaginu, segir í greinargerð sem Landvernd hefur birt á heimasíðu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Einnig myndi hann raska landslagi í Þingvallasveit og ógna stöðu þjóðgarðsins á heimsminjaskrá UNESCO, að mati Landverndar.

Röksemdir um að skólabörn, sem telja megi á fingrum annarrar handar, þurfi betri veg undir skólabíl, réttlæti ekki mikla, dýra og umhverfisspillandi vegagerð.

Mun styttra er fyrir börnin að fara í skóla í Mosfellsbæ, segir Landvernd. Komi hér illa fram „átthagafjötrar“ sem geri börnum skylt að sækja skóla í sínu sveitarfélagi.

Landvernd telur þó nauðsynlegt að bæta núverandi veg. Slíkar úrbætur eigi að vera tiltölulega ódýrar. **- kóþ**

Einn á slysadeild eftir árekstur:

# Ölvaður ökumaður olli slysi

**LÖGREGLUMÁL** Einn var fluttur á slysadeild eftir árekstur jeppa og fólksbíls á gatnamótum Bústaðavegar og Kringlumýrarbrautar á áttunda tímanum í gærmorgun. Kalla þurfti til tækjabíl slökkviliðs til að klippa ökumann fólksbílsins út. Hann reyndist þó ekki jafnalvarlega slasaður og óttast var í fyrstu og var hann útskrifaður af spítala í gær.

Ökumaður jeppans var færður til yfirheyrslu á lögreglustöð, grunaður um ölvun við akstur. Báðir bílarnir eru óökufærir eftir slysið og þurfti að fjarlægja þá með kranabíl. **- sh**


**SIEMENS**

**Þvottavél**
frá Siemens,
sem lætur
blettina hverfa.



Þetta er vél sem hefur algera sérstöðu. Fjórtán **blettakerfi** fyrir ólíka bletti, t.d. vínbletti, blóðbletti og grasgrænku. Tromlan er óvenjustór, tekur 65 l og hægt er að þvo í henni allt að **8 kg.** Innra byrði tromlunnar er með droplaga mynstri sem fer sérlega vel með þvottinn. Vélin er mjög snör í snúningum: **15 mín. hraðkerfi** og **60 mín. kraftþvottakerfi** fyrir meðalóhreinan þvott. **Snertihnappar.** Stór og öflugur skjár. Vélin hefur mjög góða hljóðeinangrun og er í orkuflokki **A+.**

**SMITH & NORLAND**
Nóatúni 4 • Sími 520 3000
www.sminor.is

ATARNA – KMI / FIT


# Tíbetmótmæli trufla tendrun ólympíuelds

**Hátíðleg tendrun ólympíueldsins í Ólympíu hinni fornu var í gær trufluð af mótmælendum sem gagnrýna framgöngu kínverskra yfirvalda í Tíbet. Mótmæli eru boðuð víðar á leið eldsins til Peking, þar sem setja á leikana í ágúst.**

**GRIKKLAND, AP** Mótmælendur sem styðja málstað Tíbeta hétu því í gær að efna til mótmæla víða á þeirri leið sem hlaupið verður um með ólympíueldinn sem síðan á að loga á Ólympíuleikunum í Peking í ágúst. Þegar eldurinn var tendraður í Ólympíu hinni fornu í gærmorgun trufluðu þrír mótmælendur athöfnina með því að breiða út borða og hrópa slagorð á borð við „frjálst Tíbet“ og „skömm sé Kína“.

Bein útsending kínverska sjónvarpsins frá athöfninni var rofin til að hindra að áhorfendur í Kína sæju mótmælin.

Mótmælendurnir þrír eru meðlimir frönsku samtakanna Fréttamenn án landamæra. Þeir voru handteknir af grísku lögreglunni og eiga yfir höfði sér ákæru fyrir óviðurkvæmilega hegðun á opinberri athöfn.

Í beinu framhaldi af mótmælum Frakkanna trufluðu meðlimir samtaka útlægra Tíbeta hlaupið með ólympíueldinn um götur Ólympíu.

Með mótmælunum vilja þátttakendurnir koma kínverskum yfirvöldum í bobba og vekja alþjóðlega athygli á harkalegri niðurbælingu þeirra á mótmælum Tíbeta gegn kínverskum yfirráðum í Tíbet.

„Við munum seinna efna til mótmæla í London og París,“ sagði Tenzin Dorjee, fulltrúi samtakanna Námsmenn fyrir frjálst Tíbet. Hann útilokaði ekki að til frekari mótmæla myndi koma á leið ólympíukyndilsins um Grikkland.





**MÓTMÆLI** Grísk lögregla handsamar einn mótmælenda við athöfnina í Ólympíu hinni fornu í gær. Á borðanum eru ólympíuhringirnir sýndir í formi handjárna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Þetta er skammarlegt,“ sagði Lampis Nikolaou, stjórnarmaður í grísku ólympíunefndinni. „Ég er æfur út í þetta fólk ... sem getur ekki virt helgi þessa staðar. Hverju sem það hefur út á kínversk stjórnvöld að setja ætti það að koma á framfæri í heimalöndum sínum,“ sagði hann.

„Ef ólympíueldurinn er helgur, þá eru mannréttindi það enn frekar,“ sagði í yfirlýsingu frá Fréttamönnum án landamæra. „Við getum ekki látið Kínastjórn taka sér í hönd ólympíueldinn, tákn friðar, án þess að fordæma hina háalvarlegu stöðu mannréttindamála í landinu,“ segir enn fremur í yfirlýsingunni.

Friðsamleg mótmæli Tíbeta gegn kínverskum yfirráðum hófust 10. mars, er rétt 49 ár voru frá misheppnaðri blóðugri uppreisn gegn þeim. Mótmælin breyttust síðan í harkalegar óeirðir. Samkvæmt opinberum upplýsingum kínverskra yfirvalda hafa 22 manns látið lífið í þeim, en samkvæmt heimildum útlagastjórnar Tíbeta, sem Dalai Lama fer fyrir, liggja minnst 99 manns í valnum.

**audunn@frettabladid.is**






**Glerfínar gluggafilmur**
– aukin vellíðan á vinnustað



**Rekstrarvörur**
- vinna með þér
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

TUNGLIÐ RV6209


Þrír Pólverjar og Litháí í þriggja vikna varðhald vegna hrottalegrar árásar:

# Átta ofbeldismanna enn leitað

**LÖGREGLUMÁL** Lögregla leitar enn átta manna sem réðust inn í íbúð við Keilufell í Breiðholti á laugardag og gengu í skrokk á hópi Pólverja. Þrír Pólverjar og einn Litháí hafa verið úrskurðaðir í þriggja vikna gæsluvarðhald vegna árásarinnar.

Árásarmennirnir beittu öxi, kylfum, rörum og hömrum þegar þeir gengu í skrokk á öllum íbúum hússins og brutu innanstokksmuni. Sjö menn, allir pólskir, leituðu sér aðhlynningar á slysadeild. Einn hlaut alvarlega höfuðáverka og liggur enn á spítala. Tveir handleggsbrotnuðu.

Lögregla stöðvaði skömmu síðar bíl á Reykjanesbraut. Í honum voru fjórir menn, þrír Pólverjar og einn Litháí, og voru þeir allir handteknir og síðan úrskurðaðir í gæsluvarðhald. Að sögn lögreglu hafa þeir verið afar ósamvinnuþýðir og ekki viljað segja frá samverkamönnum sínum. Lögregla veit því ekki hverjir aðrir voru að verki. Enginn fjórmenninganna hefur játað og tveir hafa áfrýjað gæsluvarðhaldsúrskurðinum. Þeir eru allir búsettir í Reykjanesbæ.



**KEILUFELL Í BREIÐHOLTI** Sjö leituðu sér aðstoðar á slysadeild eftir að átta menn gengu í skrokk á hópi Pólverja á laugardag. Átta er leitað vegna árásarinnar.

Ekki hefur verið upplýst hvað mönnunum gekk til með árásinni en í fréttum sjónvarps á sunnudag var haft eftir fórnarlömbum árásarinnar að pólskar glæpaklíkur herjuðu á aðra Pólverja sem búsettir eru hérlendis og kúguðu þá. **- sh**

# SUMIR NOTAÐIR BÍLAR ERU EINFALDLEGA Á BETRA VERÐI EN AÐRIR

## Núna bjóðum við 12 betri notaða bíla á sannkölluðum úrvalskjörum



**Lexus RX350 EXE**
3500 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 06.07 Ekinn: 5.000 km
Verð: 6.290.000 kr. Skr.nr. MD-240



**Toyota RAV4**
2000 Dísel 5 gíra
Á götuna: 12.04 Ekinn: 96.000 km
Verð: 2.150.000 kr. Skr.nr. YV-079



**Toyota Prius Hybrid**
1500 Bensín/rafmagn sjálfsk.
Á götuna: 04.07 Ekinn: 11.000 km
Verð: 2.750.000 kr. Skr.nr. MN-233



**Toyota RAV4**
2000 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 12.04 Ekinn: 56.000 km
Verð: 2.350.000 kr. Skr.nr. TP-849



**Toyota Corolla W/G**
1400 Bensín 5 gíra
Á götuna: 07.06 Ekinn: 32.000 km
Verð: 1.690.000 kr. Skr.nr. UJ-916



**Mercedes Benz ML 320 CDI New**
3000 Dísel sjálfsk.
Á götuna: 03.07 Ekinn: 20.000 km
Verð: 6.800.000 kr. Skr.nr. YO-313



**Toyota Land Cruiser 120 LX**
35" breyttur og dráttarbeisli
3000 Dísel sjálfsk.
Á götuna: 09.05 Ekinn: 72.000 km
Verð: 4.850.000 kr. Skr.nr. DD-264



**Toyota Land Cruiser 100**
4200 Dísel sjálfsk.
Á götuna: 07.03 Ekinn: 150.000 km
Verð: 5.600.000 kr. Skr.nr. VU-317



**Toyota Land Cruiser 120 VX**
3000 Dísel sjálfsk.
Á götuna: 11.04 Ekinn: 61.000 km
Verð: 4.590.000 kr. Skr.nr. AP-700



**Toyota RAV4 GX**
2000 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 11.06 Ekinn: 18.000 km
Verð: 3.280.000 kr. Skr.nr. UV-188



**Toyota Land Cruiser 120 VX TRC**
33" breyttur, dráttarbeisli, filmur, kastarar og aukasæti
3000 Dísel sjálfsk.
Á götuna: 09.03 Ekinn: 118.000 km
Verð: 4.390.000 kr. Skr.nr. PK-743



**Toyota Land Cruiser 120 GX**
3000 Dísel sjálfsk.
Á götuna: 07.03 Ekinn: 128.000 km
Verð: 3.750.000 kr. Skr.nr. DD-429

BNB-sölugreining
Bílarnir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

BETRI **NOTAÐIR** BÍLAR **TOYOTA**

ÚRVALSBÍLL GÆÐABÍLL

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

ÍSLENSKA SIA.IS TOY 41663 03.2008

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
flugfelag.is

Netið

Þú færð alltaf hagstæðasta verðið á **www.flugfelag.is**

Rétt níu ár eru liðin frá því að loftárásir NATO hófust á Serbíu:

# Leggja til skiptingu Kosovo

**SERBÍA, AP** Réttum níu árum eftir að loftárásir NATO á Serbíu hófust, í því augnamiði að stöðva herför Serbíuhers gegn Kosovo-Albönum, hafa stjórnvöld í Belgrad lagt til að þau svæði Kosovo þar sem Serbar eru enn í meirihluta verði í reynd klofin frá héraðinu. Kjörin stjórnvöld kosovoalbanska meirihlutans lýstu yfir sjálfstæði Kosovo fyrir rúmum mánuði, þvert gegn vilja Serbíustjórnar.

Tillaga um slíka uppskiptingu Kosovo eftir þjóðernislínum var birt í dagblöðum í Serbíu í gær, er nákvæmlega níu ár voru liðin frá því að lofthernaður NATO hófst, sem síðan stóð í 78 daga eða fram í júní 1999.


**Í MITROVICA** Gæsluliðar KFOR á vakt við dómhús í serbneska hluta bæjarins Mitrovica í Norður-Kosovo, þar sem til átaka kom í liðinni viku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Greint er frá því að umræddri tillögu Serbíustjórnar hafi verið skilað inn til höfuðstöðva Sameinuðu þjóðanna í New York. Í skjalinu segir, að serbnesk yfirvöld viðurkenni lögsögu SÞ í Kosovo, en þess er krafist að eingöngu Serbar, ekki Kosovo-Albanar, geti farið með stjórn lögreglu, dómstóla, landamæra- og tollgæslu í þeim hlutum Kosovo þar sem Serbar eru í meirihluta íbúa.

Að mati stjórnmálaskýrenda eru yfirvöld í Belgrad að reyna að treysta tök sín á svæðunum, þar sem Serbar eru í meirihluta, sem að mestu eru nyrst í Kosovo, næst landamærunum að Serbíu. **- aa**

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



Skildi eftir sönnunargagn:

# Þjófur gleymdi syni á vettvangi

**AMSTERDAM** Hollenskur búðarþjófur flýtti sér um of út úr verslun í Amsterdam eftir að hafa stungið á sig kjötbita og skildi eftir tólf ára son sinn.

Maðurinn hljóp út úr búðinni og ók á brott. Lögregla átti hins vegar ekki í vandræðum með að hafa uppi á manninum eftir stutt spjall við afskiptan son hans. Í fyrstu neitaði maðurinn að snúa aftur að sækja soninn og bað um að samband yrði haft við móður hans. Hann lét þó til leiðast að lokum og var handtekinn við komuna. **- sh**

# Vilja fá 200 þúsund í lágmarkslaun

**Kjarasamningar við ríki og sveitarfélög losna um mánaðamót. SFR vill leiðrétta launamun og fer fram á 200 þúsund króna lágmarkslaun.**

**VINNUMARKAÐUR** Samningar Starfsgreinasambandsins, SGS, sem starfa hjá ríki og sveitarfélögum, verða lausir um næstu mánaðamót og segir Signý Jóhannesdóttir, sviðsstjóri starfsmanna hjá hinu opinbera, að samningaviðræður séu komnar vel í gang.

Þá eru nokkur hundruð starfsmanna innan Rafiðnaðarsambands Íslands með lausa samninga. „Við erum á fullu í viðræðum við Orkuveituna og þær eru komnar vel af stað. Svo eru að fara af stað viðræður við fjármálaráðuneytið og RÚV," segir Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins.

SFR – stéttarfélag í almannaþjónustu er í hópi þeirra stéttarfélaga sem hafa lausa samninga um næstu mánaðamót. Félagið kynnir kröfur sínar á næstunni en mun fara fram á 200 þúsund króna lágmarkslaun, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Stefnt er að því að jafna laun þannig að laun opinberra starfsmanna verði ekki lægri en laun á almennum markaði en talað hefur verið um að launamunurinn sé tuttugu prósent að meðaltali. Þá er stefnt að því að rétta hlut vaktavinnustarfsmanna, fyrst og fremst umönnunarstétta á sjúkrahúsum og í heilbrigðisgeiranum, og lagfæra launamun kynjanna. Síðast en ekki síst er stefnt að því að hækka kaupmátt launa.


**ÁRNI STEFÁN JÓNSSON**


**GUÐMUNDUR GUNNARSSON**

Öll BHM félögin eiga lausa samninga um mánaðamótin apríl maí. Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, segir að viðræðuáætlun hafi verið undirrituð á samningafundi með samninganefnd ríkisins og búið sé að leggja fram markmið hjúkrunarfræðinga. Engar tölur séu nefndar. „Við leggjum áherslu á verulega hækkun grunnlauna og síðan erum við með sértæka þætti vegna til dæmis vinnutíma, vinnuskyldu og álagstengdum þáttum," segir hún.

Öll stéttarfélög innan BSRB hafa kjarasamninga sem renna út í lok apríl. Flugumferðarstjórar hafa þegar lausan samning, þar með taldir félagsmenn Félags flugmálastarfsmanna ríkisins, starfsmenn stjórnarráðsins, starfsmenn RÚV, lögreglumenn, sjúkraliðar og starfsmannafélög sveitarfélaga sem semja við ríkið hafa öll samninga sem losna í lok apríl.

**ghs@frettabladid.is**

*20% afsláttur af bílaleigubílum erlendis!*



Safnkort N1

*Bókaðu bílaleigubíl fyrir sumarfríið hjá Avis í mars og þú færð 20% afslátt í formi safnkortspunkta hjá N1.*

*Bókaðu strax bíl á avis.is og safnaðu punktum!*

*Sæktu um Safnkort N1 á avis.is. Einn punktur jafngildir einni krónu.*

ENNEMM / SÍA / NM32446

AVIS We try harder.

N1 Meira í leiðinni

Knarrarvogi 2 • Sími 591 4000 • avis.is

Kæra Landverndar vegna Helguvíkur:

# Ákvörðunar að vænta eftir páska

**UMHVERFISMÁL** Stjórn Landverndar mun fjalla um mögulega kæru samtakanna vegna framkvæmda á lóð Norðuráls í Helguvík á fundi eftir páska, segir Bergur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Landverndar.

Samtökin íhuga að kæra Reykjanesbæ og Garð fyrir að veita byggingarleyfi.

Dósent við lagadeild Háskóla Íslands hefur bent á galla á áliti Skipulagsstofnunar, sem byggingarleyfið byggir á. Því gætu umhverfissamtök kært leyfisveitingu sveitarfélagana til úrskurðarnefndar um skipulags- og byggingarmál og krafist þess að framkvæmdir verði stöðvaðar þar til nefndin úrskurði í málinu. **- bj**


**HELGUVÍK** Kæra gæti stöðvað framkvæmdir Norðuráls í Helguvík. MYND/VÍKURFRÉTTIR

Iceland Express og
Express ferðir kynna:



Bókaðu
núna!

# Kóngurinn í Køben

**Bubbi Morthens**, í samvinnu við Iceland Express og Express ferðir, heldur stórtónleika í hinum glæsilega **Falconer Salen** í Kaupmannahöfn **18. október 2008**. Þar mun Bubbi, eins og honum einum er lagið, flytja sín þekktustu lög í bland við nýtt efni. **Ekki missa af þessum einstaka tónlistarviðburði!**

***Björk, Kiss, Bruce*** *og* ***REM*** *með Express ferðum!*

| | |
|---|---|
| ***Björk*** *í London* | *14.-15. apríl* |
| ***Kiss*** *í Køben* | *3.-5. júní* |
| ***Bruce Springsteen*** *í Gautaborg* | *2.-6. júlí* |
| ***REM*** *í Køben* | *5.-7. sept.* |

*Nánar á expressferdir.is*
*eða í síma 5 900 100*

Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Verð frá:
**39.900 kr.**
Kynntu þér mismunandi pakkaferðir
á tónleikana á **www.expressferdir.is**

Iceland Express
með ánægju

www.icelandexpress.is

Fíton/SÍA

# Samfylkingin um land allt



**ÞRIÐJUDAGUR 25. MARS**

**Seyðisfjörður – Ferjuhúsið kl. 20**
Frummælendur:
Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra
Lúðvík Bergvinsson þingflokksformaður
Einar Már Sigurðarson þingmaður
Katrín Júlíusdóttir þingmaður

**Garðabær – Garðaberg, Garðatorgi 7 kl. 20**
Frummælendur:
Gunnar Svavarsson þingmaður
Árni Páll Árnason þingmaður
Helgi Hjörvar þingmaður
Valgerður Bjarnadóttir varaþingmaður

**Akranes – Fjölbrautaskóli Vesturlands kl. 20**
Frummælendur:
Kristján L. Möller samgönguráðherra
Guðbjartur Hannesson þingmaður
Karl V. Matthíasson þingmaður
Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir þingmaður
Anna Pála Sverrisdóttir formaður Ungra jafnaðarmanna

**MIÐVIKUDAGUR 26. MARS**

**Seltjarnarnes – Félagsheimili Seltjarnarness kl. 20**
Frummælendur:
Jóhanna Sigurðardóttir félags- og tryggingamálaráðherra
Ágúst Ólafur Ágústsson varaformaður
Árni Páll Árnason þingmaður
Anna Pála Sverrisdóttir formaður Ungra jafnaðarmanna
Á fundinum verður m.a. rætt um hjúkrunarheimili á Seltjarnarnesi

**Grundarfjörður – Hótel Framnes kl. 20**
Frummælendur
Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra
Guðbjartur Hannesson þingmaður
Karl V. Matthíasson þingmaður
Anna Kristín Gunnarsdóttir varaþingmaður

**Reykjavík – Grand Hótel kl. 20**
**Samgöngur á höfuðborgarsvæðinu**
Frummælendur:
Kristján L. Möller samgönguráðherra
Dagur B. Eggertsson borgarfulltrúi
Helgi Hjörvar þingmaður
Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir þingmaður
Guðlaugur Kr. Jörundsson Ungir jafnaðarmenn í Reykjavík

**FIMMTUDAGUR 27. MARS**

**Reykjavík – Hallveigarstíg 1 kl. 20**
**Konur og loftslagsbreytingar - týndi hlekkurinn?**
Frummælendur:
Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra
Helgi Hjörvar þingmaður
Katrín Júlíusdóttir þingmaður

**Siglufjörður – Bíókaffi kl. 20**
Frummælendur:
Kristján L. Möller samgönguráðherra
Einar Már Sigurðarson þingmaður
Ágúst Ólafur Ágústsson varaformaður
Lára Stefánsdóttir varaþingmaður

**Hvolsvöllur – Hlíðarenda kl. 20**
Frummælendur:
Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra
Lúðvík Bergvinsson þingflokksformaður
Gunnar Svavarsson þingmaður
Guðný Hrund Karlsdóttir varaþingmaður

**SUNNUDAGUR 30. MARS**

**Flokkstjórnarfundur Samfylkingarinnar á Hótel Sögu kl. 12-16**

**Setningarávarp**
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir formaður

**Málstofa um efnahagsmál**
Málstofan er öllum opin

**Grænt hagkerfi – Nýja atvinnulífið**
Frummælandi:
Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra
Pallborðsumræður:
Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra
Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra
Ágúst Ólafur Ágústsson varaformaður
Arna Lára Jónsdóttir bæjarfulltrúi Ísafjarðarbær
Vilhjálmur Þorsteinsson, stjórnarformaður Verne Holdings ehf. og CCP

**Almennar umræður**

**Ráðherrar sitja fyrir svörum**

**Málefnanefndir og verkalýðsmálaráð funda á Hótel Sögu Súlnasal frá kl. 10-12**

**Allir velkomnir!**
**Allar nánari upplýsingar á www.xs.is**

Samfylkingin


Utanríkisráðherra Finnlands:

# Fær hótunarbréf



**ILKKA KANERVA** Utanríkisráðherra Finnlands.

**FINNLAND** Ilkka Kanerva, utanríkisráðherra Finnlands, hefur fengið hótunarbréf eftir að upp komst um SMS-in sem hann sendi nektardansara, að því er fram kemur í dagblaðinu Helsingin Sanomat.

Í Finnlandi eru háværar raddir sem krefjast afsagnar ráðherrans, jafnvel úr sama flokki, en hann hefur komið fram opinberlega og beðist afsökunar, sagt það barnaskap af sinni hálfu að senda klúr SMS og viðurkennt að það hafi verið mistök.

Kanerva er rúmlega sextugur og einhleypur. Hann átti stund með nektardansmeyjunni í Lapplandi í vetur og sendi SMS-in eftir það.- ghs



**REIÐI** Útlægir Tíbetar í Dharamsala á Norður-Indlandi, þar sem útlagastjórn Dalai Lama er til húsa, hrópa and-kínversk vígorð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Brown ræðir við kínverska forsætisráðherrann:

# Viðræður við Dalai Lama mögulegar

**KÍNA, AP** Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, greindi frá því í síðustu viku að kínverskur starfsbróðir hans, Wen Jiabao, hefði í símasamtali látið að því liggja að hann væri reiðubúinn að taka upp viðræður við hinn útlæga andlega leiðtoga Tíbeta, Dalai Lama, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

Brown sagðist hafa hringt í Wen til að hvetja til þess að kínversk yfirvöld tækju með hófstilltum hætti á mótmælunum í Tíbet.

„Ég gerði það algerlega ljóst að það yrði að binda enda á ofbeldið í Tíbet," tjáði Brown þingheimi í Lundúnum. „Ég hvatti einnig til stillingar, og að friðsamlegar viðræður milli stríðandi aðila kæmu í stað ofbeldis."

Brown, sem fór í heimsókn til Kína í janúar, sagði að Wen hefði gefið til kynna að hann væri reiðubúinn að taka upp viðræður við Dalai Lama. Skilyrði fyrir því væri að Dalai Lama og fylgismenn hans styddu ekki fullt sjálfstæði Tíbets og höfnuðu öllu ofbeldi. Brown sagði Dalai Lama reyndar þegar hafa gert hvort tveggja.

Áður höfðu Wen og aðrir talsmenn Kínastjórnar vísað ábyrgðinni á uppþotunum í Tíbet til Dalai Lama og „klíku hans". - aa


TVÖFALDIR VILDARPUNKTAR TIL 1. APRÍL

HJÁ VILDARFYRIRTÆKJUM VISA OG ICELANDAIR
Handhafar Vildarkorts VISA og Icelandair safna Vildarpunktum hraðar með því að beina viðskiptum sínum til Vildarfyrirtækja Vildarklúbbsins.
Frá 17. mars til 1. apríl fá þeir tvöfaldan afslátt í formi Vildarpunkta þegar þeir greiða með kortinu sínu.

**Meðal Vildarfyrirtækjanna eru:**
**OLÍS**, um allt land
**ÓB**, um allt land
**SÓLNING**, Smiðjuvegi 32–34
**SÓLNING**, Fitjabraut 12, Njarðvík
**SÓLNING**, Austurvegi 58, Selfossi
**BARÐINN**, Skútuvogi 2

VISA Icelandair Vildarklúbbur
WWW.VILDARKLUBBUR.IS

ÍSLENSKA SIA.IS ICE 41526 03/08

WWW.VILDARKLUBBUR.IS
VISSIR ÞÚ ...
AÐ VILDARKORTSHAFAR VISA OG ICELANDAIR FÁ REGLULEGA SEND GLÆSILEG FERÐATILBOÐ?

Hæstiréttur Bandaríkjanna:

## Fjallar um rétt til byssueignar

**WASHINGTON, AP** Hæstiréttur Bandaríkjanna hefur nú til umfjöllunar túlkun stjórnarskrár Bandaríkjanna á réttinum til að eiga og ganga með vopn.

Fyrir utan réttinn hafa tveir hópar mótmælenda komið sér fyrir, sem berjast með og á móti hömlulausum byssueignarrétti.

Hæstiréttur fjallaði síðast um málið árið 1939. Það er nú fyrir réttinum þar sem einstaklingar hafa kært strangar hömlur í Washington-borg við að menn gangi um með vopn á borð við skammbyssur og geymi heima hjá sér. Glæpatíðnin í borginni er ein sú hæsta í Bandaríkjunum. **- ovd**

Athugasemdir má gera fram til 10. apríl vegna framkvæmda tengdra álverinu:

# Tillögur kynntar um álver á Bakka

**UMHVERFISMÁL** Skipulagsstofnun hefur birt á heimasíðu sinni tillögur að matsáætlunum vegna Þeistareykjavirkjunar og er almenningi boðið að gera sínar athugasemdir fram til 10. apríl.

Í fyrsta lagi er kynnt sjálf 150 MW jarðhitavirkjunin í Aðaldælahreppi og Norðurþingi, vegna álvers á Bakka eða annarra orkukaupenda.

Í annan stað er kynnt tillaga Landsnets að matsáætlun vegna 220kv háspennulína frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka. Línurnar eiga að liggja um sveitarfélögin Skútustaðahrepp, Aðaldælahrepp, Þingeyjarsveit og Norðurþing, um sextíu kílómetra leið. Ráðgert er að framkvæmdin taki um tvö ár.

Óvíst er hversu stórt hugsanlegt álver við Bakka gæti orðið, en viljayfirlýsing Alcoa fjallar um 250.000 tonna ver, sem gæti þurft um 400 MW. Til samanburðar má geta þess að fyrirhugað gagnaver í Keflavík þyrfti 25 MW.

Skipulagsstofnun ákvað 13. febrúar að samanlögð umhverfisáhrif álversframkvæmda á Bakka þurfi ekki að meta, heldur hverja framkvæmd fyrir sig.

Ákvörðunin hefur verið kærð til umhverfisráðherra af Landvernd, sem heldur því fram að yfirsýn þurfi að hafa yfir framkvæmdirnar í heild sinni. **- kóþ**



**FRÁ ÞEISTAREYKJUM** Hér á að vera 150 megavatta jarðvarmavirkjun sem geti þjónað 400 megavatta álveri við Bakka á Húsavík. Skipulagsstofnun hefur kynnt tvær tillögur að matsáætlunum vegna þessa, báðar gerðar af VGK-Hönnun. MYND/KRISTJÁN J. KRISTJÁNSSON



**DORAEMON OG RÁÐHERRA** Vélkötturinn er frá 22. öld og notar tól á borð við tímavél og „hvar-sem-er-hurð" sem hann dregur úr fjórvíðum vasa á maga sér. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Nýr embættisköttur í Japan:

## Gerðu vélkött að sendiherra

**TÓKÍÓ, AP Teiknaður vélköttur, Doraemon að nafni, hefur verið útnefndur sérlegur sendiherra japanskra teiknimynda. Doraemon – eða öllu heldur óþekktur maður í gervi hans – tók við embættinu við hátíðlega vígsluathöfn í síðustu viku. Hann fékk einnig stafla af baunapönnukökum, uppáhaldseftirréttinum sínum.**

**Vélkötturinn er þekktur víða um heim, einkum í Asíu. Með útnefningunni ætla Japanir að reyna að nýta vinsældir japanskrar poppmenningar í milliríkjasamskiptum. Önnur teiknimyndahetja, Astro Boy, eða Stjörnustrákur, var gerður að sendiherra öryggismála í nóvember.** **- sh**

Eftirlit Vinnumálastofnunar:

## Heimsækja veitingastaði

**VINNUMARKAÐUR** Starfsmenn Vinnumálastofnunar fara þessa dagana í vinnustaðaeftirlit á kvöldin og um helgar á veitingastöðum, skemmtistöðum og hótelum, þar sem erlendir starfsmenn kunna að vera við störf. Í átakinu verða atvinnu- og dvalarleyfi starfsmanna skoðuð auk ráðningarsamninga þar sem þörf þykir á.



**UNNUR SVERRISDÓTTIR**

Unnur Sverrisdóttir, lögfræðingur hjá Vinnumálastofnun, segir að lögð hafi verið áhersla á byggingageirann í haust og nú sé verið að heimsækja matsölustaði, skemmtistaði og hótel. Atvinnurekendur taki starfsmönnunum yfirleitt vel. Úr ýmsu hafi þurft að bæta. Í velflestum tilfellum taki eigendur fyrirtækja leiðbeiningum vel. **- ghs**

**LÖGREGLUMÁL**

### Rokkhátíð fór vel fram

Talsverður erill var hjá lögreglunni á Ísafirði um helgina, en þar fór fram hátíðin Aldrei fór ég suður. Fjórir gistu fangageymslur og lögregla fann lítið magn fíkniefna aðfaranótt sunnudags. Að öðru leyti fór hátíðin vel fram og lögregla þurfti lítil afskipti að hafa af gestum hennar.

Ef þú veist ekki svarið getur þú opnað hringt í eða farið á

ÍSLENSKA/SIA.IS JAA 41462 03/08

já er svarið

118 ja.is Símaskráin

## „ORÐRÉTT“

### *Best ef ég væri ekki að vestan*

**„Hér eru mörg ný sprotafyrirtæki að hasla sér völl. Má þar nefna Kjarnafisk en ef ég væri ekki að vestan myndi ég þora að segja að þeir framleiddu besta harðfisk í heimi.“**

GÍSLI S. EINARSSON BÆJARSTJÓRI Á AKRANESI UM UPPGANGINN ÞAR.
**Fréttablaðið 22. mars 2008.**

### *Karlar og krabbamein*

**„Markmiðið er að koma umræðunni á það stig að krabbamein sé eins og hver annar sjúkdómur sem hægt er að hafa áhrif á.“**

SIGURÐUR BJÖRNSSON, FORMAÐUR KRABBAMEINSFÉLAGS ÍSLANDS, UM ÁTAKIÐ „KARLAR OG KRABBAMEIN“.
**Fréttablaðið 22. mars 2008.**

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** ÓLAFUR GEIR JÓNSSON, FYRRUM HERRA ÍSLAND

## *Vinn af mér bossann í partístandi*

„Það eina sem ég er að gera þessa dagana er að vinna af mér bossann í partístandi,“ segir Ólafur Geir Jónsson, fyrrverandi Herra Ísland og núverandi eigandi umboðsskrifstofunnar agent.is og herrafatabúðar í Reykjanesbæ.

Fyrirtækið Agent segir Ólafur, eða Óli Geir eins og hann er jafnan kallaður, sérhæfa sig í alls kyns partíhaldi. Það standi að kynningum á hinum ýmsu viðburðum en sé í senn umboðskrifstofa á netinu. „Það er nýbúið að vera partí á Nasa sem við sáum um og svo erum við með tvö partí um páskana, annað í Keflavík og hitt í Vestmannaeyjum. Þannig að það er alveg nóg um að vera úti um allt land og alls kyns fyrirtæki, félagasamtök og fleiri vilja fá einhvern til að skipuleggja skemmtileg þemapartí eins og við sjáum um,“ segir Óli. Hann segir að enn



sem komið er rúmist vinnuaðstaða hans í tengslum við Agent í einu herbergi í heimabæ hans á Reykjanesi en fyrirtækið fagnaði nýlega eins árs afmæli sínu. „Það er fínt að vakna bara og vera kominn inn á skrifstofu. En stefnan er tekin á að eftir eitt til tvö ár verði maður kominn með flotta skrifstofu í Reykjavík.“

Í byrjun þessa árs dæmdi Héraðsdómur Reykjavíkur Óla Geir 500 þúsund krónur í miskabætur vegna ólögmætrar sviptingar titilsins Herra Ísland 2005. Hann er ánægður með þann árangur og telur að réttlætinu hafi verið fullnægt. „Þau héldu greinilega að það væri bara hægt að svipta mann titli og maður myndi þegja. En ég læt ekki valta yfir mig. Annars held ég að mest sé að frétta af fatabúðinni minni,“ segir Óli og útskýrir að í henni telji hann hægt að finna flottustu herrafötin á Reykjanesskaga og þótt víðar væri leitað.



## SUÐURLJÓSIN:
### NORÐURLJÓSIN Á SUÐURHVELI

■ Við Íslendingar stærum okkur oft af norðurljósunum sem prýða vetrarnætur hér á landi. Þau verða til af samverkun einda úr sólvindi og efri lögum andrúmslofts jarðarinnar.

Vissulega erum við ekki ein um að getað litið þessa dýrð því þau sjást ekki bara á norðurhveli jarðar heldur einnig á suðurhvelinu. Því ber þó að halda til haga að þar eru þau ekki kölluð norðurljós heldur suðurljós, nema hvað. **heimild:natturan.is**

Sigvaldi Bjarnason er dagforeldri og hvetur aðra karlmenn til að gera slíkt:

# Hefur gaman af börnunum

Hjónin Sigvaldi Bjarnason og Íris Sigrid Guðmundsdóttir eru dagforeldrar á Selfossi. Ekki er algengt að karlmenn velji sér slíkt starf en 20. febrúar síðastliðinn fékk Sigvaldi leyfi frá sveitarfélaginu Árborg til að annast fjögur börn.



**SIGVALDI BJARNASON**

„Við vorum búin að vera að melda þetta með okkur í heilt ár,“ segir Sigvaldi en Íris hefur starfað sem dagforeldri í rúm sex ár. „Mér datt þetta í hug þar sem ég get ekki stundað hvaða vinnu sem er en hef mjög gaman af börnum og hef alið nokkur upp sjálfur.“ Þau Íris og Sigvaldi eiga samtals níu uppkomin börn en að auki eru þau stuðningsforeldrar. „Við höfum verið heppin með börn og foreldrarnir eru ánægðir með hvað börnin eru fljót að ná áttum hérna hjá okkur.“

Sigvaldi hefur stundað ýmsa vinnu, var meðal annars lengi vel til sjós og í byggingavinnu. Nýja starfið leggst mjög vel í hann og það gefur honum mikið.

Börnin eru frá um átta mánaða aldri upp í tveggja og hálfs árs en saman gæta þau Íris níu barna. „Það eru gerðar ýmsar kröfur þegar maður er með þetta mörg börn. Við erum með stórt lokað leiksvæði í bakgarðinum.“ Að auki hafa þau



**MIKIÐ FJÖR** Sigvaldi segir mjög gefandi að vinna með börnunum og mælir með því. MYND/GUÐLAUG

innréttað bílskúrinn. „Þar er skiptiaðstaða, vaskar og þess háttar.“

„Ég get alveg hiklaust hvatt fleiri karlmenn til að stunda þessa vinnu,“ segir Sigvaldi.

**- ovd**


Kjöt&fisktorgið
Alltaf ferskt

## Lax með kóríander og hvítlauk

Ferskur lax með kóríander og hvítlauk ásamt nýju íslensku grænmeti

Sett í eldfast mót og eldað í u.þ.b. 15 mínútur við um 180°C í forhituðum ofni eða steikt á pönnu í um 15 mín.





## Steinbítur með kryddjurtum

Steinbítur marineraður með hvítlauk, rauðlauk, strengjabaunum og ferskum kryddjurtum

Sett í eldfast mót og eldað í u.þ.b. 15 mínútur við um 180°C í forhituðum ofni eða steikt á pönnu í um 15 mín.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð




**REFUR** Erfitt getur verið að veiða refi, en þessi ætti að vera öruggur, enda búsettur í Húsdýragarðinum.

# Refskák við refi

**„Sú var tíðin að refaskyttur komu næst prestinum að virðingu í hverju sveitarfélagi,“ segir Snorri Jóhannesson, formaður Bjarmalands – félags atvinnuveiðimanna á ref og mink. „Ég er svo sem ekkert að mælast til að sá háttur verði tekinn upp aftur en hitt tel ég mikilvægt að fólk taki okkur ekki sem einhverjum skúrkum.“**



**SNORRI JÓHANNESSON REFASKYTTA** Staða refaskyttunnar hefur breyst með árunum en eins hefur hagur refsins breyst sem nú hefur fært sig í auknum mæli á láglendisjarðir þar sem minna er um mannaferðir þar.

Fréttir af mönnum sem fara um að næturlagi, jafnvel nálægt byggð, með ljóskastara og skjóti tófur, hafa ratað í fjölmiðla. Þá hefur það komið fyrir að hestur lægi eftir með byssukúluna við gagnaugað. Snorri segir að þessi ólöglegu vinnubrögð séu órafjarri þeim sem tíðkist meðal atvinnuveiðimanna.

„Þetta er starf sem ekki er hægt að sinna aðeins um helgar eða þegar skotgleðin grípur menn,“ segir hann. „Það liggur mikil vinna á bak við þetta, hér áður lágu menn jafnvel í fimm sólarhringa yfir greni enda var ekki frá horfið fyrr en verkið var unnið. Það er nefnilega svo að ef ekki tekst að ná yrðlingunum strax verður að hvíla grenið svo að þegar þannig ber undir hverf ég að öðrum störfum og kem svo aftur sólarhring síðar. Þá er hungrið farið að segja til sín hjá þeim og þá er hægt að leita lags. Hins vegar yfirgef ég aldrei greni fyrr en ég næ fullorðnu dýrunum.“

Refurinn er býsna þefnæmur og því þarf að huga vel að því hvernig vindátt stendur svo að hann þefi skyttuna ekki uppi en það horfir öðruvísi við með minkinn. „Hann er vitlausari en allt sem vitlaust er svo það þarf minni tækni við hann,“ segir Snorri.

Um 200 manns eru meðlimir í Bjarmalandi og telur Snorri að um áttatíu prósent þeirra séu skyttur með samning frá sínu sveitarfélagi. Félagið heitir eftir samnefndum bæ í Öxarfirði en þar bjó Theódór Gunnlaugsson refaskytta með meiru. Hann ritaði meðal annars sögu Guðmundar Einarssonar frá Brekku sem var með afbrigðum drjúgur við refaveiðar en sagt



**GÓÐ VEIÐI**

er að hann hafi legið á grenjum í 2.469 nætur og veitt 2.464 dýr auk verðlítilla yrðlinga. Veitti honum ekki af skildingnum sem hann fékk fyrir það því karlinn var einnig drjúgur við barneignir en hann átti 21 barn með tveimur konum og komust sextán börn upp.

En það hefur fleira breyst en staða refaskyttna því breytt hegðun mannanna veitir rebba ný tækifæri sem hann nýtir sér af sinni alþekktu kænsku. „Áður fyrr voru refir meira uppi á heiðum og fjöllum enda var mikið um mannaferðir á láglendisjörðum og menn voru ekki lengi að koma auga á grenin ef þau voru þar,“ segir Snorri. „Nú þeysast menn upp til fjalla í frítímum en halda sig á tiltölulega afmörkuðum stöðum á láglendisjörðunum og það gefur refnum meira ráðrúm þar enda er svo komið að minna sést af honum á fjöllum. Honum er hins vegar orðið óhætt að gera fleiri greni á láglendinu og jafnvel á sumarbústaðajörðum.“

Formaðurinn fordæmir þá iðju manna að taka sér skotfæri í hönd og eltast við ref eða mink að næturlagi og jafnvel nálægt byggðum. „Þeir gera okkur refaskyttum grikk með þessu og það er rétt að halda því til haga að það er langur vegur frá okkar vinnubrögðum að hátterni þessara manna.“

**jse@frettabladid.is**

# EKKI KAUPA NOTAÐAN BÍL

## – FYRR EN Á MORGUN

Við höfum lokað í dag en á morgun bjóðast þér spánný tækifæri á markaði notaðra bíla. Þá taka Bílaland B&L og Ingvar Helgason Notaðir bílar höndum saman og efna til stærstu og öflugustu útsölu sem haldin hefur verið á notuðum bílum. Hrikalegur afsláttur og langbestu lánakjörin á markaðnum. Ef þú ert í bílahugleiðingum skaltu því bíða. Til morguns.

Þú sérð ekki eftir því.

STÓRSALA BÍLALANDS B&L OG NOTAÐRA BÍLA INGVARS HELGASONAR.

IH INGVAR HELGASON

bíla B&L land



Ford 4x4
páskaaukastemning
í Brimborg

# Vertu 4x4

## Stórglæsilegur

### Frábær Sport Trac páskaauki

Ford Explorer Sport Trac Limited 4x4
4,6i V8 292 hö 406 Nm
4 dyra 6 þrepa sjálfskipting
$CO_2$ losun 371 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 14,7 l/100 km
**Páskaaukaverð: 4.355.000 kr.***

Öflugt Ford dráttarbeisli og Nokian gæða vetrardekk fylgja að verðmæti 202.000 kr. Þú færð tankinn fullan af bensíni.





### Frábær Explorer páskaauki

Ford Explorer Limited 4x4
4,6i V8 292 hö 406 Nm
7 manna 6 þrepa sjálfskipting
$CO_2$ losun 374 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 14,7 l/100 km
**Páskaaukaverð: 5.629.000 kr.***

Öflugt Ford dráttarbeisli og Nokian gæða vetrardekk fylgja að verðmæti 202.000 kr. Þú færð tankinn fullan af bensíni.

GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL

**Skoðaðu vel páskaaukatilboð Brimborgar. Berðu það saman við sambærilega 4x4 bíla. Skoðaðu staðalbúnaðinn. Skoðaðu eldsneytisnotkunina. Komdu í Brimborg.**

**Veldu Ford 4x4**

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is

Nýtt tákn um gæði



## Frábær Escape páskaauki

Ford Escape Limited AWD
3,0i V6 200 hö 261 Nm
5 dyra sjálfskiptur
$CO_2$ losun 257 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 11,2 l/100 km
**Páskaaukaverð: 4.131.000 kr.***

Öflugt Ford dráttarbeisli og Nokian gæða vetrardekk fylgja að verðmæti 202.000 kr. Þú færð tankinn fullan af bensíni.

# í Ford Limited

# páskaauki bíður þín í Brimborg

## Frábær Edge páskaauki

Ford Edge Limited AWD
3,5i V6 265 hö 339 Nm
5 dyra 6 þrepa sjálfskipting
$CO_2$ losun 313 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 11,8 l/100 km
**Páskaaukaverð: 5.530.000 kr.***

Öflugt Ford dráttarbeisli og Nokian gæða vetrardekk fylgja að verðmæti 202.000 kr. Þú færð tankinn fullan af bensíni.





## Frábær Expedition páskaauki

Ford Expedition Limited Luxury 4x4
5,4i V8 300 hö 495 Nm
8 manna 6 þrepa sjálfskipting
$CO_2$ losun 425 g/km
Eyðsla í blönduðum akstri 16,8 l/100 km
**Páskaaukaverð: 6.690.000 kr.***

Öflugt Ford dráttarbeisli og Nokian gæða vetrardekk fylgja að verðmæti 202.000 kr. Þú færð tankinn fullan af bensíni.

## Nýir notaðir úrvalsbílar Brimborgar

Komdu einnig við í sal notaðra úrvalsbíla Brimborgar. Gefðu þér tíma. Skoðaðu nýjan notaðan hjá Brimborg. Láttu okkur vinna fyrir þig. Þú færð örugglega sanngjarnt verð fyrir gamla bílinn þinn. Skoðaðu úrvalið af Ford 4x4. Komdu í páskaaukastemninguna. Við gerum næstum allt fyrir þig.




brimborg

Öruggur staður til að vera á

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Stuðningur við krónuna horfinn:

## ESB er NATÓ okkar tíma

**SVANBORG SIGMARSDÓTTIR SKRIFAR**

Erfiðlega tekst að halda krónunni í því horfi að allir séu sáttir. Ýmist er hún of sterk fyrir útflutningsfyrirtækin og ferðaþjónustuna, eða of veik fyrir neytendur og þá sem skulda í erlendri mynt, jafnt fyrirtæki og einstaklinga. Áður en krónan veiktist hafði umræðan um hugsanlega Evrópusambandsaðild snúist frá því að fjalla nánast einvörðungu um yfirráð yfir auðlindum hafsins, í kosti og galla þess að ganga í Evrópska myntbandalagið og taka hér upp evru. Allir virðast hafa misst trúna á íslensku krónuna, því að þeir sem eru á móti aðild tala ekki um að halda í krónuna, heldur á að gera eitthvað annað.

Pólitíska umræðan snýst í raun um aðildina sjálfa, en ekki fiskveiðistjórnun eða mynt. Þeir sem eru fylgjandi eða mótfallnir finna svo sérfræðingarökin til að styðja við mál sitt. Pólitíkin í kringum aðildarumræðuna kemur að stjórnmálaflokkunum, því eins og bent hefur verið á eru þeir í raun klofnir í afstöðu sinni.

Aðeins einn flokkur hefur haft aðild á stefnuskrá sinni. Það er ekki þar með sagt að það sé eining innan hinna flokkanna. Framsóknarflokkurinn, með Alþýðuflokksheilkennið, er margklofinn í harðvítugri baráttu um framtíð flokksins. Ekki eru þar allir á eitt sáttir um stefnu núverandi formanns á vegferð hans til að bjarga flokknum frá mölinni og vinda til baka stefnu fyrrverandi formanns.

Grein formanns og varaformanns Vinstri grænna um samnorræna krónu hefur vakið athygli og er hún dæmi um þá sem eru á móti Evrópusambandinu, en á sama tíma hafa gefist upp á krónunni. Það er ekki úr takti við hugmyndafræði evrópskra vinstriflokka né grænna, að líta til Evrópu, líkt og þýskir græningjar, sem eru öflugasti umhverfissinnaflokkur Evrópu, hafa gert. Vinstri græn eru hins vegar í samnorrænu samstarfi, þar sem starfað er með Evrópska vinstriflokknum á Evrópuþinginu í stað Evrópskra græningja.

Frjálslyndir hafa verið mótfallnir Evrópusambandsaðild vegna sjávarútvegsstefnu þeirra. En nú er kominn þingmaður í hópinn sem vill gera sig gildandi og er ekki mótfallinn aðild.

Eins og margoft hefur komið fram er aðild ekki á stefnu Sjálfstæðisflokksins, og því gátu síðustu ríkisstjórnir ekki hafið þá undirbúningsvinnu sem Björn Bjarnason hefur nú talað um að sé nauðsynleg. Á meðan flokkurinn var í samstarfi við Framsóknarflokkinn var öllum ljóst að slíkur undirbúningur strandaði ekki á Halldóri Ásgrímssyni. Alveg jafn ljóst er að slíkur undirbúningur strandar ekki á Samfylkingunni í dag. Ef aðvörun ráðherra Sjálfstæðisflokks um mögulegan klofning flokka er beint gegn eigin flokki setur það ummæli annarra þingmanna flokksins, um að málið sé ekkert á dagskrá og eigi því ekkert að ræða, í nýtt samhengi. Þá snúast þau ummæli í raun ekki um Evrópusambandið, heldur hvernig best fari að því að verja hagsmuni flokksins og halda honum saman.

Afstaða til erlends samstarfs hefur áður valdið klofningi í íslenskri pólitík, afstaðan til NATÓ. Hvernig bregðast ætti við NATÓ-aðild og veru bandarískra hermanna hér á landi klauf vinstriflokkana og þjóðina alla. Það skyldi þó ekki svo fara að afstaðan til ESB muni frekar valda klofningi til hægri?

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365
**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Gerendur og masarar

Fólki má skipta í tvo flokka, „gerendur“ og „masara“, ef marka má Björn Bjarnason dómsmálaráðherra. Hann eignar Thomasi nokkrum Sowell, bandarískum hagfræðingi, þessa aðgreiningu í „doers“ annars vegar og „talkers“ hins vegar. Guðmundi Magnússyni fannst knýjandi að þýða þessi þörfu hugtök og stakk upp á ýmsum möguleikum á bloggi sínu. Ráðherrann veitti svo blessun sína fyrrnefndum heitum úr sarpinum.



### Amerískt nóboddí

Sálfræðingurinn Pétur Tyrfingsson bendir réttilega á að þessi orð séu heldur gildishlaðin á annan veginn, og segir allt eins mega nota orðin „göslarar“ og „hugsuðir“, vilji menn taka afstöðu. Því næst grípur hann til varna fyrir gamlan félaga sinn, Karl Marx, sem Sowell þessi hafði hnýtt í. Pétur kallar Sowell „amerískt nóboddí“ og skammar Björn, sem aldrei hafi dýft hendi í kalt vatn, fyrir að vitna til svo ómerkilegs manns þegar Marx hafi þurft að flýja land vegna hugsjóna sinna. Skoðanir dómsmálaráðherrans hafi aldrei kostað hann sambærilegt erfiði.



### Skjaldsveinar til varna

Tveir helstu fánaberar sjálfstæðisstefnunnar á Íslandi sjá ástæðu til að leiðrétta Pétur í athugasemdum. Fyrstur til er ofurbloggarinn Stefán Friðrik Stefánsson sem bendir á að Björn Bjarnason sé sigldur og sjóaður – hafi unnið á varðskipum og í síld á Seyðisfirði! „Thomas Sowell er ekkert „nóboddí“,“ skrifar svo prófessor Hannes Hólmsteinn Gissurarson í kjarnyrtri athugasemd.

Í íslensku læra börn um gerendur og þolendur. Hér vantar hins vegar gerendurna. Í staðinn höfum við eintóma masara og þolendur sem villast inn á bloggsíður.

stigur@frettabladid.is

## Nýir brennuvargar?



**HANNES HÓLMSTEINN GISSURARSON**
**Í DAG** | Íslamistar

Leikritið „Biedermann og brennuvargarnir“ eftir svissneska rithöfundinn Max Frisch var frumsýnt í Zürich vorið 1958. Hér var það fyrst sett á svið vorið 1962 í Tjarnarbæ. Þar segir frá einföldum oddborgara, sem leyfir tveimur skálkum að setjast upp hjá sér og gera sig heimakomna. Þeir reyna lítt að dylja, að þeir ætla að kveikja í húsinu, og kona Biedermanns varar hann við. En Biedermann er fullur sektarkenndar og ótta og lokar augunum fyrir hættunni. Hvers vegna á hann að vera vondur við þessa aðkomumenn? Ræður hann hvort sem er við þá? Að lokum réttir hann þeim eldspýturnar til að tendra eldinn. Þótt Frisch kallaði sjálfur leikritið „prédikun án boðskapar“, er margt í því bersýnilega sótt í valdarán kommúnista í Tékkóslóvakíu 1948. Einnig má lesa úr því ádeilu á andvaraleysi lýðræðissinna í Norðurálfunni gagnvart Adolf Hitler og þjóðernisjafnaðarmönnum hans fyrir stríð.

### Skopmyndir og málfrelsi

Tveir danskir menntamenn, hjónin Karen Jespersen og Ralf Pittelkow, halda því fram í bókinni Íslamistar og naívistar, sem birtist fyrir skömmu á íslensku, að nýir brennuvargar séu komnir til Evrópu: Íslamistar. Síðustu áratugi hefur fjöldi múslima flust til Norðurálfuríkja.

Flest er þetta gott fólk í leit að betri lífskjörum. En meðal þess hefur risið upp hreyfing, íslamisminn, sem ræðst beint á ýmis vestræn verðmæti, aðallega málfrelsi og jafnrétti kynjanna. Þegar Jótlandspósturinn birti skopteikningar af Múhameð spámanni, ætlaði allt um koll að keyra í ýmsum múslimalöndum og í röðum danskra íslamista. Teiknararnir urðu að fara í felur. Þótt í ýmsum múslimaríkjum, einkum Íran og Sádi-Arabíu, sé rekinn hatursáróður gegn kristni og Gyðingdómi í skólum og fjölmiðlum, vildu erindrekar þessara ríkja takmarka frelsi til að gagnrýna Íslam opinberlega í vestrænum löndum. Þeir vildu í raun hrifsa af okkur dýrmætan ávöxt mörg hundruð ára frelsisbaráttu, málfrelsið.

### Morð og morðhótanir

Önnur dæmi eru alkunn. Rithöfundurinn Salman Rushdie, breskur ríkisborgari, var dæmdur til dauða í Íran fyrir eitt verk sitt og verður að fara huldu höfði. Ayaan Hirsi Ali, flóttakona frá Sómalíu, skrifaði handrit og var þulur í heimildarmynd um kúgun kvenna í múslimaríkjum, sem hollenski leikstjórinn Theo van Gogh gerði. Íslamisti einn myrti van Gogh í nóvember 2004 og sendi Hirsi Ali morðhótanir, svo að hún varð að fá lögregluvernd.

Hættan er aðallega af ofsatrúarfólki í hópi innflytjenda frá múslimaríkjunum. Þótt það meti góð lífskjör í Norðurálfuríkjunum nógu mikils til að flytjast þangað, sættir það sig ekki við frumverðmæti hins vestræna menningarheims, til dæmis jafnrétti kynjanna. Íslamistar í hópi innflytjenda reyna að kúga konur á sama hátt og gert er í Íran og Sádi-Arabíu (en ekki víða annars staðar í múslimaríkjum). Þær eiga að hylja sig, ganga með höfuðklút, tákn ófrelsis og kúgunar. (Raunar er eðlilegast að banna slíka klúta af öðrum ástæðum en trúarlegum: Þeir eru dulbúningar. Unnt verður að vera að bera kennsl á fólk á förnum vegi.)

### Einfeldningar eins og Biedermeyer

Sumir Vesturlandabúar myndu vitna í gamalt spakmæli: Eftir landssið skulu lifa þegnar. Ef múslimskir innflytjendur vilja ekki sætta sig við vestrænan landssið, málfrelsi og jafnrétti kynja, þá ættu þeir að snúa aftur til múslimaríkjanna. Aðrir Vesturlandabúar láta eins og Biedermayer sektarkennd og ótta stjórna sér og loka augunum fyrir hættunni. Þeir afsaka jafnan íslamistana.

Þegar Ayuun Hirsi Ali kom til Íslands á vel heppnaða bókmenntaráðstefnu haustið 2007, skrifaði ungur blaðamaður, að gagnrýni hennar á stjórnarfar í múslimaríkjum væri „ófrumleg og einfeldningsleg“. Hefði hann sagt hið sama um gagnrýni Þórbergs á stjórnarfar í Þýskalandi fyrir stríð?

Fréttablaðið sagði frá því 26. nóvember 2001, að stjórnendur Austurbæjarskóla hefðu tekið svínakjöt af matseðli skólans „í virðingarskyni“ við þá nemendur, sem ekki snæði slíkt kjöt sakir trúar sinnar. Þetta hljómar sakleysislega, en kann að vera upphaf að öðru ískyggilegra. Íslendingar þurfa að fylgjast vel með þeim, sem gera sig líklega til að verða brennuvargar. Biedermayer hugsaði: Heiðra skaltu skálkinn, svo að hann skaði þig ekki. Við hljótum að svara: Skálkurinn mun skaða þig, ef hann getur, svo að best er að vera við öllu búin.

## Já eða nei?

**UMRÆÐAN**
Baugsmálið



**KARL TH. BIRGISSON**

Það er hægt að neita staðreyndum á ýmsan hátt. Algengasta leiðin er að segja: „Þetta er ósatt“ eða „Þetta gerðist ekki“ og færa fram því til staðfestingar gagnstæðar staðreyndir.

Svo er önnur leið, þekkt úr stjórnmálum – að neita án þess að neita alveg. Hagræða staðreyndum án þess að ljúga beinlínis.

Það tók Styrmi Gunnarsson allmarga daga að „bera til baka“ frásögn tímaritsins Herðubreiðar um símasamtal hans við Kristin Björnsson, sem Þorsteinn Pálsson varð vitni að, og snerist um fund Styrmis og Tryggva Jónssonar forstjóra Baugs daginn áður.

Í athugasemd hefur Styrmir sagt engan þeirra þriggja fyrstnefndu „kannast við þessa frásögn“.

Þetta er ein leiðin. Hvergi er fullyrt að rangt sé farið með eða ósatt sagt frá. „Við könnumst bara ekki við þessa frásögn.“

Það tók Þorstein Pálsson enn fleiri daga að segja hið sama: Svar Styrmis liggur fyrir, segir Þorsteinn í Fréttablaðinu á laugardag, og engu við það að bæta.

Í millitíðinni hefur Tryggvi Jónsson staðfest að hann hafi átt fund með Styrmi nákvæmlega daginn sem um ræðir. Það er óumdeild staðfesting.

Tímaritið Herðubreið veit að umfjöllun þess er rétt og sannleikanum samkvæm, þótt þeir félagar vilji ekki kannast við „þessa frásögn“. Í frásögn af tveggja manna tali – og eins áheyranda – verður aldrei farið stafrétt með orðaskipti enda skiptir það minnstu máli. Efni málsins er rétt.

Þorsteinn getur enn svarað spurningunni: Varð hann vitni að samtali Styrmis Gunnarssonar við Kristin Björnsson umræddan dag, þar sem rædd voru yfirvofandi tíðindi af Baugi?

Hér þarf engar málalengingar um „þessa frásögn“. Hér dugar eitt já.

Eða eitt nei.

*Höfundur er ritstjóri Herðubreiðar.*

### Svar

Af minni hálfu liggur fyrir skýrt svar um það sem um er spurt og ritstjóri Herðubreiðar vitnar reyndar til þess. Óþarfi er að hafa þar um frekari málalengingar. Endurtekningar leysa einfaldlega ekki hinn nafnlausa höfund tímaritsgreinarinnar frá trúverðugleikavanda vegna frásagnar sem ekki var leitað staðfestingar á.

**Þorsteinn Pálsson**



**EKKERT OFNÆMI**
Cleanaer er nýtt lofthreinsitæki sem á að hreinsa ryk og aðra ofnæmisvalda úr loftinu með fljótandi jónum.
HEIMILI 3



**STRESSIÐ VEIKIR**
Börn foreldra sem eru undir miklu andlegu álagi verða frekar veik samkvæmt nýrri rannsókn.
HEILSA 2




Slendertone Total Body Massage
nudd sem virkar...
6 nuddkerfi
· Kneading Massage
· Swedish Massage
· Shiatsu Massage
· Deep Tissue Massage
· Athletes Massage
· Power Massage
verð kr. 14.985
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is
SLENDERTONE™
Slökun - vellíðan - innri ró

HÚSGAGNA LAGERSALA
allt að 70% afsláttur
ALLTAF BESTA VERÐIÐ
LEÐUR SÓFASETT
TAU SÓFASETT
LEÐUR HORNSÓFAR
TAU HORNSÓFAR
TUNGUSÓFAR
TUNGUHORNSÓFAR
STAKIR SÓFAR
BORÐSTOFUSTÓLAR
BORÐSTOFUHÚSGÖGN
ELDHÚSBORÐ
RÚMGAFLAR JÁRN
RÚM 120-150-180X200
Erum í Dugguvogi 2. Sími 557-9510
Opnunartími
Mán - Föstudagar 09 - 18
Laugardaga 11 - 16




Halim Hakan Durak dansar lindýhopp fram á rauðar nætur og segist ekki geta hætt. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Dansar lindýhopp langt fram undir morgun

***Dansinn lindýhopp er að ryðja sér til rúms hér á Íslandi og er vinsæll. Dansað er í Hinu húsinu og á Kaffi Rót.***

„Það er svolítið erfitt að útskýra hvað lindýhopp er. þetta er götudans og blanda af mörgum dönsum eins og jazzdansi, steppi og charleston,“ segir Halim Hakan Durak, en hann er lindýhoppari af lífi og sál og stofnandi félags íslenskra lindýhoppara, Lindy Ravers.

„Ég byrjaði að dansa lindýhopp fyrir tveimur árum og fékk sex vini mína með mér til að læra þennan dans og stofna Lindy Ravers. Núna telur hópurinn um fjörutíu manns en við æfum í Hinu húsinu tvisvar í viku og hittumst líka til að dansa á Kaffi Rót í Hafnarstræti á sunnudagskvöldum.“

Hakan segir dansinn mikla hreyfingu og nauðsynlegt að vera í góðu formi til að stunda hann.

„Ég æfi meðfram dansinum og vinir mínir gera það líka, það er nauðsynlegt að hlaupa eða synda með til að endast vel á danskvöldum. Venjulegt danskvöld hjá okkur getur verið um fjórir tímar og stundum er dansað í átta tíma. Við reiknuðum út að á venjulegu danskvöldi eru stelpurnar að hlaupa um fjórtán kílómetra ef þær dansa á meðaltakti og strákarnir um tíu kílómetra. Hjá strákunum eru meiri snúningar og svo lyftur þar sem stelpurnar hoppa og fljúga svo þetta er mikil hreyfing.“

Saga lindýhopps er stutt hér á landi en dansinn á sér rætur á götum Harlem í New York og byrjaði á fjórða áratugnum þegar fólk hlustaði á swing. Nafnið kemur af því að á sama tíma og haldið var dansmaraþon í New York var Charles Lindbergh að fljúga yfir Atlantshafið. Þegar blaðamenn spurðu hvað fólkið væri að gera fengu þeir svarið: „Við erum að hoppa eins og Lindy.“ Dansinn fjaraði út eftir 1950 þegar rokkið tók yfir en árið 1980 komst hann í tísku aftur.

„Það voru sænskir dansarar sem endurlífguðu lindýhoppið,“ útskýrir Hakan. „Þeir sáu gamla ameríska kvikmynd þar sem dansað var lindýhopp og fóru til Bandaríkjanna að finna þá sem höfðu dansað í myndinni. Einn mann fundu þau við vinnu sína á pósthúsi en hann hafði þá ekki dansað í þrjátíu ár og varð heldur hissa þegar Svíarnir komu að finna hann,“ segir Hakan en upp úr 1995 sló lindýhopp í gegn aftur.

„Þetta er ekki keppnisdans og alls ekki alvarlegt mál heldur er fólk að skemmta sér af lífi og sál og ég ætla að halda því áfram. Ég bara get ekki sleppt því að dansa.“

*heida@frettabladid.is*


MARS
Kafbátur mánaðarins
PIZZABÁTUR
...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða
6 tommu bátur
329 kr.
SUBWAY
í fínu formi
Gildir í mars 2008
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjörnumáli



**Línuskautana** má draga fram núna þegar snjóa er að leysa af göngustígunum. Fara skal þó varlega þar sem möl og sandur eftir veturinn getur enn verið á malbikinu.


Næstu fyrirlestrar og námskeið

Heilsuvöru-markaður

Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17

maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6

03. apríl 18:00 - 21:00
Heilsukostur - Matreiðslunámskeið 3. apríl
Auður I Konráðsdóttir heilsukokkur

10. apríl kl 17:30 - 19:00
Góð heilsa er auðveldari en þú heldur
Matti Ósvald heilsuráðgjafi

12. apríl kl 11:00 - 14:00
Hláturjóga með jákvæðu ívafi
Ásta Valdimarsdóttir jógakennari




Skýr tjáning er öllum mikilvæg.

# Heyrnartæki til hjálpar stömurum

***Sérstakt heyrnartæki hefur verið hannað til þess að hjálpa þeim sem stama.***

Stam er þegar talsverð spenna fylgir máltjáningu, sama orðið eða atkvæðið er endurtekið oft, hljóðin eru lengd, eða viðkomandi festist og kemur engu út í nokkurn tíma. Tækið, sem er framleitt í Norður-Englandi, virkar þannig að það bergmálar tal þess sem talar meðan á samræðum stendur. Margir sem stama finna síður fyrir vandanum þegar þeir syngja með öðrum eða þegar margir tala í einu. Hugmyndin með tækinu er því sú að fá heilann til að halda að einhver sé að tala í kór við þann sem talar. Tækið spilar rödd notandans með 60-100 millisekúndna millibili á háum styrk.

Um þessar mundir eru um fimmtán manns sem nota sér þessa nýju tækni. Peter Jones, sérfræðingur á heyrnarmiðstöðinni við Alexandra-sjúkrahúsið í Cheadle, segir tækið ekki lækna fólk af stami, það sé hjálpartæki.

Meðal þeirra er hin ellefu ára gamla Natalie Riley frá Blackburn í Englandi sem stamar. Hún er ein af þeim fyrstu sem fengu tækið og hefur notað það í nokkra mánuði. Henni gengur nú miklu betur í skólanum og hefur meira að segja unnið til verðlauna í leiklist. Móðir hennar, Linsey Riley, segir það hafa verið erfitt að horfa upp á dóttur sína draga sig inn í skel vegna stamsins. Með notkun tækisins hefur sjálfstraust hennar aukist og hún náð að eignast marga nýja vini. Lífsgæði hennar hafa batnað til muna. *- kka*

# Mikil streita veikir börn

***Stressaðir foreldrar geta gert börn sín viðkvæmari fyrir veikindum en ella.***

Ný rannsókn sem gerð var við Rochester-háskóla sýnir fram á að tengsl eru á milli andlegs álags foreldra og veikinda barna þeirra. Börn mjög stressaðra eða þunglyndra foreldra eru oftar veik en börn sem búa við meiri ró. Einnig fundust tengsl á milli mikils álags og starfsemi ónæmiskerfisins í börnum. Rannsóknin var gerð á foreldrum 169 barna yfir þriggja ára tímabil. Fjöldi veikinda hjá börnum foreldra undir miklu andlegu álagi var afgerandi hærri en hjá þeim sem áttu foreldra sem voru í jafnvægi.

David Jessop, heilsusérfræðingur við Bristol-háskóla, segir að þó svo að rannsókn sem þessi sé góð megi hún ekki auka á andlegt álag þeirra foreldra sem stressaðir eru fyrir. „Börn eru þrautseig,“ segir hann og bendir á að ekki megi gera of mikið úr einni rannsókn. *- kka*



Börn foreldra sem þjást ekki af streitu verða síður veik samkvæmt nýrri rannsókn.


Ertu með eitthvað gott á prjónunum?

Sjálfboðaliðar í **Kópavogsdeild Rauða krossins** prjóna og sauma ungbarnaföt fyrir börn í neyð. Hópurinn, sem kallast **Föt sem framlag**, mun hittast næst og prjóna í sjálfboðamiðstöðinni Hamraborg 11, 2. hæð, **miðvikudaginn 26. mars kl. 16-18.**

Á staðnum verða prjónar, garn og gott fólk sem hittist reglulega og lætur gott af sér leiða. Velkomið er að taka með sér eigið prjónadót. Þeir sem vilja gefa garn í verkefnið vinsamlega hafið samband. Kaffi á könnunni og með því.

Allar nánari upplýsingar í síma **554 6626.**

Rauði kross Íslands
Kópavogsdeild

Sjálfboðamiðstöð Hamraborg 11 • opið virka daga kl. 10-16 • sími 554 6626
kopavogur@redcross.is • redcross.is/kopavogur

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ – Mest lesið

STAFGANGA Í LAUGARDAL
Stafgöngunámskeið hefjast 1. apríl n.k.
BYRJENDANÁMSKEIÐ: Þriðjudaga & fimmtudaga, kl. 17:30.
FRAMHALDSHÓPUR: Þriðjudaga & fimmtudaga, kl. 17:30.
SKRÁNING & NÁNARI UPPLÝSINGAR Á: www.stafganga.is
STAFGANGA
ÁHRIFARÍK LEIÐ TIL LÍKAMSRÆKTAR
GUÐNÝ ARADÓTTIR, stafgönguþjálfi, sími: 616 85 95.
JÓNA H. BJARNADÓTTIR, stafgönguþjálfi, sími: 694 35 71.

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

Heimsins minnstu heyrnartæki koma frá ReSound . . . . . . . . . . .

Dot er góður punktur
fyrir þá sem vilja heyra vel.

Þessi punktur er agnarsmátt heyrnartæki sem með nýjustu tölvutækni bætir við heyrnina þeirri tíðni sem notandinn hefur tapað. Hringdu og láttu okkur fræða þig meira um þessa undraverðu tækni.

dot by ReSound

HEYRNARMÆLINGAR
HEYRNARVERND
HEYRNARTÆKI
RÁÐGJÖF

Nánari upplýsingar www.heyrn.is - Tímapantanir í síma 534 9600

Heyrnarþjónustan Heyrn, Hlíðasmára 11, 201 Kópavogur, sími 534 9600, heyrn@heyrn.is

„Við hefðum tekið myndir en höfðum engan kubb...“
- ÚFÓ, Stuðmenn, Höf: Egill Ólafsson og Valgeir Guðjónsson

Nýr vefur » Á hvað ert þú að hlusta?

Tónlist.is










**Uppþvottabursta** er ágætt að skipta um reglulega ef vaskað er upp í höndunum svo að leirtauið sé örugglega alltaf skínandi hreint.



# Hreinsar andrúmsloftið

***Fyrirtækið ECC hefur hafið innflutning á lofthreinsitæki sem nefnist Cleanaer. Það hreinsar ryk og lykt úr andrúmslofti með fljótandi jónum.***

Cleanaer-lofthreinsitækið er ekki fyrirferðarmikið en það má staðsetja á veggjum í herbergi þar sem þörf er á að berjast við ryk, lykt eða ofnæmisvalda.

„Það er breskt fyrirtæki sem byrjaði að framleiða þetta tæki fyrir rúmu ári og má segja að þetta sé ákveðin nýjung. Í tækinu er vökvafyllt hylki og tækið sendir frá sér fljótandi jónir. Þetta eru örlitlir dropar sem svífa um og draga að sér rykagnir og lyktaragnir. Tækið hreinsar því lykt og ryk úr andrúmsloftinu,“ segir Ómar Einarsson, framkvæmdastjóri ECC, sem flytur tækið inn.

„Það var að koma ný tegund af tækinu sem berst sérstaklega gegn ofnæmisvöldum. Ofnæmi er hratt vaxandi vandamál en þetta er góð lausn. Tækið er hljóðlaust og getur gengið á fullum styrk í tvo mánuði án þess að skipta þurfi um hylki.“

Ómar segir mikil meðmæli með Cleanaer-lofthreinsitækinu að Bresku ofnæmissamtökin hafi veitt því sérstaka vottun, enda hafi tækið reynst mörgum sem eru haldnir ofnæmi þar í landi mjög vel.

Tækið hentar til notkunar í herbergjum og opnum rýmum. Það er hins vegar takmarkað við hvert rými og því getur verið gott að hafa eitt tæki í hverju herbergi, eða í þeim herbergjum þar sem fólk heldur mikið til.

*hnefill@frettabladid.is*



Ómar Einarsson, framkvæmdastjóri ECC, segir tækið byltingu í baráttu við ofnæmisvalda. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR


## Sandblástursfilmur

Fyrir vinnustaði eða heimili • Stílhreint og snyrtilegt
Lokar gluggum án þess að tapa náttúrulegri birtu
Ýmis mynstur í boði




Hvaleyrarbraut 35 220 Hafnarfjörður Sími: 534 7900
www.maogme.is • maogme@maogme.is

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




Veldu möguleika



Innréttingar í öll herbergi heimilisins.
Fagleg ráðgjöf og glæsilegur sýningarsalur.

Nýir eigendur, nýjar áherslur.

Opið á virkum dögum 10-18
og laugardaga 11-15

JKE DESIGN
Óteljandi möguleikar
Mörkinni 1 108 Reykjavík
sími 544-2136 www.jke-design.is




Vantar þig aukapening?

Pósthúsið leitar að duglegu og morgunhressu fólki til að bera út blöð milli 6 og 7 á morgnana. Um er að ræða holla og hressandi útiveru, annars vegar á virkum dögum og hins vegar um helgar.

Njóttu þess að taka daginn snemma, hreyfðu þig og fáðu borgað fyrir það.

Allar nánari upplýsingar veitir dreifingardeild Pósthússins í síma 585 8330.
Einnig er hægt að sækja um á www.posthusid.is

Pósthúsið er ungt og öflugt dreifingarfyrirtæki á sviði blaða- og vörudreifingar.
Hjá Pósthúsinu starfa um sjöhundruð manns að uppbyggingu á fjölbreyttum og skemmtilegum vettvangi.

Pósthúsið ehf | Suðurhrauni 1 | 210 Garðabæ | Sími: 585 8300 | posthusid.is

pósthúsið – ódýrari valkostur

Til afhendingar strax!

Mercedes-Benz



Sprinter 313/315/318

Millilangur, háþekja, 3 manna sendibíll.

130 hö, beinskiptur:

**Verð 3.420.000 kr. + vsk.**

150 hö, sjálfskiptur:

**Verð 4.390.000 kr. + vsk.**

184 hö, sjálfskiptur:

**Verð 4.550.000 kr. + vsk.**



Sprinter 318 James Cook

Millilangur, 4 manna, mjög vel útbúinn húsbíll með Westfalia innréttingu.

184 hö, sjálfskiptur:

**Verð 12.980.000 kr.**



Sprinter 315

Langur, háþekja, 7 manna sendibíll.

150 hö, beinskiptur:

**Verð 3.680.000 kr. + vsk.**



Sprinter 318

Langur, háþekja, 3 manna sendibíll

184 hö, sjálfskiptur:

**Verð 4.920.000 kr. + vsk.**



Sprinter 318 4x4 Iglhaut

Millilangur, lágþekja, hátt og lágt drif, driflásar, 5 manna sendibíll.

184 hö, sjálfskiptur:

**Verð 7.260.000 kr. + vsk.**

ASKJA

ASKJA Atvinnubílar
Skútahrauni 2a · 220 Hafnarfjörður
Sími 590 2100 · askja.is

*Verð miðast við gengi 97 kr./€

## Tölvur

Tölvuviðgerðir íhlutir Cisco og Microsoft vottun. S. 821 6839, Stefán.

**Tölvuþjónusta**
Kem á staðinn. 11 ára reynsla. Microsoft vottun. Miðnet ehf. Ríkharður s. 615 2000.

## Spádómar

www.orlagalinan.is
Örlaga línan
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar.
Opið öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

**Englaljós til þín S. 908 5050, Lára spámiðill**
**Er spennandi tími framundan? Hvað viltu vita um framtíðina? Andleg leiðsögn, fyrirbænir, trúnaður. Er við alla virka daga frá kl. 09-01 & helgar frá kl. 12-03.**
**Visa/Euro. S. 863 1987.**

Nympha-dora
Tarot-lestur og Kristallaíla með leiðsögn að handan
VISA 562 8211 EURO



Hanna S. 555 2927 visa/euro
Andleg leiðsögn
Fyrirbænir
Draumar
Tarot
Er við eftir kl. 16 alla daga.

**Alspá**
**445 5000 & 823 8280**
Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbænir NLP. Símaspá, einkat. og m., fl. *Visa Euro Masters. Opið 12-24. www.spamidlun.com*

Nú færðu einkatíma hjá spákonunni Sirrý í s. 552 4244 & 823 6393

Spákona spáir í spil og ræður drauma. Einnig möguleiki á símaspá. Tímap. í s. 891 8727 Stella.

**Símaspáin.**
Ný tækifæri, vinnan, fjármálin, ástarmálin, heilsan - fjarheilun/fyrirb. Spák. Yrsa. 908-6414 (199 mín.) 553-5395 (173 mín.Visa/MC). Símat. 10-24. Hringdu núna!

## Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

**RafList**

**Löggildir rafverktakar**
**Getum bætt við okkur allri almennri raflagnavinnu, nýlagnir, viðhaldsvinna,**

**og fagleg ráðgjöf.**
**Uppl. í s. 823 8860 & 696 0502.**

**www.raflist.is**

# KEYPT & SELT

## Til sölu



Við hjá K-Matt ehf höfum fengið blóðsykursmæla og strimla á frábæru verði sem hefur ekki þekkst áður. Upplysingar i sima 421 8999 eða k-matt@simnet.is . Opnunartimi er a milli 9-11:30 og 13:15-16:30 alla virka daga.

## Óskast keypt

Óska eftir snyrtibekk eða nuddbekk fyrir lítið. Upplisingar í síma 868 9102, Sif.

Kaupi silfur, notaða skartgripi o.fl smádót. Borga gott verð fyrir gull. sími 6945751 Geymið auglýsinguna

## Hljóðfæri




**Frábærar fermingargjafir!**
Þjóðlagagítar pakki frá kr. 9.900. Rafmagns Gítarpakki frá kr. 19.900. Bassag. pakki frá 29.900 kr. Trommusett frá kr. 39.900. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

Mikið úrval af nýjum og notuðum harmonikkum á frábæru verði! www.4you.is Eddufelli 2 s. 564 2030

Harmonikkur nýjar og notaðar. Mikið úrval. EG tónar, Rvk. s. 824 7610 & Ak. s. 660 1648.

## Til bygginga

**Krossviður til sölu**
Birkikrossviður, BB/CP. 9 mm og 12 mm. Takmarkað magn. Besta verðið. Uppl. í s. 895 6594

Mótaborð (dokar) 1.545 kr/m2, timbur 1x6 & 2x4, uppl. 840 7273 og á ulfurinn.is

## Verslun

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt.
Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

## Ýmislegt

Til sölu, Terex Comedil 24 m. Byggingakrani. Uppl. í s. 898 4870.

# HEILSA

## Baðstaðir

**Nýtt - Nýtt - Nýtt !**
**Japanska baðið og veitingastaðurinn Gullinský**
**Líkamsskrúbbun - pottur (frítt) - Power nudd - gómsætur matur. Verð kr. 5500. Detox = úthreinsun ofl.**
**Íslenskur matur og kökur á hlaðborði allan daginn.**
**Heimatilbúið og bakað. Opið frá 10-18 alla virka daga.**
**Skúlagata 40 (gengið inn frá Barónsstíg) S. 823 8280.**

## Heilsuvörur



Aloe Vera Heilsunnar vegna Betri lífstíll - meiri orka. Magnús og Hlíf sjálfstæðir dreifingaraðilar 822 8244 www.flp1.is



**Þyngdarstjórnun - ráðgjöf - clean 9 - lifestyle 30**
Heilsuráðgjöf, þyngdarstjórnun Fjóla Þorsteinsdóttir einkaþjálfari sjálfstæður dreifingaraðili. FLP. S. 899 2445. Nánari uppl. inná www.4ever.is

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

Whole body massage Telepone 862 0283.

Ferðanuddbekkir, óléttubekkir, bómullarlök, gæði og gott verð. Uppl. í S: 8916447

Ekta líkamsnudd (BODYTOBODY) Láttu það eftir þér, þú átt það skilið. Nánari uppl í síma 8486255

## Námskeið

Jóga & Vellíðan á Reykholti www.icelandyoga.com S. 435 1260

## Ýmislegt



Súrefnismettunarmælar á frábæru verði. Einnig höfum við aðgang að öllum mögulegum vöruflokkum. Það sem við eigum ekki reynum við að útvega. K-Matt ehf. S. 421 8999 eða k-matt@simnet.is Opið 09-11:30 & 13:15-16:30 alla virka daga.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

SCHOOL ICELANDIC

NÁMSKEIÐ/NÁMSKEIÐ ICELANDIC FOR FOREIGNERS ALL YEAR Level I: 4 weeks Md-Frd;18-19:30. Start 31/3, 28/5 Level II: 7 weeks: Md/Wd/Frd; 20-21:30. Start 14/4, 2/6 Level III:10 weeks; Tsd/Thrd; 20-21:30. Start 31/3, 2/6. Ármúli 5. s.5881169, www.icetrans.is/ice

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



Yndislegir dvergschnauzer hvolpar til sölu. Góðir heimilishundar sem fara ekkert úr hárum. Skemmtilegir, sjálfstæðir og athugulir. Eigum ennþá eftir nokkra bráðfallega hvolpa. www.internet.is/kolskeggur kolskeggs@hive.is s: 8996555

Chihuahua hvolpar til sölu. Upplýsingar gefur Björk í síma 895 6035 eða á dyraland.is/linafina

Silkyterrier tíkur 9 vikna Bólusettar, örmektar og með ættbók. Uppl í s. 699 5454.

## Ýmislegt



**- Beachcomber -**
**Kanadískir heitir pottar**
**30 ára afmælistilboð á heitum pottum. Eigum potta til afgreiðslu strax. Mest einangruðu pottar á markaðnum, lokað 24 tíma hreinsikerfi o.m.fl. Fimm ára ábyrgð. Frí heimsending hvert á land sem er. Sendum bæklinga samdægurs. 13 ára reynsla á Íslandi. Eigum örfáa potta eftir á gamla genginuþ**
**Opið alla daga frá 14 til 21.00. Allar nánari uppl. í s. 897 2902 eða mvehf@hive.is**

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Til leigu á Spáni allan ársins hring, Barcelona, Costa Brava, Menorca, Valladolid. Uppl. í s. 899 5863 www.helenjonsson.ws

## Hestamennska



Stallmúlar, gráir, bláir, grænir og brúnir kr. 695,- Tito.is - Súðarvogi 6 - S. 861 7388.

# TIL SÖLU

Trésmiðavélar & verkfæri.



IÐNVÉLAR
Hvaleyrarbraut 18-20 220 Hafnarfirði. S: 414 2700
www.idnvelar.is

Verð 3,726 með vsk



Dual bitabox

LOGEY EHF
Mikið úrval verkfæra
Sími 511 2055
Vesturvör 7 - Kópavogi
Opið frá 8 - 18
laugardaga frá 10 - 16
logey@logey.is
www.logey.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Rúmgott mjög snyrtilegt 2 manna herb. til leigu í 104 Rvk. Hiti, rafm., net innifalið. Leiga 70 þ. + 1 mán. trygging. Uppl. í s. 697 8720.

2 herb. íbúð í 101 Rvk. til leigu. Laus strax. Hringið í 8207282 f. upplýsingar

Íbúð til leigu í Reykjanesbæ, 105 fm Nýlegt lítið fjölbýli. 1 mán. fyrirfram greiðsla og tryggingarvíxill. Greiðslubjónusta skilyrði. Leiga 100.000. kr á mánuði. s. 846-1963.

## Sumarbústaðir

2 sumarhúsalóðir til sölu í Grímsnesi, eignalóðir. Mjög góður staður og mikið útsýni. Uppl. í S.692 3430

## Atvinnuhúsnæði

***Híbýli og skip ehf.,Fasteigna, skipa og kvótamiðlun,Símar: 5517282/ 8933985/hibyliogskip.***

Önnumst sölu og leigu á öllum gerðum atvinnuhúsnæðis. Vantar atvinnuhúsnæði á skrá til leigu eða sölu.

## Geymsluhúsnæði




## Gisting

Rooms for long term rent in Reykjavik and Hafnafjordur. Free use of kitchen, bathroom, washer, dryer, staterlight TV and internet. Call 824 4532.




Störf í boði.
Óskum eftir mönnum í sögun, borun og brot. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Aðeins reglusamir og stundvísir.
Upplýsingar sendist á: bortaekni@bortaekni.is & í s. 567 7570 m. kl.13-15

Matreidslu menn oskast À KJESK i kristiansand i noregi vantar okkar matreidslumann fra byrjun januar. À ENOK NILSEN vantar okkur yfirkokk og kokk fra1 april 2008. Fra 1 mai vantar okkur 2 kokka og adstodarmenn. ENOK NILSEN er sumar stadur sem er opinn fra 1 april til 30 september. Mjog goda laun fyrir retta folkid. Uppl. í s. 421 3036.

**Starfsfólk óskast**
Fjöldi starfa í boði á vef Hendur. is. Skoðaðu hvað er í boði. WWW. HENDUR.IS

**Vantar þig aukavinnu ?**
Okkur vantar fólk í símasölu 2-5 kvöld vikunnar frá 18-22. Góð laun í boði fyrir gott fólk. Ath 30+ og íslenskumælandi. Upplýsingar í síma 6990005 milli kl. 12-20 mán-föst.

Röska menn vantar á hjólbarðaverkstæði. Barðinn - Skútuvogi 2 - Sími 568 3080.

Óskum eftir að ráða duglegan og reglusaman starfskraft í skemmtileg útistörf. Upplýsingar í síma 898 9993, bjarni@ laptop.is, www.verktakar.com

**Rizzo Pizzeria.**
Hresst og skemmtilegt fólk óskast í vinnu. Starfsfólk óskast í eftirfarandi stöður: Bakarar, afgreiðsla og sal. Hress og skemmtilegur vinnustaður. Um er að ræða vaktavinnu um kvöld og helgar. Uppl. fást á Rizzo Grensásvegi og Bæjarlind. Íslenskukunnátta æskileg.

óskum eftir að ráða sjálfstætt starfandi sölumanneskju, miklir tekjumöguleikar, sveigjanlegur vinnutími og fl fleira jákvætt. uppl S: 8989993, bjarni@laptop.is www.verktakar.com

Heimakynningar! Erum að markaðsetja nýja mjög eftirsótta þjónustu á Íslandi. Mjög góð þóknun. Uppl. 6607707

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma Inga S Kristjánsdóttir Áður Fagrabæ 1 Lést á Grund föstudaginn 14. mars Útför hennar fer fram frá Árbæjarkirkju miðvikudaginn 26. mars kl. 13. Þórir Guðmundsson
Sigurbirna Oliversdóttir
Jóhanna s Guðmundsdóttir
Guðmundur Örn Einarsson Sigurjón Guðmundsson
Barnabörn og barnabarnabörn.




# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Loftorka Reykjavík**
**Óskar eftir verkamönnum til jarðvinnu framkvæmda. Matur í hádeginu og heimkeyrsla. Upplýsingar í síma 565 0875 & 892 0525.**

## Atvinna óskast

**Vantar starfsfólk?**
Skilvirkar og hagkvæmar ráðningar á netinu. WWW.HENDUR.IS

Smiði vantar vinnu. Uppl. í s. 893 5908

42 ára dugleg erlend kona leitar að vinnu. Getur byrjað strax. Upplýsingar í síma 897-1181

**allt**
**atvinna**
**Alla sunnudaga**

## FUNDIR / MANNFAGNAÐIR

**Skógræktarfélag Kópavogs**
Sæbólsbraut 12, Kóp. gsm. 8998718
Netfang: sigjo@mmedia.is

# Aðalfundarboð

Aðalfundur Skógræktarfélags Kópavogs **verður haldinn miðvikudaginn 26. mars 2008 kl. 20.00 í Gullsmára félagsmiðstöð aldraða Gullsmára 13 Kópavogi**

Fundarefni:
1. **Venjuleg AÐALFUNDARSTÖRF**
2. **Er turninn tré**
   Magnús Gunnarsson formaður Skógræktarfélagi Íslands
3. Önnur mál

*Kaffiveitingar*
**Mætum öll vel og stundvíslega**
stjórn Skógræktarfélags Kópavogs

## ÞJÓNUSTA



# TEITUR

## Aðstoðarmenn óskast

Aðstoðarmann á réttinga- og sprautuverkstæði óskast til starfa sem fyrst.

Nánari upplýsingar gefa Ágúst og Jónas í síma 515 2700 á skrifstofutíma.



# TEITUR

## Bifreiðastjórar
**með hópbifreiðaréttindi**

Vegna aukinna verkefna vantar okkur nokkra bifreiðastjóra til starfa sem fyrst. Um er að ræða bæði 100% störf og hlutastörf sem henta bæði konum og körlum.

Nánari upplýsingar gefa Ágúst og Jónas í síma 515 2700 á skrifstofutíma.





**Fasteignablaðið**

Sími:

**512 5469**

**694 4103**



**Ruth Bergs**
ruth@365.is



## Ugluhólar 12
112 Reykjavík
Laus fljótlega

**Stærð: 63,4 fm**
**Fjöldi herbergja: 2**
**Byggingarár: 1979**
**Brunabótamat: 9.560.000**
**Bílskúr: Nei**

RE/MAX Lind

**Opið Hús**







**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ 18:00-18:30**

**Verð: 16.900.000**

Rúmgóð 2ja herbergi íbúð á annarri hæð í litlu fjölbýlishúsi við Ugluhóla í Breiðholti. Íbúðin sem er 63,4 fm skiptist í rúmgóða stofu og borðstofu með útgengi á flísalagðar suð-austur svalir. Eldhús með hvítri innréttingu. Baðherbergi með upphaflegri innréttingu. Svefnherbergi með háum skápum.Geymsla og sameiginlegt þvottahús í sameign ásamt hjólageymslu. Húsið er vel staðsett, stutt í skóla og aðra þjónustu. Ásamt því að stutt er í óspillta náttúruna við Elliðaárnar.Laus mjög fljótlega.

Hannes Steindórs.
Sölufulltrúi
**699 5008**
hannes@remax.is



Margeir Kúld
Sölufulltrúi
**898 0502**
margeir@remax.is



Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarinn@remax.is



**RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is**



# Þarftu að leigja?

Rentus
LEIGUMIÐLUN

**Hringdu í síma 440 6100 eða skoðaðu rentus.is**


TILKYNNINGAR

## Kynningarfundur um tillögu að breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001 - 2024, Vatnsendahlíð - Þing, Kópavogsbæ.

Fyrir hönd samvinnunefndar um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins bjóða bæjaryfirvöld Kópavogsbæjar íbúum höfuðborgarsvæðisins á kynningarfund 27. mars 2008 um tillögu að breytingu á svæðisskipulagi í Vatnsendahlíð.

Á fundi samvinnunefndarinnar 17. mars 2008 var samþykkt að heimila Kópavogsbæ að kynna tillögu að verulegri breytingu á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001-2024, sbr. 1. mgr. 13. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Breytingartillagan tekur til 92,5 ha svæðis í "Kópavogur austur", sem í gildandi svæðisskipulagi er skilgreint sem óbyggt svæði og að hluta til sem vatnsverndarsvæði (fjarsvæði) og afmarkast af íbúðabyggð Þinga til norðurs, Elliðavatni til austurs, hesthúsasvæðis Kjóavalla til norðvesturs, sveitarfélagsmörkum Garðabæjar til vesturs og óbyggðu svæði til suðurs. Innan marka þess er svæði skógræktar, Guðmundarlundur sem lagt er til að haldist óbreytt. Í tillögunni felst að landnotkun á svæðinu verði breytt í byggðarreit fyrir blandaða byggð til 2024. Jafnframt er töflu 3.2 á bls. 48 í svæðisskipulagsgreinargerð breytt þannig að stærð atvinnuhúsnæðis á byggðarsvæði nr. 16 "Kópavogur austur" eykst um 15.000 m2 til loka skipulagstímabilsins. Einnig breytist tafla 3.1 á bls. 47 þannig að íbúðum fjölgar um 740. Tillögunni fylgir umhverfisskýrsla.

Breytingartillagan verður kynnt í Lindarskóla í Kópavogi, fimmtudaginn 27. mars nk. kl. 19.30. Allir velkomnir.

**Skipulagsstjóri Kópavogs**

## Veruleg breyting á svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins 2001 - 2024, Vatnsendahlíð - Þing, Kópavogsbæ

Samvinnunefnd um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins samþykkti 17. mars 2008 að auglýsa skv. 1. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga breytingu á svæði í Vatnsendahlíð sem afmarkast af íbúðabyggð Þinga til norðurs, Elliðavatni til austurs, hesthúsasvæðis Kjóavalla til norðvesturs, sveitarfélagsmörkum Garðabæjar til vesturs og óbyggðu svæði til suðurs. Breytingartillagan tekur til 92,5 ha svæðis í "Kópavogur austur", sem í gildandi svæðisskipulagi er skilgreint sem óbyggt svæði og að hluta til sem vatnsverndarsvæði (fjarsvæði).

Í tillögunni felst að landnotkun á svæðinu verði breytt í byggðarreit fyrir blandaða byggð til 2024. Jafnframt er töflu 3.2 á bls. 48 í svæðisskipulagsgreinargerð breytt þannig að stærð atvinnuhúsnæðis á byggðarsvæði nr. 16 "Kópavogur austur", eykst um 15.000 m2 til loka skipulagstímabilsins. Einnig breytist tafla 3.1 á bls. 47 þannig að íbúðum fjölgar um 740.

Breytingartillagan ásamt umhverfisskýrslu verður til sýnis hjá Skipulagsstofnun á Laugavegi 166 í Reykjavík á skrifstofutíma og hjá skrifstofu SSH í Kópavogi að Hamraborg 9, 2. hæð og á skrifstofum sveitarfélaganna, sem standa að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins (Álftanes, Garðabær, Hafnarfjörður, Kjósarhreppur, Mosfellsbær, Reykjavík og Seltjarnarnes) frá 27. mars 2008 til 25. apríl 2008. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu Kópavogs, www.kopavogur.is. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna og umhverfismat hennar. Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega til skrifstofu SSH eigi síðar en kl. 15:00 föstudaginn 9. maí 2008. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

**Samvinnunefnd um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2001 - 2024.**

TILKYNNINGAR

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

## AUGLÝSING UM KYNNINGU AÐALSKIPULAGS-BREYTINGAR Í GARÐABÆ

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með kynningu á eftirfarandi tillögu að óverulegri breytingu á Aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016, samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br. Tillagan er í samræmi við tillögu að deiliskipulagi 1.áfanga Urriðaholtsstrætis sem kynnt er samhliða tillögunni.

**Urriðaholt, Urriðaholtsstræti (viðskiptastræti)**
Í tillögunni felst eftirfarandi:

- Breidd helgunarsvæðis breytist úr 60 m í 30 m að jafnaði.
- Lega strætisins breytist lítillega.
- Lega göngustíga breytist lítillega og göng undir strætið felld niður.
- Mörk skipulagssvæða breytast sem færslu strætis og minnkun helgunarsvæðis nemur.

Markmiðið með breytingunni er að byggðin í Urriðaholti myndi eina heild og að Urriðaholtsstræti verði breiðstræti, svokallað viðskiptastræti sem rúmi allt að 4 akreinar með hámarkshraða 30-50 km/klst.
Breyting þessi samræmist í meginatriðum leiðarljósi og markmiðum Garðabæjar varðandi byggð og umhverfi í Urriðaholti, sbr. aðalskipulag Garðabæjar, rammaskipulag Urriðaholts og fyrirliggjandi deiliskipulagstillögu fyrir viðskiptastræti í Urriðaholti. Áhrifum tillögunnar er lýst í 5. kafla um umhverfismat í deiliskipulagstillögu fyrir viðskiptastræti í Urriðaholti sem auglýst er samhliða þessari aðalskipulagsbreytingu. Niðurstaða umhverfismatsins er að framkvæmd við Urriðaholtsstræti muni ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Tillagan liggur frammi á bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7, frá 25.mars til og með 15.apríl 2008. Þær eru ennfremur aðgengilegar á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til þess að skila inn athugasemdum rennur út þriðjudaginn 15.apríl 2008. Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Garðabæjar og skulu þær vera skriflegar og undirritaðar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögurnar fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir þeim.
Vakin er athygli á því að þar sem að um óverulega breytingu aðalskipulags er að ræða er frestur til að skila inn athugasemdum 3 vikur frá birtingu auglýsingarinnar og þar með styttri en frestur vegna þeirrar deiliskipulagstillögu sem auglýst er samhliða.

**Arinbjörn Vilhjálmsson**
**Skipulagsstjóri Garðabæjar**

**Tækni- og umhverfissvið**

Tölvunám í viðurkenndum skóla - skráðu þig núna í nám:

# Tölvunám vorið 2008
# Menntun sem gefur þér forskot



1986 - 2008 • 22 ár í fremstu röð

Nýttu þér tölvunám TV til aukinnar þekkingar. Núna! Eyddu ekki tíma og peningum. Menntaðu þig hjá viðurkenndum skóla sem veitir þér öruggari aðgang að betra starfi til framtíðar. Tölvuskóli Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og hafa um 37.000 nemendur sótt tölvumenntun sína til skólans á 22 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax. Hringdu núna í síma 520 9000 og talaðu við okkur um greiðslukjör.

**Tölvuskóli TV er vottaður af innlendum og erlendum aðilum til að tryggja hagsmuni nemenda.**

Microsoft CERTIFIED Partner · PEARSON VUE · PROMETRIC Testing Centre

## Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

### Tölvu- og bókhaldsnám



Einstakt nám fyrir þig ef þú vilt leggja megináherslu á að læra hagnýta tölvunotkun og bókhald. Lærðu það sem þarf til að undirbúa þig undir krefjandi skrifstofustörf, bókhald eða sjálfstæðan atvinnurekstur. Staðfestu þekkingu þína með því að taka ECDL (TÖK) prófin sem eru innifalin í náminu.

**Helstu kennslugreinar**

- Upplýsingatækni, Excel 2007, Access 2007, Outlook 2007, PowerPoint 2007, Word 2007, og verslunarreikningur
- Fjárhagsbókhald, tölvubókhald, uppgjör og skil á virðisaukaskatti, launamál ofl.
- Tíma- og verkefnastjórnun

**Lengd**: 225 stnd./150 klst. **Verð**: ~~189.900~~ 169.900

*Morgunnám hefst 1. apríl (9:00-12:00)*

### Stafræn ljósmyndun



Einstakt námskeið þar sem þú lærir að nota stafrænu myndavélina, stilla hana og taka betri myndir. Þú lærir líka að flytja myndirnar inn í tölvuna, laga þær til, prenta, búa til slideshow, færa myndirnar á geisladisk til eignar eða gjafa, allt með forritinu Picasa.

**Lengd**: 13 stundir/9 klst. **Verð**: 16.900

*Kvöldnám (19:30-22:30) hefst 8. apríl og síðdegisnám hefst 14. maí (16:15-19:15)*

### Almennt tölvunám



Þetta er frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt námskeið um allt það helsta sem gert er með tölvum. Að námskeiði loknu eiga þátttakendur að hafa öðlast sjálfsöryggi við tölvunotkun.

**Helstu kennslugreinar**

- Grunnur tölvutækni og Windows
- Ritvinnsla með Word og glærugerð með PowerPoint
- Töflureiknirinn Excel
- Internetið frá A til Ö og Outlook, tölvupóstur, dagbók og tengiliðir

Kennd er úrlausn margs konar verkefna á námskeiðinu og áhersla lögð á að þau séu gagnleg og nýtist í vinnu eða heima við.

**Lengd**: 90 stnd./60 klukkust. **Verð**: 74.900

*Morgunnám hefst 1. apríl (9:00-12:00)*

### Verkefnastjórnun



Komdu í nám sem gerir þér kleift að ná betri tökum á verkefnastjórnun með því að beita nútíma aðferðum og ná hámarks árangri við jafnt smærri sem stærri verkefni.

**► MS Project verkefnastjórnun**

Tryggðu betri áætlanagerð, markvisst upplýsingastreymi, betri auðlindastjórnun og öruggt eftirlit með verkefnunum þínum með því að læra á Microsoft Project núna.

**Lengd**: 22 stundir/15 klst. **Verð**: 39.900

*Morgunnám hefst 28. mars (9:00-12:00)*

**► Verkefnastjórnun með PRINCE2**

Lærðu heildstæða aðferðafræði við að undirbúa, skipuleggja, framkvæma og stjórna verkefnum með PRINCE2, hvort sem þau eru smá eða stór. Tileinkaðu þér strax aðferðarfræði sem er viðurkennd.

**Lengd**: 18 stundir/12 klst. **Verð**: 49.900

*Nám hefst 15. apríl (13:00-16:00)*

### Vefsmíði og grafík

Sæktu námskeið í DreamWeaver, Photoshop og Flash og búðu til betri vefsíður og skemmtilegri myndir.

**► Flash margmiðlun**

Lærðu að búa til lifandi auglýsingar og hreyfimyndir fyrir vefi með Flash.

**Lengd**: 18 stundir/12 klst. **Verð**: 24.900

*Hefst 25. mars (16:15-19:15 - þri./fim.) og 21. apríl (13:00-16:00)*

**► Photoshop ljósmyndavinnsla og grafík**

Skemmtilegt nám um vinsælasta myndvinnsluforritið fyrir ljósmyndir, prentun, margmiðlun og vefi.

**Lengd**: 27 stundir/18 klst. **Verð**: 29.900

*Nám hefst 9. apríl (13:00-16:00)*

**► DreamWeaver vefsíðugerð**

Lærðu að búa til kraftmiklar, upplýsandi og fjölbreyttar vefsíður sem auðvelt er að viðhalda og auka við.

**Lengd**: 27 stundir/18 klst. **Verð**: 29.900

*Nám hefst 31. mars (13:00-16:00) og 6. maí (13:00-16:00)*

**► DreamWeaver og Photoshop**

Sparaðu með því að sameina það besta.

**Lengd**: 54 stundir/36 klst. **Verð**: 52.900

*Nám hefst 31. mars (13:00-16:00) og 9. apríl (13:00-16:00)*

**► DreamWeaver, Photoshop og Flash**

Sparaðu enn meira og taktu allan pakkann.

**Lengd**: 72 stundir/48 klst. **Verð**: 69.900

*Nám hefst 31. mars (13:00-16:00) og 9. apríl (13:00-16:00)*

### Tölvunám fyrir 50+



Skemmtilegt nám fyrir þá sem hafa ekki ennþá lært á tölvu og eru komnir yfir 50 árin. Námið er miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu og hentar jafnt þeim sem þegar hafa stigið sín fyrstu skref í tölvunotkun og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu áður. Lögð er áhersla á notalegt umhverfi og skemmtilega kennara.

**Kennslugreinar:**

- Grundvallaratriði tölvutækninnar og stýrikerfið Windows.
- Ritvinnsla með Word.
- Töflureiknirinn Excel.
- Internetið og tölvupóstur.
- Stafræn ljósmyndun og myndvinnsla.

**Lengd**: 72 stnd./48 klst. **Verð**: 59.900

*Nám hefst 26. mars (má./mið.16:15-19:15)*

## Veldu stutt og hnitmiðuð námskeið:

**● Byrjendanámskeið**

Windows, Word og Internetið • *22 stundir/verð 24.500*
Internetið og tölvupóstur • *9 stundir/verð 10.900*
Windows fyrir byrjendur • *9 stundir/verð 12.900*
Fingrasetning - tölvuvélritun • *6 stundir/verð: 6.900*

**● Stafræn ljósmyndun**

Ljósmyndavinnsla með Picasa • *9 stundir/verð 12.900*
Stafræn ljósmyndun • *13 stundir/verð 16.900*
Photoshop Elements • *13 stundir/verð 16.900*

**● Access**

Access I: Almenn gagnagrunnsgerð • *22 stundir/26.900*
Access II: Sérhæfð gagnagrunnsgerð • *18 stundir/34.900*
Access 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900

**● Word**

Word I: Grunnur og betri ritvinnsla • *22 stundir/verð 24.500*
Word 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900
Word II: Framhald • *18 stundir/verð 26.900*
Töflur og eyðublöð í Word • *4 stundir/verð 6.900*
Vinnsla langra skjala í Word • *13 stundir/verð 18.900*
Dreifibréf og markpóstur í Word • *4 stundir/verð 8.900*

**● Excel**

Excel I: Almenn töflureiknisnotkun • *22 stundir/verð 24.500*
Excel 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stundir/8.900
Excel IIa: Sérhæfð notkun • *18 stundir/verð 29.900*
Excel IIb: Fjármál,bókhald og endursk. • *18 st./verð 36.500*
Excel III: Fjölvar og forritun með VBA • *32 st./verð 45.900*

**● FileMaker**

FileMaker I: Byrjendanám • *9 stundir/verð 16.900*
FileMaker II: Gagnagrunnsgerð • *13 stundir/verð 24.900*
FileMaker III: Forritun gagnagrunna • *27 stund/69.900*

**● PowerPoint**

PowerPoint I: Glærur og kynningar • *13 stundir/verð 16.900*
PowerPoint 2007 - uppfærsla og nýjungar • 4 stund/8.900
PowerPoint II: Hreyfimyndir og hljóð • *9 stundir/verð 13.900*
PowerPoint I + II • *22 stundir/verð 24.500*

**● Outlook**

Outlook: póstur, tímareiða og verkefni • *13 st./verð 16.900*
Outlook 2007 - uppfærsla og nýjungar • *4 stundir/8.900*
Tímastjórnun með Outlook • *6 stundir/verð 12.900*

**● Publisher**

Publisher: Bæklingar og kynningar • *13 st./verð 16.900*

**● Vefsíðugerð og Flash**

DreamWeaver vefsíðugerð • *27 stundir/verð 29.900*
DreamWeaver og Photoshop • *54 stundir/verð 52.900*
DreamWeaver, Photoshop og Flash • *72 st./verð 69.900*
Flash: Gerð hreyfimynda og mynda • *18 st/verð 24.900*

**● Photoshop og Visio**

Photoshop: Ljósmyndir og grafík • *27 stundir/verð 29.900*
Visio: Viðskiptagrafík og teikning • *18 stundir/verð 24.900*

www.tv.is

## Gott að vita!

- ► VR, Efling og flest önnur stéttarfélög **styðja** félagsmenn sína til náms hjá okkur
- ► **Afsláttur** er veittur til félaga í VR, Eflingu og mörgum öðrum félögum, allt að 15%
- ► 30 daga ókeypis **símaþjónusta** að loknu námi
- ► Ókeypis **forfallatrygging** felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- ► Mjög hagstæðir **greiðsluskilmálar** og **lán til allt að 5 ára** (leitið nánari upplýsinga um kjör).

## Tölvunám TV til betri verka

**– hringdu núna í síma 520 9000**
**– og skoðaðu www.tv.is til að fá meiri upplýsingar!**

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

www.tv.is

**Viðurkenndur einkaskóli á framhaldsskólastigi**

Grensásvegi 16 · 108 Reykjavík · Sími 520 9000 · tv@tv.is · www.tv.is



UNGVERSKA TÓNSKÁLDIÐ BÉLA BARTÓK FÆDDIST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1881.

*„Keppni er fyrir hesta, ekki listamenn.“*

***Béla Bartók er álitinn eitt mesta tónskáld tuttugustu aldar.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 25. MARS ÁRIÐ 1969

## *Lennon og Ono hófu friðsöm mótmæli á hótelherbergi í Amsterdam*

Þennan dag árið 1969 hófu John Lennon og kona hans Yoko Ono tveggja vikna friðsöm mótmæli gegn stríðinu í Víetnam sem þá stóð sem hæst. Mótmælin kölluðu þau Bed-In Peace.



Lennon og Ono vissu að brúðkaup þeirra, hinn 20. mars árið 1969, myndi vekja heimsathygli. Þau ákváðu því að nýta tækifærið og berjast fyrir heimsfriði. Þau buðu heimspressunni í heimsókn á hótelherbergi í Amsterdam þar sem þau dvöldu dagana 25. til 31. mars og stóðu dyr þeirra opnar frá níu að morgni til níu að kvöldi. Þar sátu hjónin í rúminu og ræddu um hvernig mætti stuðla að heimsfriði.

Eftir viku flugu þau til Vínar þar sem þau héldu hinn svonefnda „bagism“ blaðamannafund sinn.

Seinni Bed-In fundurinn átti að fara fram í New York en John var ekki hleypt inn í landið þar sem hann hafði fengið dóm vegna kannabisnotkunar árið 1968.

Svo fór að hjónin flugu til Montreal í maí og eyddu viku í herbergi 1742 á hótelinu Queen Elizabeth. Meðan á dvöl þeirra stóð buðu þau Timothy Leary, Tommy Smothers, Dick Gregory, og Al Capp í heimsókn. Allir nema Capp sungu svo með þeim lagið Give Peace a Chance inn á plötu.

## MERKISATBURÐIR

**1821** Grikkir gera uppreisn gegn Tyrkjum og lýsa í kjölfarið yfir sjálfstæði.

**1957** Rómarsáttmálinn er samþykktur með þátttöku Belgíu, Hollands, Lúxemborgar, Frakklands, Ítalíu og Vestur-Þýskalands. Hann tók síðan gildi 1. janúar 1958. Rómarsáttmálinn er afar víðtækur og felur í sér afsal valds frá aðildarríkjunum til yfirþjóðlegra stofnana.

**1975** Faisal, konungur Sádi-Arabíu, er myrtur af frænda sínum sem var handtekinn og hálshöggvinn í kjölfarið.

**1992** Alþingi afnemur sjötíu ára gömul lög um bann við löndun úr erlendum veiðiskipum á Íslandi.

## *Skíðamótið styrkt*

Flugfélag Íslands og Glitnir hafa ákveðið að styrkja sjónvarpsútsendingar frá Skíðamóti Íslands 2008 á Ísafirði. Af þessu tilefni undirritaði Skíðafélag Ísfirðinga samninga við Glitni og Flugfélag Íslands nýverið.

Mótið verður haldið dagana 27.-30. mars næstkomandi á Ísafirði. Margrét Halldórsdóttir, formaður Skíðafélags Ísfirðinga, sagði við þetta tækifæri að hún fagnaði aðkomu þessara tveggja fyrirtækja að mótinu enda mikilvægt fyrir vöxt og viðgang skíðaíþróttarinnar að sýnt væri frá stórmóti eins og skíðamótinu. Daníel Jakobsson, formaður Skíðasambands Íslands, tók í sama streng og sagði jafnframt ánægjulegt hversu mikil gróska væri í íþróttinni í vetur sem sýndi sig best í því að skíðaútbúnaður væri að verða uppseldur í landinu. Hann kvaðst jafnframt hlakka mikið til að mæta á skíðamót á Ísafirði og sagði að í fyrsta sinn í langan tíma liti út fyrir að forráðamenn SKÍ þyrftu ekki að hafa áhyggjur af því að flytja eða fresta skíðamótinu vegna snjóleysis.



**SKÍÐAÐ Á ÍSAFIRÐI** Flugfélag Íslands og Glitnir styrkja útsendingu frá Skíðamóti Íslands sem hefst eftir páska.

Skíðamót Íslands 2008 verður sett við hátíðlega athöfn fimmtudaginn 27. mars næstkomandi við Safnahúsið á Ísafirði. Að setningu lokinni verður keppt í sprettgöngu í krefjandi braut á svæðinu við Safnahúsið. Aðrar keppnisgreinar fara fram á skíðasvæðinu, alpagreinarnar í Tungudal og norrænu greinarnar á Seljalandsdal.



**MENNTUN Í FYRIRRÚMI** Guðrún Margrét hjá ABC segir markmiðið að tvöfalda fjölda barna í skólum á afmælisárinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**ABC BARNAHJÁLP:** FAGNAR 20 ÁRA AFMÆLI MEÐ ÝMSUM UPPÁKOMUM

# Vilja styrkja tvöfalt fleiri börn

ABC barnahjálp var stofnuð árið 1988. Í dag eru 10.000 börn í skólum á vegum ABC víða um heim og er markmiðið að þeim fjölgi í 20.000 á afmælisárinu. „Við setjum markið hátt en ég treysti því að það muni nást,“ segir Guðrún Margrét Pálsdóttir, formaður ABC barnahjálpar.

Fram að þessu hefur ýmislegt verið gert í tilefni af afmælinu. Tíu þjóðþekktir sendiherrar hafa verið útnefndir til að vekja athygli á starfinu og í byrjun mars stóð Landssamband bakarameistara fyrir bakstri hjálparsnúða. Ágóðinn af sölu þeirra rann að þessu sinni til ABC. Þá gerði Ívar Halldórsson, útvarpsmaður á Bylgjunni, nýtt lag og tónlistarmyndband til að vekja athygli á starfinu. Lagið, sem kom út í síðustu viku, er með söngkonunni Regínu Ósk og Gospelkór Reykjavíkur og heitir „Colors of Love“.

Í júní verður ABC svo hluti af gospelhátíð í tilefni af 100 ára afmæli Hafnarfjarðar og þá munu samstarfsaðilar stofnunarinnar erlendis vera með kynningar á starfsemi sinni auk þess sem haldir verða styrktartónleikar. Allir viðburðirnir miða að því að vekja athygli á starfinu og að ná hinu háleita markmiði.

„Við erum síðan að byggja nýja skóla í Líberíu, Búrkína Fasó, Úganda, Pakistan og á Filippseyjum til að geta tekið á móti auknum fjölda barna en við erum með gífurlega langa biðlista þurfandi barna,“ segir Guðrún.

Hjálpin sem ABC veitir felst aðallega í menntun barna sem annars ættu ekki kost á skólagöngu, en auk þess fá þau læknishjálp, framfærslu og heimili þar sem þörf er á.

Aðeins einn aðili stendur að baki hverju barni og er hægt að gerast styrktaraðili á heimasíðunni www.abc.is. Þar er hægt að velja barn frá ákveðnu landi og fá upplýsingar um það. Öll framlög renna til framfærslu, menntunar og uppbyggingu á aðstöðu fyrir börnin nema þau séu gefin sérstaklega til rekstrar. Guðrún segir hægt að styrkja barn til skólagöngu sem býr hjá aðstandendum eða barn sem býr á heimavist en þá kostar það aðeins meira. Þá verður bráðlega hægt að styrkja barn sem býr heima til skólagöngu og á skóladagheimili eftir skóla.

„Starfið úti er rekið í gegnum stuðningsaðila barnanna en hér heima er það rekið í gegnum vinafélag ABC sem var stofnað í fyrra. Í því eru fimmtíu einstaklingar og fyrirtæki og er starfsfólk ABC á launaskrá hjá þeim. Megnið af þeim sem starfa fyrir ABC er þó sjálfboðaliðar, segir Guðrún. „Í fyrra var ABC International síðan stofnað og er þetta nú alþjóðlegt hjálparstarf með höfuðstöðvar á Íslandi. Færeyingar eru að fara að leggja til skólabyggingu í Líberíu og síðan er búið að skrá starfið í Bandaríkjunum.“

Guðrún segir að starfið hafi eflst gífurlega á undanförnum árum og voru að lámarki 215 milljónir sendar út í fyrra en 135 árið áður. **vera@frettabladid.is**




†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og kær vinkona,*

**Sigurjóna Sigurjónsdóttir**

áður til heimilis að Smáratúni í Þykkvabæ,

sem lést á heimili sínu, Hólavangi 9, Hellu, laugardaginn 15. mars, verður jarðsungin frá Þykkvabæjarkirkju föstudaginn 28. mars kl. 14.00.

**Fyrir hönd aðstandenda**

**Heimir Hafsteinsson** — **Særún Sæmundsdóttir**
**Friðsemd Hafsteinsdóttir** — **Jón Thorarensen**
**Sighvatur Borgar Hafsteinsson** — **Una Aðalbjörg Sölvadóttir**
**Kristborg Hafsteinsdóttir** — **Nói Sigurðsson**
**Sigrún Linda Hafsteinsdóttir** — **Steinar Sigurgeirsson**
**Bryndís Ásta Hafsteinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**
**Pálmi Viðar Samúelsson.**



†

*Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Hjálmar Ágústsson**

frá Bíldudal, Hvassaleiti 58, Reykjavík,

verður jarðsunginn frá Grensáskirkju þriðjudaginn 25. mars kl. 11.00.

**Svandís Ásmundsdóttir**
**Hera Hjálmarsdóttir**
**Martha Ásdís Hjálmarsdóttir** — **Þorsteinn Arnór Jónsson**
**Jakob Ágúst Hjálmarsson** — **Auður Daníelsdóttir**
**og barnabörn.**


# Nýir margmiðlunarstandar á Nesinu

Margmiðlunarstandar verða innan skamms settir upp á Seltjarnarnesi. Standarnir munu innihalda margmiðlunarkynningu um náttúru, útivist og menningu á Seltjarnarnesi.

Markmiðið er að gefa fólki lifandi innsýn í náttúruna, dýra- og fuglalíf, fjöruna og almenna útvistaraðstöðu sem bærinn hefur upp á að bjóða. Þá verður leitast við að fræða almenning um merkar minjar og örnefni á Nesinu.

Efnið hentar öllum aldurshópum og markmiðið er að upplifunin verði bæði fræðandi og skemmtileg. Margmiðlunarstöndunum verður komið fyrir á þeim lykilstöðum sem fólk heimsækir vegna ferðalaga, í þekkingarleit eða í almennri afþreyingu í bænum. Í fyrstu verða standarnir tveir talsins, samkvæmt fréttatilkynningu frá Seltjarnarnesbæ. Einnig segir þar að bæjaryfirvöld vilji vekja athygli á náttúrulegri sérstöðu og þeirri sem skapast hafi af mannavöldum í bænum. Við hönnun á margmiðlunarefninu verður áhersla lögð á að varpa ljósi á umhverfi og sérstöðu Seltjarnarness, auk þess sem listaverkum bæjarins verða gerð skil.

Margmiðlunarfyrirtækið Gagarín sér um hönnun standanna. Geir Borg, þróunarstjóri Gagaríns, og Jónmundur Guðmarsson bæjarstjóri undirrituðu nýlega samning þess efnis, en Gagarín hefur meðal annars hannað kortsjá á ja.is, vefsíðu Gljúfrasteins og Menningarnætur.



**NÁTTÚRA, ÚTIVIST OG MENNING Á NESINU** Geir Borg, þróunarstjóri margmiðlunarfyrirtækisins Gagarín, og Jónmundur Guðmarsson, bæjarstjóri Seltjarnarness, við undirritun samnings.

# Síðustu námskeið
# Á VORÖNN 2008

## Computer and office courses for beginners and advanced users



## VIÐSKIPTAGREINAR

### Bókhald I
Sérlega hagnýtt grunnnám í hand og tölvufærðu bókhald þar sem tekið er fyrir allt sem byrjendur í færslu bókhalds þurfa að kunna skil á til að geta unnið á skrifstofum við færslu bókhalds. Þátttakendur þurfa að hafa grunnþekkingu í tölvum og Excel.
Lengd 110 std. Verð: 94.000,-
Kvöld og helgarnámskeið: Hefst 29. mars og lýkur 16. maí. Nokkur sæti laus.

### Bókhald II
Stutt og hagnýtt framhaldsnámskeið. Hentar þeim sem lokið hafa bókhaldsgrunni eða hafa bókhaldsreynslu. Fjárhagsbókhald – upprifjun og frh. VSK uppgjör og leiðréttingaskýrslur, launabókhald, launamiðar, launaframtal og skil til skattts. Afstemmingar og skil á bókhaldi til endurskoðenda ásamt lestri ársreikninga.
Lengd 32 std. Verð: 36.000,-
Hefst 5. apríl og lýkur 22. apríl. Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga.
Morgunnámskeið kl 8.30 – 12 og kvöldnámskeið 18-21.30.

### Navision fjárhagsbókhald.
Nám ætlað þeim sem hafa bókhaldsgrunn og vilja læra um færslu alls fjárhagsbókhalds í þessu útbreidda forriti.
Lengd 42 std. Verð: 49.000,-
Morgunnámskeið: Hefst 9. apríl og lýkur 25. apríl. Nokkur sæti laus.
Kvöld og helgarnámskeið: Hefst 9. apríl og lýkur 26. apríl.
Kvöld og helgarnámskeið: 29. apríl og lýkur 16. maí. Nokkur sæti laus.

### Tollskýrslugerð
Sérlega hagnýtt og ítarlegt námskeið í gerð tollskýrslna og um meðferð allra helstu innflutningsskjala ásamt reglum sem gilda um innflutning.
Morgun og kvöldnámskeið hefjast 28. apríl.
Lengd 21 std. Verð: 28.000,-

## ALMENN TÖLVUNÁMSKEIÐ

### Tölvunám byrjenda
Vinsælt námskeið ætlað fólki á öllum aldri sem hefur enga tölvukunnáttu. Á þessu námskeiði er allt tekið fyrir sem byrjandinn þarf til að verða sjálfbjarga við almenna tölvunotkun. Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga og er hægt að velja um morgun eða kvöldnámskeið.
Hefst 8. apríl og lýkur 6. maí. Kennt er þriðjudaga og fimmtudaga.
Morgunnámskeið kl 8.30 – 12 og kvöldnámskeið 18-21.30
Lengd 42 std. Verð: 32.900,-

### Almennt tölvunám.
Sérstaklega hagnýtt námskeið fyri þá sem eru komnir af byrjunarstiginu og eru að nota tölvu í vinnu eða heima. Tilvalið námskeið fyrir þá sem vilja auka öryggi sitt í allri tölvuvinnslu með aukinni þekkingu, hraða og færni.
Helstu kennslugreinar: Windows, Word, Excel, Internetið, Outlook tölvupóstur og dagbók og Office 2007 kynning.

Hefst 21. apríl og lýkur 28. maí. Kennt er mánudaga og miðvikudaga.
Morgunnámskeið kl 8.30 – 12 og kvöldnámskeið 18-21.30
Lengd 63 std. Verð: 44.900,- (Ath endurgr stéttarfélags)

### OFFICE 2007
Kynningar og aðlögunarnámskeið fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

## VEFUR - GRAFÍK - MYNDVINNSLA

### Vefsíðugerð I
Grunnnámskeið ætlað byrjendum í vefsmíði og fólki sem vill koma sér upp einfaldri heimasíðu með sérstakri áherslu á myndgerð og myndnotkun á heimasíðunni. Tekin eru fyrir tvö mest notuðu forritin, Dreamweaver og Photoshop.
Lengd 47 std. Verð: 49.000,- (Ath. endurgr. stéttarfélags)
Hefst 2. apríl og lýkur 30. apríl. Kennt er mánudaga og miðvikudaga kl 18 -21.30.

### Photoshop grunnur
Farið í helstu grunnþætti forritsins, áhöld, tæki og valmyndir svo þátttakendur öðlist skilning á myndvinnslu í tölvum og geti orðið sjálfbjarga við helstu aðgerðir forritsins sem almennir notendur þurfa að kunna skil á.
Lengd 21 std. Verð: 24.000,-
Hefst 2. apríl og lýkur 14. apríl. Kennt er mánudaga og miðvikudaga kl 18 -21.30.

### Stafrænar myndavélar
Stutt og hnitmiðað námskeið fyrir byrjendur.
Farið yfir stillingar myndavéla, flytja myndir í tölvu og allt utanumhald og skipulag myndasafns í tölvu.
Einfaldar lagfæringar mynda í Picasa forritinu, myndir sendar í tölvupósti, brenndar á CD, heimaprentun/framköllun ofl.
Lengd 14 std. Verð: 15.000,-
Næsta þriggja kvölda námskeið hefst 26. mars og lýkur 2. apríl.




## ÖNNUR NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST

- **Eldri borgarar grunnur**
  Hefst 31. mars.
- **Eldri borgarar frh**
  Hefst 1. apríl.
- **Dreamweaver**
  Hefst 16. apríl og lýkur 30. apríl.
  Kennt er mán og mið. kl 18-21.30
- **Excel grunnur**
  Hefst 31. mars.
- **Excel framhald**
  Hefst 7. apríl.



## SÉRFRÆÐINÁM

- **MCP XP**
  Hefst 15. apríl.
- **MCSA**
  Hefst 15. apríl.
- **MCDST**
  Hefst 15. apríl.

Microsoft® CERTIFIED Systems Administrator

TÖLVUSKÓLINN ÞEKKING

REYKJAVÍK & AKUREYRI

FAXAFEN 10, 108 REYKJAVÍK | GLERÁRGATA 36, 600 AKUREYRI | WWW.TSK.IS, SKOLI@TSK.IS | SÍMI: 544 2210


Háþrýsti-þvottatæki
Úrvals háþrýstitæki á góðu verði.
ÞÓR HF
REYKJAVÍK - AKUREYRI
ÁRMÚLA 11 | Sími 568-1500 | Lónsbakka | Sími 461-1070 | www.thor.is


# STUÐ MILLI STRÍÐA Hin skelfilegu mistök

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** FORÐAST ELDINN



Ólympíuleikarnir og ímynd þeirra hafa ekki verið í jafnmikilli hættu síðan 1936 þegar sjálfur Adolf Hitler verndaði leikana í Berlín og merki nasistaflokksins blakti á hverju götuhorni í höfuðborg Þriðja ríkisins. Þjóðir heims ætluðu að sýna og sanna að ekkert gæti grandað hinum sanna ólympíuanda, hvorki stjórnmál né valdabrölt, og vildu trúa því að menn eins og Hitler gætu ekki misnotað sér hringina fimm í sína þágu. Heimsbyggðin varð hins vegar vitni að einu glæsilegasta áróðurstæki fyrir ofstæki og ofbeldi sem heimurinn hefur nokkru sinni litið. Og Hitler tókst að sameina þýsku þjóðina undir merkjum swastika-krossins sem henni hefur enn ekki tekist að afmá af sálinni. Honum tókst líka að sannfæra sína helstu óvildarmenn um að Þýskaland væri öllum opið þrátt fyrir að hafa neitað að hengja verðlaunapening um hálsinn á Jesse Owens, þeldökka Bandaríkjamanninum sem sökkti aríadraumum Foringjans.

Og nú eru íbúar Kína í sömu sporum og Þjóðverjar fyrir rúmum sjötíu árum. Síðan Maó formaður tók völdin og lagði grunn að hinu kommúníska ríki hefur kínverska þjóðin mátt þegja um sína örbirgð, valdsmisnotkun, mannréttindabrot og að því er virðist rasískar umbætur á minnihlutahópnum í Tíbet. Heimsbyggðin virðist hins vegar ætla að stinga hausnum ofan í sama sand og fyrir sjötíu árum og leggjast á bæn um að Ólympíuleikarnir verði ekki enn eitt fórnarlamb harðstjórnar.

En ellilífeyrisþegarnir í Peking eiga eflaust eftir að nýta tækifærið þegar ljósin frá myndavélunum taka að lýsa upp himininn í hinni forboðnu borg. Gamlingjarnir munu slá ryki í augun á heimsbyggðinni sem gleymir því eitt augnablik að nánast hvergi í heiminum eru framin jafn mörg mannréttindabrot, og þegar eldurinn verður slökktur munu allir minnast þess að Ólympíuleikarnir í Peking voru bara fínasta skemmtun fyrir alla þá Kínverja sem höfðu lært þá kúnst að halda kjafti og vera ekki frá Tíbet.



sérhæfður í fiskréttum
frábær veitingastaður sem sérhæfir sig í ljúffengum fiskréttum bæði í hádeginu og á kvöldin.
Staður sem kemur á óvart...!
veitingahús Gallerý fiskur
Verslun: mán.-fös. 10:00-18:30, Veitingahús: mán.-fös. 11:30-15:00, fim.- lau.18:00-22:00


## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli






Frábær Fermingargjöf
Þessi sér um að vekja þarft að fara framúr til að slökkva á henni!
MAGNAÐASTA VEKJARAKLUKKA ALLRA TÍMA
Fáðu þér eina iRobot og njóttu komandi sumars....
(ný sending komin)
Fæst Hjá
iRobot ehf.
Hólshraun 7, 220 Hfj. S. 555 2585
Irobot.is
Max
Og hjá
Byggt og Búið
í Smáralind og Kringlu.


### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman





Takk!
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Nálastungur Íslands ehf.
Ríkharður Mar Jósafatsson
Doctor of Oriental Medicine
Heilsuverndarstöðin við Barónsstíg 47
Sími 458 9400 & 863 0180


### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell






29. mars – 5. apríl 2008
700IS Hreindýraland
WWW.700.IS


### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið



**BANDARÍSKUR HERMAÐUR MEÐ ENDURHEIMTAN FORNGRIP Í ÍRAK** Ágóði af sölu forngripa er notaður til að fjármagna hryðjuverk.

# Forngripir fjármagna hryðjuverk

Ágóði af svartamarkaðsviðskiptum með íraska forngripi rennur til hryðjuverkastarfsemi í landinu, segir Matthew Bogdanos, foringi í bandaríska hernum. Bogdanos og hersveit hans léku stóran þátt í því að endurheimta þúsundir forngripa sem var stolið úr Þjóðminjasafni Írak fyrir fimm árum. Þó eru enn margir forngripir í höndum misindismanna sem selja þá háu verði til ríkra safnara. Ágóðinn er svo notaður til að efla starfsemi hryðjuverkasamtaka á borð við al-Kaída.

„Það má vel vera að hryðjuverkamenn verði sér úti um peninga með því að stunda mannrán og kúganir, en það þarf að gera fólki ljóst að sala stolinna forngripa veitir miklum fjármunum til þess háttar starfsemi,“ sagði Bogdanos í viðtali við blaðamann breska dagblaðsins The Guardian.

Bogdanos sagði að auki að það benti ýmislegt til þess að fornar rústir í Írak væru kerfisbundið rændar og eyðilagðar.

Ekki hefur verið staðið vel að verndun menningarsögu landsins og mörgum Írökum þykir það benda til þess að innrásarherirnir láti hag írösku þjóðarinnar sitja á hakanum og forgangsraði í þágu þeirra eigin hagsmuna. **- vþ**

# BBC vill fá inni hjá Latabæ

Fulltrúar frá breska ríkissjónvarpinu BBC eru staddir hér á landi til að skoða þann möguleika að taka upp viðamikla sjónvarpsseríu í höfuðstöðvum Latabæjar í Garðabæ. Þetta staðfestir framkvæmdastjóri Latabæjar, Magnús Ragnarsson. Um er að ræða stórt verkefni því ef af verður munu tökur standa yfir í níu mánuði en alls er um 52 þætti að ræða.

Magnú vildi ekki gefa upp hvaða þættir þetta væru en sagði þá svipa til Latabæjar að einhverju leyti. „Þættirnir verða sneisafullir af tæknibrellum, brúðum og svo alvöru leikurum,“ segir Magnús og vinnubrögð við slíkt ætti starfsfólk Latabæjar að þekkja enda þættirnir samspil þessara þriggja þátta. Magnús bætir því við að þeir hjá Latabæ séu að vonum upp með sér yfir áhuga einnar stærstu og virtustu sjónvarpsstöðvar heims og stoltir af því að myndverið skuli augljóslega vera svona framarlega í heiminum. „BBC vill nýta sér þá þekkingu sem er til staðar í Garðabænum. Þeir hafa verið undir glerþaki hvað framleiðslu barnaefnis varðar, vilja læra af einkaframtakinu og losna undan þessari ríkisstyrktu hugsun,“ segir Magnús. **- fgg**



**TÓK Á MÓTI BBC** Magnús Ragnarsson hefur verið að sýna fulltrúum BBC hvað myndver Latabæjar hefur upp á að bjóða.

# Hefur kvikmyndatónlist versnað?

Tónskáldið Hans Zimmer heldur því fram að gullöld kvikmyndatónlistar sé löngu liðin. Zimmer er nokkuð vel að sér í heimi kvikmyndatónlistar, en hann hefur sjálfur samið tónlist fyrir kvikmyndir á borð við Konung ljónanna, Skylmingaþrælinn og Sjóræningja Karíbahafsins. „Kvikmyndatónlist í dag hefur engin áhrif á áhorfendur; hún líður bara um eins og belja á beit,“ sagði Zimmer nýverið á blaðamannafundi.



**ENNIO MORRICONE** Ástsæll smiður kvikmyndatónlistar.

Hann benti á að þau kvikmyndastef sem hafa náð að festa sig í sessi í hugum áhorfenda væru flest orðin nokkurra áratuga gömul. Benti hann á þekkt stef úr kvikmyndunum Ókindin og Stjörnustríð máli sínu til stuðnings, en tónskáldið John Williams á í báðum tilfellum heiðurinn að tónsmíðunum .

Zimmer jós jafnframt lofi á tónsmíðar tónskáldanna Jerry Goldsmith, sem samdi meðal annars tónlistina fyrir Apaplánetuna, og Ennio Morricone sem þekktastur er fyrir tónlist sína við spagettívestra. Zimmer sagði að gæðum kvikmyndatónlistar hefði hrakað undanfarin ár þar sem það yrði æ algengara að leikmenn væru fengnir til verksins fremur en menntuð tónskáld. **- vþ**

# Ný ævintýri Skoppu og Skrítlu

Vinkonurnar Skoppa og Skrítla njóta mikilla vinsælda á meðal yngstu kynslóðarinnar. Á síðasta leikári sýndu þær sitt fyrsta leikrit í Þjóðleikhúsinu. Sýningin hét „Skoppa og Skrítla í leikhúsinu“ og sló rækilega í gegn. Nú er von á nýju leikriti með þeim stöllum og heitir það „Skoppa og Skrítla í söng-leik“. Sýningin verður frumsýnd í Kúlunni, barnasviði Þjóðleikhússins hinn 3. apríl næstkomandi. Í þessari nýju sýningu fá þær vinkonur góðan liðsauka, en nokkrir dansarar á aldrinum 9-16 ára taka þátt og bregða sér í hin ýmsu gervi. Ýmsar kunnar persónur verða á vegi Skoppu og Skrítlu, meðal annars Frelsisstyttan í New York, Englandsdrottning og sjálfur Shakespeare. Sýningin er einkum ætluð yngstu leikhúsgestunum, og hentar vel fyrir þau börn sem eru að byrja að kynnast leikhúsinu. Hún er einkum hugsuð fyrir börn á aldrinum 9 mánaða til 6 ára.



**SKOPPA OG SKRÍTLA** Skemmta yngstu kynslóðinni í Þjóðleikhúsinu.

Sem fyrr fara Linda Ásgeirsdóttir og Hrefna Hallgrímsdóttir með hlutverk Skoppu og Skrítlu, en Hrefna er jafnframt handritshöfundur leikritsins. Leikstjóri er Þórhallur Sigurðsson.

**Aðalfundur - VM þing**

VM

**Þín framtíð...**

**Aðalfundur VM**
Föstudagur 4. apríl

| | |
|---|---|
| | Dagskrá |
| 13:00 | Setning aðalfundar og ávarp |
| | Skýrsla stjórnar og reikningar félagsins |
| | Ákvörðun um löggiltan endurskoðanda |
| | Laga- og reglugerðabreytingar |
| | Lýst kjöri formanns og stjórnar VM |
| | Kjör í stjórnir sjóða og fulltrúaráð |
| | Framtíðarsýn VM |
| | Afhending styrkja Akks |
| 17:30 | Fundarslit |
| | Móttaka í nýju skrifstofuhúsnæði VM að Stórhöfða 25 |
| 20:00 | Kvöldverður og skemmtun með félagsmönnum og mökum |

**Þing VM**
Laugardagur 5. apríl

10:00 Þín framtíð:
*Að efla sig í starfi*
*Mikilvægi starfsánægju*
*Að setja sér markmið*
*Raunfærnimat*
*Gerð ferilskrár*

12:00-13:00 Hádegismatur

*Ráðningaferli*
*Launaviðtöl*
*Samningatækni*
*Umræður*
16:30 Þingslit

Á þingi VM verður kynning á félögum og fyrirtækjum sem stuðla að persónulegri- félagslegri- og faglegri þróun einstaklinga.

Mikilvægt er að félagsmenn tilkynni þátttöku á aðalfundinn og hvort þeir mæti í kvöldverðinn einir eða með maka. Þátttaka tilkynnist til Ólafar Lilju Stefánsdóttur í síma 575 9800 eða með tölvupósti olof.lilja@vm.is fyrir 28. mars nk.

Greiðsla ferðakostnaðar: Félagsmenn búsettir utan höfðuborgarsvæðis eiga rétt á endurgreiðslu ferðakostnaðar vegna mætingar á aðlfund.

Nánari upplýsingar á skrifstofu VM í síma 575 9800 og á vm.is.

VM
Félag vélstjóra og málmtæknimanna

## > SÁTTUR VIÐ WITHERHAAL

Ryan Phillippe segist vera sáttur við samband fyrrverandi eiginkonu sinnar Reese Witherspoon og Jake Gyllenhaal. Ryan lýsti þessu yfir í útvarpsþætti Howard Stern. Hann sagðist jafnframt vona að Reese væri hamingjusöm.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Danir veðja á stórstjörnu

Fulltrúi Dana í ár er Simon Mathew sem syngur lagið „All Night Long“ eftir þá Jacob Launbjerg, Svend Gudiksen og Nis Bøgvad. Þetta er hressilegt popplag, dálítið „danskt“, og á eflaust góða möguleika á að komast upp úr milliriðlinum. Danir eru númer þrettán á svið á seinna undankvöldinu og mega ábyggilega búast við nokkrum stigum frá Íslendingum.

Simon er 23 ára og hefur verið vinsæll söngvari heima fyrir. Hann var alinn upp við leik og söng og sex ára gamall var hann byrjaður að sýna listræna tilburði. Hann er bróðir Sabínu og Rebekku Mathew, sem líka eru vinsælar söngstjörnur í Danmörku, Sabina er í JamPack og Rebekka er hluti af dúettnum Creamy. Simon og Rebekka sungu nýlega saman danska útgáfu af titillaginu í hinni geysivinsælu Disney-mynd High School Musical 2.

Fyrsta lagið sem Simon sendi frá sér, „These Arms“ kom út árið 2005 og var í fimm vikur samfleytt á toppi danska vinsældarlistans. Önnur smáskífan, „Dreamer“ gerði það gott og nú er „All Night Long“ að gera allt vitlaust hjá fyrrum herraþjóð okkar. Simon vinnur að nýrri sólóplötu meðfram Serbíu undirbúningnum, en fyrsta stóra platan hans kom út árið 2005.



**ALGJÖR POPPSTJARNA** Simon Mathew á að taka Dani alla leið.

**60 DAGAR TIL STEFNU**

# Íslensk eldflaug fer á loft í maí

**Tólf nemendur við Háskóla Reykjavíkur hafa verið önnum kafnir undanfarnar vikur við gerð eldflaugar sem þeir ætla að skjóta tvo kílómetra upp í loftið í byrjun maí.**

Um er að ræða fimmtán vikna valnámskeið undir leiðsögn sjö kennara sem gefur nemendunum sex einingar. „Þetta er öðruvísi. Það eru ekki allir sem fá að smíða eldflaug og fá einingar fyrir það,“ segir Andri Gunnarsson, nemandi í véla- og rafmagnsverkfræði. „Doktorana í skólanum langaði að smíða svona en þeir hafa aldrei getað það,“ segir hann í léttum dúr. „Þetta er búið að blunda lengi í mörgum af þeim þannig að þeir ákváðu að búa til áfanga og eigna sér svo heiðurinn.“



**HÓPURINN** Nemendurnir standa stoltir við mótorinn áður en hann var prófaður í Grafarvoginum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fyrir skömmu kom hópurinn saman á æfingasvæði slökkviliðsins í Grafarvogi til að prófa mótor eldflaugarinnar og var ljósmyndari Fréttablaðsins á staðnum til að mynda tilþrifin. „Þetta gekk glimrandi, alveg eins og til var ætlast,“ segir Andri. „Þetta var mótorinn sem fer í sjálfa eldflaugina. Þetta er allt saman háð miklum prófunum svo eldflaugin springi ekki í tætlur.“

Í maí verður eldflauginni sjálfri síðan skotið á loft ef allt gengur að óskum. „Henni verður sennilega skotið upp hjá Kleifarvatni eða uppi á Hellisheiði. Það fer eftir því hvar Flugmálaeftirlitið leyfir okkur að vera,“ segir hann.

Nemendurnir vonast til að fá styrk frá Nasa við gerð eldflaugarinnar. Ekki þó hjá geimferðastofnun Bandaríkjanna heldur skemmtistaðnum Nasa. „Við eigum eftir að tala við þá en okkur þótti það góð hugmynd. Við ætlum að þreifa fyrir okkur hvort það séu einhverjir áhugasamir. Við viljum endilega fá stuðning frá góðu fyrirtæki.“ Nánari upplýsingar um verkefnið má sjá á heimasíðunni www.eldflaug.com.

freyr@frettabladid.is



**SPENNINGUR** Spenningurinn var mikill á meðal nemendanna yfir því hvernig útkoman yrði.



**STILLING** Allt þurfti að stemma áður en kveikt var á mótor eldflaugarinnar.




Með vaxandi verðbólgu eru verðtryggðir skuldabréfasjóðir góður og traustur fjárfestingakostur. Glitnir býður fjóra slíka sjóði sem fjárfesta bæði í ríkistryggðum sem og öðrum skuldabréfum. Kynntu þér kosti skuldabréfasjóða Glitnis. Hver þeirra hentar þér best?

SJÓÐUR 1 — 11,0%* — MEÐALLÖNG SKULDABRÉF — Fjárfestingatími 1-3 ár

SJÓÐUR 5 — 13,1%* — MEÐALLÖNG RÍKISSKULDABRÉF — Fjárfestingatími 1-3 ár

SJÓÐUR 7 — 11,9%* — LÖNG RÍKISSKULDABRÉF — Fjárfestingatími 2-4 ár

*Árleg nafnávöxtun m.v. sl. 12 mánuði skv. www.sjodir.is. Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð. Sjóður 1, 5, 7 og 11 eru verðbréfasjóðir skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfa- og fjárfestingasjóði. Glitnir sjóðir er rekstrarfélag sjóðanna. Nánari upplýsingar er að finna á www.glitnir.is.

# Urgur vegna samninga RÚV og leikara

„Verið er að kanna hvort þetta stenst lög. Er verjandi að einn félagsfundur í stéttarfélagi geti ákveðið að við afsölum okkur endurgreiðsluréttindum sem eru alþjóðasamþykktir fyrir?“ spyr Júlíus Brjánsson, leikari með meiru.

Urgur er meðal leikara vegna nýlegs samnings sem kveður á um nýtt fyrirkomulag á endursýningum gamals efnis í fórum Ríkissjónvarpsins. Áður fengu leikarar greitt fyrir endursýningu sem nam 20% upprunalegrar greiðslu en nú greiðir RÚV árlega tiltekna upphæð til Félags íslenskra leikara (FÍL) – sem þá úthlutar þeirri upphæð samkvæmt punktakerfi og miðast greiðslur við framlag hvers og eins.

„Mikill misskilningur er að leikarar fái ekkert greitt. Við gefum eitthvað aðeins eftir hvað upphæð varðar. En menn skulu einnig athuga að stóraukin verður framleiðsla innlends efnis sem er lífsnauðsyn stéttinni,“ segir Randver Þorláksson, formaður FÍL.

Randver kallaði fyrir á fund flesta þeirra leikara sem mest eiga undir í endursýningum og var þar einróma samþykkt að ganga til samninga við RÚV ohf. á þessum forsendum enda mat fundarmanna að tuttugu prósent af engu væri núll. En Sjónvarpið hefur ekki viljað endurflytja efni vegna kostnaðar við endursýningar og er þá vísað til samninga.

„Menningarlegur glæpur er að hafa þetta í kistunni engum til gagns. Þetta verður að sýna, þessa vinnu, nýjum kynslóðum,“ segir Randver. Hann bendir á að nýverið var gengið frá hliðstæðum samningum við leikara í Danmörku og þar hafa menn nú tekið til við að endursýna menningarverðmæti sín.

Þetta atriði fer fyrir brjóstið á ýmsum leikaranum: Tal um að nú loks sé hægt að ljúka upp lokinu af gullkistunni því að leikarar hafa látið af óbilgjörnum kröfum sínum. Þá óttast leikarar af eldri kynslóðinni, sem eiga mestra hagsmuna að gæta eðli málsins samkvæmt, að ólíklegra sé en ekki að þeir verði kallaðir til starfa við ný verkefni. **- jbg**



**JÚLÍUS BRJÁNSSON** Spyr hvort þetta standist lög – afsal samningsbundinna ákvæða á greiðslur fyrir endursýningar.



**RANDVER** Gefum eitthvað eftir en framleiðsla nýs innlends efnis kemur á móti.







SAMbio.is SAMBÍÓIN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| HANNA MONTANA 3D - DIGITAL | kl. 6 | L |
| 10.000 BC DIGITAL | kl. 6 - 8 - 10:30 | 12 |
| 10.000 BC | kl. 8 - 10:30 | VIP |
| HORTON M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| THE BUCKET LIST | kl. 8:20 - 10:30 | 7 |
| THE BUCKET LIST | kl. 5:50 | VIP |
| P.S. I LOVE YOU | kl. 8 | L |
| THERE WILL BE BLOOD | kl. 10:30 | 16 |
| LARS AND THE REAL GIRL | kl. 5:50 - 8:10 - 10:30 | L |
| UNDRAHUNDURINN | kl. 5:50 | L |
| STEP UP 2 | kl. 8 | 7 |
| NO COUNTRY FOR OLD MEN | kl. 10:30 | 16 |
| **SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** | | |
| HANNA MONTANA 3D - DIGITAL | kl. 4 - 6 - 8 | L |
| 10.000 BC DIGITAL | kl. 10 | 12 |
| SPIDERWICK CHRONICLES | kl. 3:30 - 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| UNDRAHUNDURINN ÍSL TAL | kl. 4 | L |
| JUNO | kl. 6 - 8 - 10:10 | 7 |

| SAMBÍÓIN SELFOSS | | |
|---|---|---|
| SEMI PRO | kl. 8 - 10:10 | 12 |
| THE BUCKET LIST | kl. 8 | 7 |
| JUNO | kl. 10:10 | 7 |
| **SAMBÍÓIN AKUREYRI** | | |
| LARS AND THE REAL GIRL | kl. 8 | 12 |
| SHUTTER | kl. 10 | |
| 10.000 BC | kl. 8 - 10 | 12 |
| **SAMBÍÓIN KEFLAVÍK** | | |
| 10.000 BC | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| KITE RUNNER | kl. 8 | L |
| DARK FLOORS | kl. 10:10 | 16 |

DIGITAL
HLJÓÐ OG MYND









**MESTI TÖFFARI Í HEIMI MEÐ FROSK Á MAGANUM** Lola (lengst til hægri) með eiginmanninum Monty. Á milli þeirra er ónefndur líkamsmálari.

# Hittu mesta töffara í heimi í Texas

**Hljómsveitin Reykjavík! er nýkomin úr heljarinnar utanlandsferð. Nú fóru strákarnir og rokkuðu úr sér lifur og lungu í Toronto, New York og á SXSW-hátíðinni í Austin, Texas.**



**REYKJAVÍK! MEÐ NÆSTMESTA TÖFFARA Í HEIMI** Kristján Freyr, Dan Lushious og Gummi gítarleikari.

„Þetta var heilmikið ævintýri en flókið að pakka í töskuna fyrir ferðina,“ segir Kristján Freyr Halldórsson trommari. „Í Toronto var snjóbylur og við þurftum að vaða skaflana með hljóðfærin, í New York var svipað veður og hér, en í Texas gekk ekkert annað en kúrekastígvélin og stuttermabolir.“

Í Austin var hljómsveitin í fimm daga í heimagistingu hjá Lolu Lushious. „Hún er mesti töffari sem ég hef hitt og algjör andstæða við allt það versta í fari Ameríkana,“ segir Kristján. „Hún hefur boðið upp á heimagistingu í ein tuttugu ár á SXSW-hátíðinni og meðal annars hýst 22 Pistepirkko, Jet Black Joe og Sign. Jettararnir skemmtu sér víst svo vel hjá henni að þeir gleymdu að mæta á tónleikana sína. Stemningin hjá henni minnti okkur mest á stemninguna fyrir vestan á Aldrei fór ég suður. Gestrisnin var við suðumark. Hún eldaði ofan í okkur, keyrði okkur út um allt og sýndi okkur borgina. Hápunkturinn var líklega þegar hún fór með okkur í heimsókn til bróður síns, Dan Lushious, sem á búgarð á leiðinni til Mexíkó. Hann er næstmesti töffari sem ég hef hitt, er með tagl, tuggði skro og talaði óvenjulega hægt. Svo bauð hann upp á æðislegt guacamole og sterkt áfengi og keyrði bandið á pallinum á pallbílnum sínum um landareignina. Konan hans er gullfallegur hestatemjari, hún kom heim um miðjan dag og fór strax í að fá sér tekíla. Hjónin líktust mjög J.R. Ewing og Sue Ellen, bara miklu meira kúl. Áður en heimsókninni lauk leyfði hann okkur sveitastrákunum að vestan að skjóta úr 22 kalibera skammbyssunni sinni á bjórdósir. Sjálfur notar hann byssuna til að skjóta skröltorma og sporðdreka.“

Reykjavík! er nú á leið í hljóðver til að taka upp sína aðra breiðskífu og mun Valgeir Sigurðsson stjórna upptökum eins og áður. „Við erum mjög spenntir að sjá hvernig nýja stöffið leggst í landann,“ segir Kristján. „Við spiluðum það mikið úti á dögunum og fólk virtist mjög ánægt. Við trúum því að nýja platan verði tímamótaverk, eins konar Lifun 2,“ segir Kristján.

gunnarh@frettabladid.is


Nýtt í bíó
LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus
GLEÐILEGA PÁSKA




| LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR | | |
|---|---|---|
| SPIDERWICK | kl. 2, 4, 6 og 8 | 7 |
| 10.000 BC - POWER | kl. 5.50, 8 og 10.10 | 12 |
| HORTON - ÍSLENSKT TAL | kl. 2, 4 og 6 | L |
| SEMI - PRO | kl. 4, 8 og 10.10 | 12 |
| RAMBO | kl. 10 | 16 |
| ÁSTRÍKUR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM | kl. 1.45 | L |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu!

AUKAKRÓNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! AUKAKRÓNUR



OPIÐ ALLA PÁSKANA PÁSKABÍÓ! GLEÐILEGA PÁSKA




| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| SHUTTER | kl. 8 - 10 | 16 |
| SHUTTER LÚXUS | kl. 6 - 8 - 10 | |
| THE SPIDERWICK CRONICLES | kl. 3.30 - 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |
| HORTON | kl. 4 - 6 - 8 ENSKT TAL | |
| HORTON | kl. 4 - 6 ÍSLENSKT TAL | |
| HORTON LÚXUS | kl. 4 ÍSLENSKT TAL | |
| SEMI PRO | kl. 3.45 - 8 - 10.10 | 12 |
| BE KIND REWIND | kl. 10 | |
| 27 DRESSES | kl. 5.40 | |
| **REGNBOGINN SÍMI 551 9000** | | |
| IN BRUGES | kl. 5.45 - 8 - 10.10 | 16 |
| HORTON | kl. 6 - 8 - 10 ENSKT TAL | |
| THE ORPHANAGE | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| BE KIND REWIND | kl. 10.30 | |
| 27 DRESSES | kl. 5.30 - 8 | |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| THE SPIDERWICK CRONICLES | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| HORTON | kl. 6 ÍSLENSKT TAL | |
| HEIÐIN | kl. 6 - 8 | 7 |
| THE KITE RUNNER | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| INTO THE WILD | kl. 10 | 7 |
| BRÚÐGUMINN | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |
| **BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500** | | |
| THE SPIDERWICK CRONICLES | kl. 6 - 8 | 7 |
| HORTON | kl. 6 ÍSLENSKT TAL | |
| SEMI PRO | kl. 10 | 12 |
| HEIÐIN | kl. 8 - 10 | 7 |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Borgarbíói merktar með rauðu

AUKAKRÓNUR 5%

AUKAKRÓNUR FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM! AUKAKRÓNUR


# Setur nýtt heimsmet



**SPILA Á SUÐURSKAUTSLANDINU** Fall Out Boy setur heimsmet.

Ameríska stuðrokkbandið Fall Out Boy spilar í íþróttasal á Suðurskautslandinu hinn 25. mars. Með þeim tónleikum setur bandið heimsmet því engin önnur hljómsveit hefur spilað í öllum heimsálfunum sjö á innan við níu mánuðum.

Varla munu fleiri en nokkrir vísindamenn sjá Suðurskautsgiggið, nema ef vera skyldi ef mörgæsum yrði líka smalað inn í salinn. Fall Out Boy verður þó ekki fyrsta hljómsveitin til að spila á suðurskautinu. Samhliða Live Earth-tónleikunum í fyrra fóru þar fram fyrstu rokktónleikar sögunnar, reyndar með óþekktri hljómsveit skipaðri vísindamönnum. Auk þess að setja heimsmetið ætla stuðrokkararnir að leggja Grænfriðungum lið og vekja athygli á hlýnun jarðar.




HÉR ER AÐEINS BROT AF ÚRVALINU.

# Í TÖLVULISTANUM ERUM VIÐ MEÐ FRÁBÆR FERMINGATILBOÐ Á LEIKJATÖLVUM OG ÖLLUM FYLGIHLUTUM

TÖLVULISTINN

## ACE AMD 4

ACE SPECIAL EDITION

*FRÁ 4.876 KR Á MÁNUÐI

5200+ AM2 DualCore X2 Athlon64 með 2000FSB+HT 2GB Dual DDR2 minni • 400GB WD SATA harður diskur 16MB 20xDVD±/DL skrifari • 22" LCD Acer AL2216WBD skjár 256MB Geforce8 NX8600GT viftulaust skjákort • Lyklaborð og mús 2.1 Creative hátalarar • Windows Vista Home Premium

**VERÐ 139.900**

## ACE INTEL 3

ACE SPECIAL EDITION

*FRÁ 5.207 KR Á MÁNUÐI

2.66GHz Intel Core 2 Duo E6750 örgjörvi - 4MB flýtiminni 2GB Dual DDR2 667MHz minni • 400GB harður diskur 20xDVD±/DL skrifari • 22" LCD Acer AL2216WBD skjár 256MB MSI Geforce8 NX8600GT skjákort • Lyklaborð og mús 2.1 Creative hátalarakerfi • Windows Vista Home Premium

**VERÐ 149.900**

## ACE INTEL 5

ACE SPECIAL EDITION

*FRÁ 6.860 KR Á MÁNUÐI

2.4GHz Intel Core 2 Quad Q6600 örgjörvi með 8MB flýtiminni 2GB Dual DDR2 minni • 500GB SATA 5400RPM harður diskur DVD±/DL skrifari • 22" svartur LCD Samsung skjár 512MB Geforce8 NX8800GT PCI-Ex skjákort • Lyklaborð og mús 2.1 Creative hátalarakerfi • Windows Vista Home Premium

**VERÐ 199.900**

## LEIKJALYKLABORÐ

### MICROSOFT COMFORT

Sveigt lyklaborð frá Microsoft. Comfort Curve lyklaborð með þægilegum flýtihnöppum, USB 2.0

**VERÐ 3.990**

### LOGITECH 600

Logitech Media 600 er þægilegt og endingargott svart lyklaborð með ábrenndum íslenskum stöfum

**VERÐ 4.990**

### LOGITECH WAVE

NÝTT

Logitech Wave lyklaborðið er hannað með þægindi í fyrirrúmi, kemur með ábrenndum íslenskum stöfum

**VERÐ 7.990**

### MICROSOFT RECLUSA

Frábært leikjalyklaborð frá Microsoft með baklýstum hnöppum og sex forritanlegum tökkum.

**VERÐ 7.990**

### LOGITECH G11

Nýtt Logitech G11 Gaming lyklaborð Macro upptaka, forritanlegir baklýstir hnappar, íslenskir miðar, USB 2.0

**VERÐ 9.990**

### LOGITECH G15

Nýtt Logitech G15 Gaming lyklaborð Macro upptaka, forritanlegir baklýstir hnappar, íslenskir miðar, USB 2.0

**VERÐ 12.900**

## LEIKJAMÝS

### LOGITECH MX518

Mest notaða leikjamúsin frá Logitech. MX518 er optical mús sem virkar vel og styður allt upp í 1800 DPI

**VERÐ 7.990**

### LOGITECH G5

Flottasta leikjamúsin frá Logitech. G5 músin er með stillanlegri þyngd og styður allt upp í 2000 DPI

**VERÐ 9.990**

### RAZER COPPERHEAD

Flottasta Músin frá Razer. Razer Copperhead Tempest Blue leikjamúsin styður allt upp í 2000 DPI.

**VERÐ 8.990**

### STEELSERIES IKARI

Keppnis leikjamús frá Steelseries, hönnuð af leikjamönnum fyrir leikjamenn. Styður allt upp í 3200 DPI

**VERÐ 8.990**

### SIDEWINDER

Flottasta leikjamúsin frá Microsoft. Sidewinder er með stillanlegi þyngd og styður allt upp í 2000 DPI

**VERÐ 9.990**

### LOGITECH G9

Nýjasta leikjamúsin frá Logitech. G9 músin er kemur með tveimur skeljum og styður allt upp í 3200 DPI

**VERÐ 12.900**

## LEIKJAMÚSAMOTTUR

### STEELPAD QCK

NÝTT

Efnismúsamotta sem er 320mm x 285mm. Músamottan fyrir þá sem vilja frekar spila á efni heldur en plasti.

**VERÐ 1.290**

### STEELPAD QCK+

NÝTT

Efnismúsamotta fyrir þá sem þurfa mikið pláss. 450mm x 400mm að stærð fyrir þá sem vilja spila á efni.

**VERÐ 2.990**

### STEELSERIES 4D

NÝTT

Með eina hliðina á músamottunni grófa og hina fína getur þú valið hvort þér finnst þægilegara að nota.

**VERÐ 2.990**

### STEELSERIES S&S

NÝTT

Hörð músamotta sem er með mjög sérstakt yfirborð sem gerir þér kleift að hafa frábæra stjórn á músinni.

**VERÐ 3.990**

### STEELSERIES 5L

NÝTT

Steelpad 5L sameinar bæði endingu hörðu músamottunnar og mjúkleika efnismúsamottunnar í eitt.

**VERÐ 4.990**

### STEELSERIES SX

NÝTT

Álmúsamotta með ótrúlega sléttu yfirborð sem lætur músina renna einstaklega vel. Aðal leikjamúsamottan!

**VERÐ 5.990**

Öll verð og tilboð eru birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. *Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og er miðað við 48 mánaðarlegar jafnar afborganir. 3% stimpil og lántöku-gjald ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 26,5%.

**TÖLVULISTINN ALLTAF BETRA VERÐ**

2%

**REYKJAVÍK** • NÓATÚNI 17 • S: 414 1700 | **AKUREYRI** • STRANDGÖTU 9 • S: 414 1730 | **EGILSSTAÐIR** • MIÐVANGI 2-4 • S: 414 1735
**KEFLAVÍK** • HAFNARGÖTU 90 • S: 414 1740 | **SELFOSS** • AUSTURVEGI 34 • S: 414 1745 | **HAFNARFJÖRÐUR** • REYKJAVÍKURVEGI 66 • S: 414 1750
**KÓPAVOGUR** • HLÍÐASMÁRA 10 • S: 414 1760 | **AKRANES** • SMIÐJUVÖLLUM 32 • S: 414 1765

> **Hermann missir af Slóvakíuleiknum**



Hermann Hreiðarsson verður ekki með í vináttulandsleiknum á móti Slóvakíu á miðvikudaginn en hann hefur dregið sig út úr hópnum vegna meiðsla eftir samráð við lækni íslenska landsliðsins. Hermann lék með Portsmouth gegn Tottenham um helgina en þegar á reyndi úti í Slóvakíu var ákveðið að taka enga óþarfa áhættu. „Hann er meiddur á hné, var alveg stokkbólginn og hefði aldrei getað spilað leikinn,“ sagði Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari, sem fór með tuttugu manna hóp út og þurfti því ekki að kalla inn annan leikmann.

**sport**

sport@frettabladid.is

HILDUR SIGURÐARDÓTTIR, KR, OG JOVANA LILJA STEFÁNSDÓTTIR, GRINDAVÍK: EINUM SIGRI FRÁ ÚRSLITUNUM

# Spurning um að hringja í strákana í Miðjunni





Fréttablaðið heyrði hljóðið í fyrirliðum KR og Grindavíkur sem mætast í hreinum úrslitaleik um sæti í lokaúrslitum um Íslandsmeistaratitilinn í Iceland Expresss-deild kvenna í körfubolta.

Hildur Sigurðardóttir, fyrirliði KR, horfir mest á vörnina. „Varnarleikurinn hefur ekki verið að ganga eins vel og í fyrstu tveimur leikjunum. Í síðasta leik eru Skiba og Tiffany að gera of mikið og við þurfum að loka betur á þær,“ segir Hildur. „Nú er bara úrslitaleikur fram undan og það hjálpar okkur mikið að eiga hann á heimavelli. Það verður vonandi mikil stemning á pöllunum og það er spurning um að hringja í strákana í Miðjunni og athuga með þá,“ segir Hildur í léttum tón. „Við eigum alveg að geta klárað þetta og það verður ekkert annað slys í Vesturbænum,“ sagði Hildur og vísaði til tapsins í þriðja leiknum.

Jovana Lilja Stefánsdóttir, fyrirliði Grindavíkur, segir hugarfarsbreytingu hafa orðið í sínu liði eftir að þær lentu 2-0 undir. „Við sýndum karakter og jöfnuðum þetta einvígi,“ segir Jovana. „Ég hef alltaf sagt það að við erum ekkert saddar eftir þennan bikarmeistaratitil. Ég sagði það í viðtali þegar við vorum 2-0 undir og ég stend ennþá við það. Við fengum mikið sjálfstraust með því að vinna þennan örugga sigur á heimavelli KR. Það er betra að byrja seint en aldrei,“ sagði Jovana í léttum tón.

„Við vitum alveg hvað það er langt síðan Íslandsmeistaratitillinn kom til Grindavíkur og við ætlum að gera allt til þess að koma bikarnum aftur heim,“ sagði Jovana, sem veit hvað Grindavík þarf að gera. „Við vitum alveg hvað þær geta en við erum fyrst og fremst að hugsa um okkar leik. Við ætlum bara að leika okkar leik og stíga út og þá eigum við ekki að lenda í neinum vandræðum,“ segir Jovana. „Ég er búin að heyra það í bænum að það sé mikil stemning fyrir þessum leik. Ég býst við að það verði alveg troðið í DHL-höllinni sem yrði alveg frábært.“

## ÚRSLIT LEIKJA

### Enska úrvalsdeildin

| | |
|---|---|
| ASTON VILLA-SUNDERLAND | 0-1 |
| 0-1 Michael Chopra (84.) | |
| BLACKBURN-WIGAN | 3-1 |
| 1-0 Roque Santa Cruz (11.), 1-1 Marlon King (17.), 2-1 Jason Roberts (45.), 3-1 Santa Cruz (63.) | |
| EVERTON-WEST HAM | 1-1 |
| 1-0 Yakubu Aiyegbeni (8.), 1-1 Dean Ashton (68.) | |
| MIDDLESBROUGH-DERBY | 1-0 |
| 1-0 Tuncay Sanli (32.). | |
| NEWCASTLE-FULHAM | 2-0 |
| 1-0 Mark Viduka (6.), 2-0 Michael Owen (83.). | |
| READING-BIRMINGHAM | 2-1 |
| 1-0 Andre Bikey (31.), 1-1 Mauro Zarate (64.), 2-1 Andre Bikey (78.) | |
| TOTTENHAM-PORTSMOUTH | 2-0 |
| 1-0 Darren Bent (80.), 2-0 Jamie O'Hara (82.) | |
| CHELSEA-ARSENAL | 2-1 |
| 0-1 Bacary Sagna (59.), 1-1 Didier Drogba (73.), 2-1 Didier Drogba (81.). | |
| MANCHESTER UNITED-LIVERPOOL | 3-0 |
| 1-0 Wes Brown (34.), 2-0 Cristiano Ronaldo (79.), 3-0 Nani (81.) | |

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Man. United** | **31** | **23** | **4** | **4** | **64-15** | **73** |
| Chelsea | 31 | 20 | 8 | 3 | 55-23 | 68 |
| **Arsenal** | **31** | **19** | **10** | **2** | **59-24** | **67** |
| Liverpool | 31 | 16 | 11 | 4 | 55-24 | 59 |
| **Everton** | **31** | **17** | **6** | **8** | **48-26** | **57** |
| Portsmouth | 31 | 14 | 8 | 9 | 44-33 | 50 |
| **Aston Villa** | **31** | **13** | **10** | **8** | **52-40** | **49** |
| Blackburn | 31 | 13 | 10 | 8 | 42-38 | 49 |
| **Man. City** | **31** | **13** | **10** | **8** | **36-34** | **49** |
| West Ham | 31 | 12 | 8 | 11 | 34-37 | 44 |
| **Tottenham** | **31** | **10** | **9** | **12** | **60-51** | **39** |
| Middlesbrough | 31 | 8 | 10 | 13 | 28-44 | 34 |
| **Newcastle** | **31** | **8** | **8** | **15** | **33-57** | **32** |
| Wigan Athletic | 31 | 8 | 7 | 16 | 28-45 | 31 |
| **Reading** | **31** | **9** | **4** | **18** | **37-58** | **31** |
| Sunderland | 31 | 8 | 6 | 17 | 27-48 | 30 |
| **Birmingham** | **31** | **6** | **9** | **16** | **35-48** | **27** |
| Bolton | 31 | 6 | 8 | 17 | 28-45 | 26 |
| **Fulham** | **31** | **4** | **11** | **16** | **27-51** | **23** |
| Derby | 31 | 1 | 7 | 23 | 14-65 | 10 |

### Spænski fótboltinn

| | |
|---|---|
| FC BARCELONA - REAL VALLADOLID | 4-1 |
| 1-0 Samuel Eto'o (24.), 1-1 Jonathan Sesma (31.), 2-1 Andres Iniesta (47.), 3-1 Bojan Krkic (62.), 4-1 Bojan Krkic (84.). Eiður Smári Guð johnsen kom inn á sem varamaður á 62. mín. | |
| REAL MADRID - VALENCIA CF | 2-3 |
| 0-1 David Villa (33.), 1-1 Raúl (34.), 2-1 Raúl (57.), 2-2 David Villa (67.), 2-3 Arizmendi (88.) | |

**STAÐA EFSTU LIÐA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Real Madrid** | **29** | **20** | **2** | **7** | **61-28** | **62** |
| FC Barcelona | 29 | 17 | 7 | 5 | 58-26 | 58 |
| **Villarreal CF** | **29** | **17** | **5** | **7** | **49-37** | **56** |

### Undankeppni HM 20 ára

| | |
|---|---|
| Strákar: Ísland-Þýskaland | 26-34 |
| Mörk Íslands skoruðu: Orri Freyr Gíslason 8, Aron Pálmarsson 5, Rúnar Kárason 5, Þröstur Þráinsson 3, Ólafur Bjarki Ragnarsson 2, Anton Rúnarsson 2 og Oddur Grétarsson 1. Ísland endaði í 2. sæti og komst ekki áfram. | |
| Stelpur: Ísland-Búlgaría | 40-21 |
| Mörk Íslands skoruðu: Stella Sigurðardóttir 9, Arna Sif Pálsdóttir 5, Karólína Gunnarsdóttir 4, Sara Sigurðardóttir 4, Hildigunnur Einarsdóttir 4, Þórey Rósa Stefánsdóttir 3, Sunna María Einarsdóttir 3, Rebekka Rut Skúladóttir 3, Karen Knútsdóttir 2, Auður Jónsdóttir 1, Rut Jónsdóttir 1 og Hildur Þorgeirsdóttir 1. Ísland endaði í 2. sæti og komst ekki áfram. | |

### Iceland Express deild kvenna

| | |
|---|---|
| Grindavík-KR | 91-83 |
| Stig Grindavíkur: Tiffany Roberson 35 (12 frák.), Joanna Skiba 27 (7 stoðs.), Ólöf Helga Pálsdóttir 13 (6 stoðs.), Petrúnella Skúladóttir 8, Ingibjörg Jakobsdóttir 4, Íris Sverrisdóttir 2, Jovana Lilja Stefánsdóttir 2. Stig KR: Candace Futrell 27 (12 frák.), Hildur Sigurðardóttir 19 (11 stoðs., 7 frák.), Sigrún Ámundadóttir 17 (11 frák.), Helga Einarsdóttir 6 (15 frák.), Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 6, Guðrún Ámundadóttir 5, Ingibjörg Skúladóttir 3. | |

### 1. deild karla í körfubolta:

| | |
|---|---|
| Haukar-FSu | 86-98 |
| Ármann/Þróttur-Valur | 80-96 |
| FSu og Valur eru komin áfram og spila um laust sæti í Iceland Express-deild karla. | |

# Einvígi United og Chelsea

**Manchester United er komið með fimm stiga forskot á toppi ensku úrvalsdeildarinnar eftir leiki páskahelgarinnar. Chelsea vann Arsenal, sem er að gefa eftir.**

**FÓTBOLTI** Staða ensku meistaranna í Manchester United er mjög góð eftir leikina um páskana en leikmennirnir hans Sir Alex Ferguson hafa nú fimm stiga forskot á Cheslea þegar aðeins sjö umferðir eru eftir. Margir eru farnir að bíða spenntir eftir leik toppliðanna á Brúnni 26. apríl næstkomandi en þar gæti farið fram óopinber úrslitaleikur um titilinn.



**RAUTT SPJALD** Steve Bennett rekur Javier Mascherano af velli í lok fyrri hálfleiks. NORDICPHOTOS/GETTY

„Þetta var mjög góð frammistaða og sýndi hversu mikið liðið mitt hefur þroskast á undanförnum sex mánuðum. Baráttan um titilinn heldur áfram þar til í lok tímabilsins því bæði Chelsea og Arsenal eru að spila vel,“ sagði Sir Alex Ferguson eftir 3-0 sigur Manchester United á Liverpool en umdeildasta atvik leiksins var þegar argentínski miðjumaðurinn Javier Mascherano fékk sitt annað gula spjald á 43. mínútu fyrir mótmæli.

„Hann veit að hann gerði mistök en það er erfitt að skilja þessa ákvörðun dómarans. Ég talaði við Javier á spænsku og hann svaraði alltaf að hann hefði ekki sagt neitt. Það voru samt mistök að fara að spyrja dómarann með spjald á bakinu. Hann þekkir ekki dómarana en bæði hann og aðrir leikmenn hafa sagt mér að hann hafi aðeins spurt af hverju. Hann var því mjög hissa á að hafa fengið spjald en það er hreinlega rangt hjá dómaranum að skilja lið eftir manni færra af því að einn leikmaður spurði af hverju,“ sagði Rafael Benitez, stjóri Liverpool, eftir leik en hann þurfti að halda aftur af Mascherano, sem neitaði að yfirgefa völlinn þegar hann fékk að líta rauða spjaldið. Þau viðbrögð gætu kostað hann langt bann.

„Mótmæli eru mótmæli. Ég veit ekki af hverju Mascherano kom alla leið frá miðju vallarins til þess að rífast í dómaranum. Rauða spjaldið gaf okkur völd á leiknum en við vorum betra liðið fyrir það.



**LOKSINS** Didier Drogba er vaknaður af værum blundi. NORDICPHOTOS/GETTY

Rooney komst þrisvar einn á móti markverði og Ronaldo klúðraði tveimur dauðafærum. Við spiluðum mjög vel og unnum okkar vinnu,“ sagði Ferguson.

Didier Drogba skoraði bæði mörk Chelsea í 2-1 sigri á Arsenal og Chelsea hefur hægt og rólega komið sér aftur inn í toppbaráttuna. Það var samt Arsenal-liðið sem komst yfir áður en Drogba jafnaði leikinn og tryggði sínum mönnum síðan þrjú mikilvæg stig með því að skora sigurmarkið átta mínútum fyrir leikslok.

„Þessi sigur gefur okkur trú á að við séum enn með í baráttunni um titilinn við United. Ég vona að við getum unnið titilinn en fagnaðarlætin okkar í dag sýndu það hversu miklu máli deildin skiptir þetta lið,“ sagði hetja Chelsea, Didier Drogba, eftir leikinn.

Stjórinn Avram Grant var líka kátur. „Didier spilaði ekki vel eftir að hann kom til baka frá Afríkukeppninni en hann spilaði betur gegn Spurs í síðustu viku og í dag var hann mjög góður. Það var kominn tími til,“ sagði Grant en Drogba skoraði sitt fyrsta mark síðan í nóvember í jafnteflinu við Tottenham í síðustu viku.

Arsene Wenger, stjóri Arsenal, lifir enn í voninni um að Arsenal geti orðið meistari en eftir fimm leiki í röð án sigurs bendir flest til þess að liðið sé að dragast aftur úr.

ooj@frettabladid.is



**Á SIGURBRAUT** Kimi Räikkönen og liðsmenn í Ferrari voru kátir eftir kappaksturinn um páskana. NORDICPHOTOS/GETTY

Formúla eitt í Malasíu:

# Kimi kom sterkur til baka

**FORMÚLA 1** Heimsmeistarinn Kimi Räikkönen vann öruggan sigur í malasíska kappakstrinum í Formúlu eitt um páskana. Hann er nú aðeins þremur stigum á eftir Lewis Hamilton, sem varð fimmti að þessu sinni. Robert Kubica hjá BMW Sauber tók annað sætið og Heikki Kovalainen hjá McLaren varð þriðji.

„Þetta var frekar auðvelt eftir fyrsta viðgerðarhléið. Fyrsta helgin í Ástralíu var mjög erfið en það gekk allt fullkomlega upp núna og ég er mjög ánægður með byrjunina á tímabilinu,“ sagði Finninn Kimi Räikkönen. Hann tók fram úr félaga sínum hjá Ferrari Felipe Massa í kringum fyrsta stopp og leit aldrei til baka eftir það. Massa, sem var á ráspól, missti aftur á móti bílinn út úr brautinni og datt úr leik.

„Ég vildi að sjálfsögðu gera betur en ég get ekki kvartað yfir því að vera efstur eftir fyrstu tvö mótin,“ sagði Lewis Hamilton, sem fékk fimm sæta refsingu fyrir að „trufla“ Nick Heidfeld í tímatökunni og byrjaði því í 9. sæti. - óój

**KEPPNI ÖKUMANNA:**

| | |
|---|---|
| 1. Lewis Hamilton, McLaren | 14 |
| 2. Kimi Räikkönen, Ferrari | 11 |
| 3. Nick Heidfeld, BMW | 11 |
| 4. Heikki Kovalainen McLaren | 10 |
| 5. Robert Kubica, BMW | 8 |
| 6. Nico Rosberg, Toyota | 6 |
| 7. Fernando Alonso, Renault | 6 |

Fimmti leikur KR og Grindavíkur í undanúrslitum Iceland Express-deildar kvenna fer fram í kvöld:

# Ólöf Helga og Joanna hafa bætt sig mest

**KÖRFUBOLTI** KR og Grindavík mætast í kvöld í fimmta sinn í undanúrslitaeinvígi sínu um sæti í lokaúrslitum Iceland Express-deildar kvenna. Leikurinn hefst klukkan 19.15 í DHL-höllinni.

KR vann tvo fyrstu leikina örugglega en Grindavík náði að jafna einvígið með því að vinna tvo síðustu leiki, þar á meðal síðasta leik 91-83 í Grindavík á laugardaginn. Sigurvegari leiksins í kvöld spilar um Íslandsmeistaratitilinn á móti deildarmeisturum Keflavíkur sem þegar hafa beðið í fimm daga eftir því að fá að vita hverjir mótherjarnir verða.

Fyrsti leikhlutinn í kvöld ætti að vera mikilvægur því það lið sem hefur verið yfir eftir fyrstu



**ALLT ÖNNUR** Joanna Skiba í Grindavík fann sig ekki í fyrstu tveimur leikjunum en betri leikur hennar hefur skipt sköpum í síðustu tveimur leikjum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

10 mínúturnar í leikjunum fjórum hefur unnið leikinn. KR vann fyrsta leikhlutann með samtals 23 stigum í fyrstu tveimur leikjunum en í síðustu tveimur leikjunum hefur Grindavík unnið upphafsleikhlutann með 20 stigum.

Það eru einkum tveir leikmenn Grindavíkur sem hafa bætt sig mest frá því í fyrstu tveimur tapleikjunum í einvíginu. Þetta eru þær Ólöf Helga Pálsdóttir og Joanna Skiba.

Ólöf Helga er með 13,5 fleiri framlagsstig í leik í sigrunum tveimur en í tapleikjunum og Skiba hefur hækkað sig um 10,5 í framlagi, um 11,5 stig í leik og um 23,7 prósent í skotnýtingu. Skiba var aðeins með 9,5 stig og 23,2 prósenta skotnýtingu í tapleikjunum í upphafi einvígisins en hefur hækkað þær tölur upp í 21,0 stig í leik og 47,1 prósents skotnýtingu í sigrunum. Skiba hefur gefið tóninn í upphafi beggja leikja en hún hefur skorað 20 stig í fyrsta leikhluta í þessum tveimur góðu sigrum liðsins.

Grindavík getur með sigri orðið annað liðið í sögu úrslitakeppninnar til þess að vinna viðureign eftir að hafa lent 2-0 undir. Eina skiptið sem þetta hefur gerst var í lokaúrslitunum árið 2002 þegar KR lenti 2-0 undir en vann síðan næstu þrjá leiki, þar af oddaleikinn á útivelli.

Þetta verður tíundi oddaleikurinn um sæti í lokaúrslitum úrslitakeppni kvenna og hafa heimaliðin unnið í öll níu skiptin. - óój

# LÍNAN



## Þú velur...



**Coffee línan: 180 tegundir af áklæðum og 50 tegundir af leðri** | Verð: 2ja sæta frá 88.000 kr. í áklæði og 138.000 kr. í leðri

Línan ehf | Bæjarlind sex | 201 Kópavogur | Sími 553 7100 | Opið mán til fös 10-18 og lau 11-16



> **Dennis Hopper**

Hopper hóf snemma að feta frægðarveg Hollywood. Fyrsta myndin sem hann lék í var myndin Johnny Guitar árið 1954 en strax árið eftir lék hann í stórmyndinni Rebel Without a Cause ásamt engum öðrum en James Dean. Hopper sést hins vegar töluvert gamall og lúinn í myndinni Carried Away sem Stöð 2 bíó sýnir í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR HUGSAR TIL FORTÍÐAR

# *Gullöld sjónvarpsþátta – hvenær var hún?*



Það er alveg merkilegt hversu hratt nýliðin fortíð sveipast dýrðarljóma í minningunni. Þetta á þó kannski hvergi betur við en þegar menningarafurðir eru rifjaðar upp. Komum við þá að mergi málsins: sjónvarpsþættir dagsins í dag eru algjört rusl. Þetta vita allir sem horfa á sjónvarp; við fussum og sveium yfir þessu algera sorpi sem við hleypum inn á heimili okkar og sverjum þess dýran eið að horfa aldrei aftur á einhvern asnalegan raunveruleikaþáttinn. Svo höllum við okkur aftur í stólnum og látum hugann reika aftur til þess tíma þegar við virkilega nutum þess að horfa á sjónvarp; áður en lífið hafði hert okkur til þess að taka öllu með gagnrýnu hugarfari. Til að mynda eru teiknimyndir alltaf heiðbjartar og óborganlega fyndnar í minningunni. Það sama má segja fyrstu fullorðinsþættina sem maður horfði á í árdaga unglingsáranna. Hvílíkt efni! Það er ekkert í kassanum í dag sem stenst því snúning.

Man einhver eftir þáttunum Skálkar á skólabekk? Þeir fjölluðu um hinn úrræðagóða Parker Lewis og félaga hans sem lifðu til að skemmta sér og snúa á skólayfirvöld. Skræpóttar skyrturnar hans Parkers höfðu mótandi áhrif á viðkvæma tískuvitund grunnskólanema um heim allan. Annar þáttur sem markaði tímamót á leiðinni úr barnæsku og yfir í fullorðinsár fjallaði um vísindamanninn Sam Beckett sem varð fyrir þeim ósköpum að stökkva fram og til baka í tíma og rúmi og setjast að í líkömum vandræðagemlinga. Þættirnir minntu um margt á tölvuleik; Beckett var gert að leysa vandamál hýsils síns til þess að geta tekið næsta stökk. Hann stóð sig með stakri prýði, en dreymdi þó alltaf um að næsta stökk myndi færa hann heim í heiðardalinn og eigin líkama. Ungmenni Íslands voru algerlega heilluð af ævintýrum þessa hugrakka vísindamanns og felldu jafnvel tár þegar síðasti þáttur syrpunnar fór í loftið.

Þeim sem vilja viðhalda dýrðarljóma minninga sinna um sjónvarpsþætti er ráðið frá því að leita að þáttunum á vefsíðunni Youtube.

## EKKI MISSA AF



▶ **18.00** The Pink Panther
STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.10** Veronica Mars
SJÓNVARPIÐ



▶ **20.40** Shark
STÖÐ 2



▶ **21.00** Innlit/útlit
SKJÁREINN



▶ **21.25** F1-Við endamarkið
STÖÐ 2 SPORT

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Ofurþjarkinn og apahersveitin**

**17.51 Hrúturinn Hreinn**

**18.00 Geirharður bojng bojng**

**18.25 Undir ítalskri sól** Sænsk þáttaröð þar sem rithöfundurinn Bo Hagström fer um Ítalíu og kynnir sér matarmenninguna þar. Hann hefur ferðina í Puglia-héraði syðst í landinu og heimsækir meðal annars vínbónda sem eldar laukböku með arabísku ívafi og bragðar á hráum skelfiski í Gallipoli.

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

▶**20.10 Veronica Mars** Bandarísk spennuþáttaröð um unga konu sem tók til við að fletta ofan af glæpamönnum eftir að besta vinkona hennar var myrt og pabbi hennar missti vinnuna. Veronica reynist vera slyngur spæjari og það hefur komið í ljós í átökum hennar við glæpahyskið að henni er ekki fisjað saman.

**20.55 Með sting í hjarta** Ný sænsk heimildamynd. Höfundur myndarinnar er Oscar Hedin.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Rannsókn málsins - Elskendur** (2:2)

**23.40 Mannaveiðar** (1:4) e.

**00.25 Kastljós**

**01.00 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Carried Away**

**08.00 Yu-Gi-Oh! - Bíómyndin**

**10.00 Manchester United: The Movie**

**12.00 The Pink Panther**

**14.00 Yu-Gi-Oh! - Bíómyndin**

**16.00 Manchester United: The Movie**

▶**18.00 The Pink Panther** Sprenghlægileg gamanmynd með Steve Martin og Beyonce Knowles í aðalhlutverkum.

**20.00 Carried Away**

**22.00 The Notorious Bettie Page**

**00.00 Something the Lord Made**

**02.00 Possible Worlds**

**04.00 The Notorious Bettie Page**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Camp Lazlo, Litlu Tommi og Jenni, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar

**08.10 Oprah** (Bette Midler 62)

**08.50 Í fínu formi**

**09.05 Bold and the Beautiful**

**09.25 La Fea Más Bella**

**10.10 Studio 60** (18:22)

**11.15 60 minutes**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.45 Neighbours** (Nágrannar)

**13.10 Eldsnöggt með Jóa Fel** (6:6)

**13.35 First Daughter**

**15.20 Sjáðu**

**15.55 Barnatími Stöðvar 2** Ginger segir frá, Justice League Unlimited, Kringlukast, Shin Chan

**17.28 Bold and the Beautiful**

**17.53 Neighbours** (Nágrannar)

**18.18 Ísland í dag, Markaðurinn og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.55 Ísland í dag og íþróttir**

**19.30 The Simpsons** (3:21)

**19.55 Hell´s Kitchen** (1:11)

▶**20.40 Shark** (3:16) Stórleikarinn James Woods snýr aftur í hlutverki lögfræðingsins eitilharða Sebastian Stark. Þetta er önnur þáttaröð þessa frábæra og ferska lögfræðikrimma. Við höldum áfram að fylgjast með Sebastian sækja erfiðustu málin fyrir saksóknaraembættið en oftar en ekki hittir hann fyrir harðsvíraða glæpamenn sem hann eitt sinn varði sjálfur. 2007.

**21.25 Kompás**

**22.00 60 minutes** (60 mínútur)

**22.45 The Closer** (15:15) Þriðja sería þessa geysisterka spennuþáttar, sem orðinn er langvinsælasti þátturinn sem sýndur er á kapalstöð í Bandaríkjunum.

**23.30 Nip/Tuck** (9:14)

**00.20 Agatha Christie - Sittaford Mystery**

**01.55 First Daughter**

**03.40 Shark** (3:16)

**04.25 The Simpsons** (3:21)

**04.50 Fréttir og Ísland í dag**

**06.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**18.00 Spænsku mörkin** Öll mörkin frá síðustu umferð í spænska boltanum. Íþróttafréttamenn kryfja öll umdeildustu atvikin ásamt Heimi Guðjónssyni.

**18.45 Inside Sport** (Olympic Special)

**19.10 World Supercross GP** Útsending frá World Supercross GP en að þessu sinni fór mótið fram á Angel Stadium í Kaliforníu.

**20.05 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Vandaður fréttaþáttur úr Meistaradeild Evrópu þar sem síðustu umferðir eru skoðaðar og viðtöl tekin við leikmenn og þjálfara.

**20.35 Cristiano Ronaldo** (Cristiano Ronaldo – My Life) Glæsilegur heimildarþáttur um einn besta knattspyrnumann heims í dag.

▶**21.25 Formúla 1** (F1: Við endamarkið) Fjallað verður um atburði helgarinnar og gestir í myndveri Sýnar ræða málin. Farið verður yfir helstu mál líðandi keppni og þau krufin til mergjar.

**22.05 PGA Tour 2008 - Hápunktar**

**23.00 Iceland Expressdeildin 2008** Útsending frá leik Njarðvíkur og KR í Iceland Express deildinni í körfuknattleik.

**00.35 Ultimate Blackjack Tour 1**

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**14.40 Aston Villa - Sunderland**

**16.20 Tottenham - Portsmouth**

**18.00 Premier League World** (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.

**18.30 Coca Cola mörkin** Farið yfir öll mörkin og helstu atvikin í leikjum síðustu umferðar í Coca Cola deildinni en þar eiga Íslendingar nokkra fulltrúa.

**19.00 Chelsea - Arsenal**

**20.40 Man. Utd. - Liverpool**

**22.20 English Premier League** (Ensku mörkin) Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.

**23.15 Bolton - Man. City**

## SKJÁREINN

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Fyrstu skrefin** (e)

**09.15 Vörutorg**

**10.15 Óstöðvandi tónlist**

**16.20 Vörutorg**

**17.20 All of Us**

**17.45 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Racheal Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**18.30 Jay Leno** (e)

**19.20 Psych** (e)

**20.10 Queer Eye** Fimm samkynhneigðar tískulöggur þefa uppi lúðalega gaura og breyta þeim í flotta fýra. Allt er tekið í gegn og lífi viðkomandi snúið á hvolf. Fataskápurinn er endurnýjaður, flikkað upp á hárgreiðsluna, íbúðin endurskipulögð og gaurnum kennt að búa til rómantíska stemmningu. Eftir stendur flottur gæi sem er fær í flestan sjó.

▶**21.00 Innlit / útlit** Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Þórunn, Nadia og Arnar Gauti koma víða við, heimsækja skemmtilegt fólk og breyta og bæta á heimilum þess. Þau eru með góðan hóp iðnaðarmanna sér til halds og trausts og koma með sniðugar hugmyndir og einfaldar lausnir.

**21.50 Cane** Kraftmikil þáttaröð með Jimmy Smits í aðalhlutverki. Alex og Frank standa saman í ákvörðun sem klífur fjölskylduna. Pancho segir frá leyndarmáli sínu og lík Quinones finnst.

**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

**23.25 C.S.I.** (e)

**00.15 Bionic Woman** (e)

**01.05 Vörutorg**

**02.05 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




STÖÐ 2 VILD INNIHELDUR:
512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 19.55

### Hell's Kitchen - Fyrsti þáttur



Klárasti, kröfuharðasti og kjaftforasti kokkur heims, Gordon Ramsey, er mættur í þriðja sinn í Hell's Kitchen; svæsnustu, flottustu og ferskustu þáttaröðinni til þessa. Sem fyrr fær hann til sín nokkra efnilega áhugamenn um matreiðslu og þeir taka þátt í einstaklega harðri keppni um starf á glæsilegum veitingastað en líka um hylli, grið og vægð hins skelfilega Ramsey sem notar hvert tækifæri til að niðurlægja og skamma keppendur fyrir viðvaningshátt og grátbrosleg mistök í eldamennskunni.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Með sting í hjarta

**Sjónvarpið kl. 20.55**



Hreint út sagt mögnuð heimildarmynd um tvo grunaða sjálfsvígsárásarmenn, Mirsad og Cesur, annar frá smábænum Kungälv í nágrenni Gautaborgar og hinn frá Bröndby, úthverfi Kaupmannahafnar. Árið 2005 réðust bosnískir lögreglumenn inn í íbúð í Sarajevó þar sem þeir voru handteknir Þeir höfðu tekið hinstu kveðju sína upp á myndband og höfðu tiltækan allan búnað til að sprengja sig í loft upp. Báðir fengu þeir langan fangelsisdóm. Í myndinni er leitað svara við spurningum eins og þessari: Af hverju vilja ungir evrópskir múslimar fórna lífi sínu?

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Árla dags
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.31** Morgunvaktin
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Heima er best
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Stef
**15.03** Útvarpssagan: Sjosja
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Hundur í útvarpssal
**21.00** Í heyranda hljóði
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Fimm fjórðu
**00.07** Næturtónar

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks**
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 George Lopez Show, The**(17.:8)
**17.30 Extreme: Life Through a Lens** Hér eru sagðar sögur stjarnanna í Hollywood í gegnum myndir sem hafa birst í stærstu fjölmiðlum og hafa haft áhrif á líf þeirra og feril.
**18.15 Lovespring International** (13:13)
**18.35 American Dad 3**
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 George Lopez Show, The** (17:18) Bráðskemmtilegur gamanmyndaflokkur fyrir alla fjölskylduna með grínistanum George Lopez í aðalhlutverki.
**20.30 Extreme: Life Through a Lens**
**21.15 Lovespring International** (13:13) Nýr léttgeggjaður gamanþáttur sem gerist hjá stefnumótaþjónustu.
**21.35 American Dad 3**
**22.00 American Idol** (22:42) Komið er að því að finna sjöundu Idol-stjörnuna.
**23.25 American Idol** (23:42)
**23.50 Crossing Jordan** (14:17) Þættirnir eru framleiddir af hinum sömu og framleiða Las Vegas. 2006. Bönnuð börnum.
**00.35 Comedy Inc.** (7:22)
**01.00 American Dad** (4:23)
**01.25 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar** Ingvi Hrafn tjáir sig um viðhorf sín til stjórnmála líðandi stundar.
**21.00 Birkir Jón** Umsjónarmaður er Birkir Jón Jónsson þingmaður. Hann ræðir við gest sinn um pólitík.
**21.30 Úrval úr Mér finnst...** Lifandi skemmtiþáttur í umsjón Ásdísar Olsen og Kolfinnu Baldvinsdóttur. Þær leika á als oddi í umræðum um konur og samfélagið.

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**10.00** Diagnose søges **10.30** Formiddag med Nis Boesdal **11.00** DR Update - nyheder og vejr **11.10** Ha' det godt **11.40** Og det var Danmark... **12.10** Søren Ryge - Solsikkespiralen **12.45** OBS **12.50** Diagnose søges **13.20** Koht i familien **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Dawson's Creek **15.00** SPAM **15.30** Pucca **15.35** Svampebob Firkant **16.00** Store Nørd **16.30** Lille Nørd **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Ha' det godt **19.00** Kender du typen? **19.30** Med andre øjne **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Lorenzo's Oil - miraklernes tid **22.40** OBS **22.45** Seinfeld **23.10** Album

## NRK 1

**8.55** Frokost-tv **11.00** NRK nyheter **11.10** Fantastiske fortellinger **11.40** Påskegudstjeneste i Nordstrand kirke, Oslo **12.40** Viggo Ree **13.10** Jessica Fletcher **14.00** Supermusikk **14.30** Den utvalgte **14.55** Frosk til middag **15.05** H2O **15.30** Utfordringen **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Solens mat **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Barne-tv **17.15** Den vesle bilen Brum **17.30** Pablo, den lille rødreven **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i naturen: Jakten på amfibiene **18.55** Landeplage: Eg ser **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.25** Brennpunkt **21.20** Extratrekning **21.30** Bokprogrammet **22.00** Kveldsnytt **22.15** Enduring Love **23.50** 4*4*2: Bakrommet: Fotballmagasin **0.20** Kulturnytt

## SVT 1

**10.00** Framtidens fingeravtryck **10.30** Ramp **11.00** Rapport **11.05** Hockeyhjärtan **13.10** Åh, en så'n grabb! **14.30** Andra Avenyn **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Life Stuff **16.25** Flag Stories - in English **16.30** Krokomax **17.00** Bolibompa **17.10** Minimyror i Kenya **17.15** Byggare Bob - Projekt: Bygg framtiden **17.25** Räkna med skägg **17.30** Fiska med Anders **17.45** Philofix **18.00** Bobster **18.05** Hasses brorsas låtsassyrras kompis **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Andra Avenyn **19.30** Packat & klart **20.00** Plus **20.30** Klass 9A **21.00** Black and White **22.40** Rapport **22.50** Kulturnyheterna **23.05** Stressad, rädd och förbannad


MIKIÐ ÚRVAL AF NOTUÐUM BÍLUM - TÖKUM NOTAÐA BÍLA UPP Í NOTAÐA BÍLA - FJÖLDI BÍLA Á STAÐNUM - VIÐ TÖKUM VEL Á MÓTI ÞÉR...

Bílabúð Benna
SÍMI 587 1000 | www.benni.is

NÚ ER RÉTTI TÍMINN
100%
Allt að 100% lán - Fastir vextir 9,7% í ísl krónum
TIL AÐ FÁ SÉR NOTAÐAN BÍL....

NOTUÐU BÍLARNIR HJÁ OKKUR KOMA ÞÉR Á FLUG MEÐ ICELAND EXPRESS...

MEÐ SÉRVÖLDUM BÍLUM FYLGJA TVEIR FLUGMIÐAR* Á EINHVERN AÐ EFTIRTÖLDUM STÖÐUM:

2004 Staðgr. ▶ Tilboð 950 þús.

DAEWOO NUBIRA S/D
Skráningardagur 06/2004 | Ekinn km 40 þús | Gírar 5 Gíra
Meðalgreiðsla á mánuði 25.495.-
Miðað við 100% lán og 9,7% fasta vexti í Íkr.

2002 Staðgr. ▶ Tilboð 990 þús.

NISSAN TERRANO II 2,7 D - 7M
Skráningardagur 04/2002 | Ekinn km 178 þús | Gírar 5 Gíra
Meðalgreiðsla á mánuði 26.550.-
Miðað við 100% lán og 9,7% fasta vexti í Íkr.

2006 Staðgr. ▶ Tilboð 1.350 þús.

CHEVROLET LACETTI CDX SPORT
Skráningardagur 11/2006 | Ekinn km 15 þús | Gírar 5 Gíra
Meðalgreiðsla á mánuði 36.047.-
Miðað við 100% lán og 9,7% fasta vexti í Íkr.

2003 Staðgr. ▶ Tilboð 1.450 þús.

SSANGYONG MUSSO GL II DIESEL
Skráningardagur 12/2003 | Ekinn km 137 þús | Gírar 5 Gíra
Meðalgreiðsla á mánuði 38.685.-
Miðað við 100% lán og 9,7% fasta vexti í Íkr.

2004 Staðgr. ▶ Tilboð 950 þús.

SUZUKI JIMNY 1,3 JLX
Skráningardagur 07/2004 | Ekinn km 62 þús | Gírar 5 Gíra
Meðalgreiðsla á mánuði 25.495.-
Miðað við 100% lán og 9,7% fasta vexti í Íkr.

2000 Staðgr. ▶ Tilboð 490 þús.

HYUNDAI SONATA 2,0 GLS
Skráningardagur 06/2000 | Ekinn km 157 þús | Gírar Ssk
Meðalgreiðsla á mánuði 16.985.-
Miðað við 100% lán og 9,7% fasta vexti í Íkr.

2004 Staðgr. ▶ Tilboð 1.190 þús.

VW GOLF 1,6 TRENDLINE
Skráningardagur 06/2004 | Ekinn km 64 þús | Gírar 5 Gíra
Meðalgreiðsla á mánuði 31.826.-
Miðað við 100% lán og 9,7% fasta vexti í Íkr.

2005 Staðgr. ▶ Tilboð 1.390 þús.

RENAULT MEGANE TOURER
Skráningardagur 06/2005 | Ekinn km 62 þús | Gírar Ssk
Meðalgreiðsla á mánuði 37.102.-
Miðað við 100% lán og 9,7% fasta vexti í Íkr.

2000 Staðgr. ▶ Tilboð 1.190 þús.

MMC PAJERO 2,8 DIESEL 33"
Skráningardagur 05/2000 | Ekinn km 190 þús | Gírar Ssk
Meðalgreiðsla á mánuði 31.826.-
Miðað við 100% lán og 9,7% fasta vexti í Íkr.

2005 Staðgr. ▶ Tilboð 1.190 þús.

CHEVROLET LACETTI CDX WAGON
Skráningardagur 03/2005 | Ekinn km 26 þús | Gírar Ssk
Meðalgreiðsla á mánuði 31.826.-
Miðað við 100% lán og 9,7% fasta vexti í Íkr.

2001 Staðgr. ▶ Tilboð 1.250 þús.

TOYOTA RAV-4
Skráningardagur 07/2001 | Ekinn km 108 þús | Gírar Ssk
Meðalgreiðsla á mánuði 33.409.-
Miðað við 100% lán og 9,7% fasta vexti í Íkr.

2004 Staðgr. ▶ Tilboð 1.250 þús.

VW PASSAT 2,0 COMFORTLINE
Skráningardagur 01/2004 | Ekinn km 68 þús | Gírar Ssk
Meðalgreiðsla á mánuði 33.409.-
Miðað við 100% lán og 9,7% fasta vexti í Íkr.

2006 Staðgr. ▶ Tilboð 990 þús.

CHEVROLET AVEO 1,4
Skráningardagur 6/2006 | Ekinn km 40 þús | Gírar 5 Gíra
Meðalgreiðsla á mánuði 26.550.-
Miðað við 100% lán og 9,7% fasta vexti í Íkr.

2006 Staðgr. ▶ Tilboð 1.290 þús.

FORD FUSION TREND WAGON
Skráningardagur 01/2006 | Ekinn km 33 þús | Gírar Ssk
Meðalgreiðsla á mánuði 34.464.-
Miðað við 100% lán og 9,7% fasta vexti í Íkr.

2000 Staðgr. ▶ Tilboð 1.090 þús.

JEEP GRAND CHEROKEE 4,7
Skráningardagur 10/2000 | Ekinn km 122 þús | Gírar Ssk
Meðalgreiðsla á mánuði 29.188.-
Miðað við 100% lán og 9,7% fasta vexti í Íkr.

2003 Staðgr. ▶ Tilboð 690 þús.

DAEWOO TACUMA
Skráningardagur 08/2003 | Ekinn km 67 þús | Gírar Ssk
Meðalgreiðsla á mánuði 18.636.-
Miðað við 100% lán og 9,7% fasta vexti í Íkr.

Iceland Express

London

Kaupmannahöfn

París

Berlín

Friedrichshafen

Frankfurt Hahn

Billund
* INNIFALIÐ ER FLUG OG SKATTAR

NOTAÐIR BÍLAR | BÍLDSHÖFÐA 10 | SÍMI 587 1000 | www.benni.is | notadir@benni.is

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég hlusta bara á skjólstæðingana í vinnunni en þegar ég kem heim finnst mér gott að hlusta á dömur eins og Noruh Jones og Katie Melua. Svo hef ég líka hlustað þó nokkuð mikið á Geir Ólafsson upp á síðkastið.“*

Inga Kristjánsdóttir næringarþerapisti.

# Geirfugl á blárri vespu í sumar

„Ég fékk mynd af henni í afmælisgjöf frá konunni minni, Eddu Björg, fyrir nokkru og nú er þetta loksins að verða að raunveruleika,“ segir gítarleikarinn og Geirfuglinn Stefán Már Magnússon. Hann hefur fest kaup á einni ítalskri vespu sem leikarinn Gunnar Hansson flytur inn til landsins ásamt bróður sínum. Vespan er væntanleg til landsins í lok apríl eða byrjun maí og gítarleikarinn góðkunni getur vart beðið en farartækið er í litum enska félagsins Tottenham Hotspur sem Stefán Már styður í ensku úrvalsdeildinni.

Stefán hefur verið aðdáandi vespna um árabil og íhugaði meðal annars sjálfur að hefja innflutning á þeim. „En svo frétti ég af þeim bræðrum og ákvað bara að bíða eftir að þær kæmu til landsins,“ segir Stefán Már, sem dáist að framtakssemi Hansson-bræðranna. Gítarleikarinn segist að sjálfsögðu ætla að leyfa konunni sinni að sitja aftan á þegar hann þeysist um borg og bý og er þegar farinn að velta því fyrir sér hvernig hann geti ferjað gítarinn á milli staða. „Kannski hannar maður bara eitthvað aftan á hjólið til að geta geymt hljóðfærið eða hefur hann bara í bakpoka,“ útskýrir Stefán, sem er ekki í vafa um að það sé mikil búbót í þessum kaupum. „Það kostar ekki nema þúsund kall að fylla hana og hún endist út vikuna,“ útskýrir Stefán.



**SPARNAÐUR** Stefán segir það að keyra um á vespu vera mikið sparnaðarráð; ekki kosti nema þúsund krónur að fylla tankinn.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**LÁRÉTT**
**2.** sár **6.** borðaði **8.** spíra **9.** tilvist **11.** stöðug hreyfing **12.** flott **14.** gort 16. hvað **17.** frjó **18.** kærleikur **20.** fisk **21.** högg.

**LÓÐRÉTT**
**1.** elds **3.** tveir eins **4.** garðplöntutegund **5.** saur **7.** æxlast **10.** fley **13.** skarð **15.** hemja **16.** rámur **19.** í röð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT:** **2.** bágt, **6.** át, **8.** ála, **9.** líf, **11.** ið, **12.** smart, **14.** grobb, **16.** ha, **17.** fræ, **18.** ást, **20.** ál, **21.** stuð.
**LÓÐRÉTT:** **1.** báls, **3.** áá, **4.** glitbrá, **5.** tað, **7.** tímgast, **10.** far, **13.** rof, **15.** bæla, **16.** hás, **19.** tu.

MUGISON: JOSH HOMME HREIFST AF PLÖTUNNI MUGIBOOGIE

# Fer í tónleikaferðalag með Queens of the Stone Age

„Jú, jú, þetta er rétt, ég er að fara til Kanada og hita þar upp fyrir þá,“ segir Örn Elías Guðmundsson, betur þekktur sem Mugison. Frá því er greint á vef breska blaðsins NME að hann muni hita upp fyrir bandarísku rokkgrúppuna Queens of the Stone Age á tónleikaferðalagi hennar um Kanada í maí. Sú ágæta sveit ætti að vera Íslendingum að góðu kunn því hún lék á undan Dave Grohl og félögum í Foo Fighters fyrir tveimur árum í Egilshöllinni. „Ég hefði ekki getað látið mig dreyma um betri hljómsveit til að hita upp fyrir, þeir eru með svona svipað andrúmsloft og mér finnst við vera í á Mugiboogie, svona taumlaus svitalykt og alvöru rokk,“ bætir Mugison við.

Queens of the Stone Age hefur verið í framvarðarsveit bandaríska rokksins síðan breiðskífan Songs for the Deaf kom út árið 2002 en þar lék Grohl einmitt undir á trommum í laginu No One Knows, einum mesta smelli sveitarinnar. Söngvarinn og lagasmiðurinn Josh Homme er aðalsprautan í hljómsveitinni og hann vildi ólmur fá Mugison í ferðalagið eftir að hafa hlustað á Mugiboogie. „Við erum með sama tónleikabókara í Norður-Ameríku og ég hafði sent þeim náunga nokkur eintök. Josh féll strax fyrir plötunni og þurfti aðeins tvo daga til að hugsa sig um,“ segir Mugison en hann mun spila í tíu borgum á þrettán dögum, þar á meðal Halifax og Winnipeg, og er uppselt á velflesta tónleikana.

Mugison var rétt að jafna sig eftir tónlistarhátíðina Aldrei fór ég suður sem haldin var á Ísafirði nú um páskana. Hann var ekki í neinum vafa um að þetta væri besta hátíðin frá upphafi. „Ég held að ég hafi séð allar sveitirnar nema þrjár enda gekk þetta svo smurt og snurðulaust fyrir sig. Og svo var samheldnin í tónlistarmönnunum líka svo mikil að það var bara alveg frábært andrúmsloft hérna.“

freyrgigja@frettabladid.is



**DRAUMASVEITIN** Mugison segir að Queens of the Stone Age sé draumasveitin til að hita upp fyrir.



**VILDI MUGISON** Josh Homme, aðalsprautan í Queens of the Stone Age, vildi fá Mugison eftir að hafa hlustað á Mugiboogie.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Blúshátíðin í Reykjavík fór fram um páskana og spilaði hin goðsagnakennda og goðumlíka hljómsveit The Yardbirds á Nordica á miðvikudagskvöldinu. Salurinn var smekkfullur af tónlistaráhugafólki og blúsmönnum. **Séra Hjörtur Magni Jóhannsson**, fríkirkjuprestur í Reykjavík, valdi blústónleikana sem heppilegan upphafspunkt páskahelgarinnar og var meðal fremstu manna á Nordica þegar hver blússveitin á fætur annarri lék við hvurn sinn fingur.

En það voru fleiri en klerkurinn sem nutu blárra tóna á Nordica því alþingiskonan **Guðfinna Bjarnadóttir** var meðal gesta og fílaði greinilega vel það sem Yardbirds höfðu fram að færa. Eðaltöffari Íslands, **Rúnar Júlíusson**, var ekki langt undan og fylgdist agndofa með ásamt félaga sínum, Þóri Baldurssyni. Útvarpsmaðurinn Ólafur Páll Gunnarsson var einnig meðal gesta en það var hins vegar nafni hans og sýslumaður, **Ólafur Helgi Kjartansson**, sem stal senunni þegar hann tók nokkur létt spor undir taktfastri tónlist Bretanna í lokin.



**Bubbi Morthens** hefur verið töluvert í fréttum að undanförnu vegna skrifa sinna á netinu. En nú virðast öldurnar farnar að lægjast og ætlar Bubbi að halda tónleika fyrir aðdáendur sína í Austurbæ þann 3. apríl. Bubbi ætlar að vera einn með gítarinn á sviðinu en ansi langt er síðan áhangendur kóngsins sáu hann í þeim ham. Ný plata er síðan væntanleg frá Bubba en hún kemur út á afmælisdegi hans, 6. júní.



- fgg





# Landsliðskempur nefna fyrirtæki eftir leikkerfi

Fyrrverandi landsliðskempurnar og athafnamennirnir Kristján Arason og Þorgils Óttar Mathiesen hafa stofnað eignarhaldsfélag undir nafninu 7 hægri ehf. Þorgils og Kristján hafa verið áberandi í fjármálalífinu eftir að þeir lögðu skóna á hilluna frægu en handknattleikurinn er augljóslega aldrei langt undan. 7 hægri ber það nánast með sér að vera fengið beint úr handboltanum en bæði Kristján og Þorgils eru meðal bestu handknattleiksmanna sögunnar. Þeir léku báðir með margföldu Íslandsmeistaraliði FH og svo með landsliðinu undir stjórn Bogdans.

Kristján vildi lítið tjá sig um fyrirtækið sjálft, sagði þetta vera svona „prívat“ eignarhaldsfélag sem væri staðsett í heimabænum Hafnarfirði. En hann viðurkenndi hins vegar að nafnið væri komið beint úr handboltanum, hefði verið notað á Bogdan-tímum landsliðsins. „Það veitir kannski ekki af góðum leikkerfum eins og staðan er í dag,“ segir Kristján. Hann sagði að leikkerfið hefði ekki verið eingöngu samspil þeirra tveggja, skyttunnar og línumannsins, en 7 hægri hefði vissulega oft heppnast. „Leikkerfið var til. Og það var frekar árangursríkt en líkt og í handboltanum borgar sig ekki að gefa of mikið uppi um hvernig það virkaði,“ segir Kristján.

- fgg



**SAMAN** Kristján Arason og Þorgils Óttar Mathiesen hafa stofnað fyrirtæki sem er nefnt eftir gömlu leikkerfi úr handboltanum

„Það er ekkert gamanmál að gera öðrum rangt til, að ekki sé talað um, að eiga þátt í að skapa andrúm, sem hugsanlega leiddi til þess, að saklausir menn sátu vikum saman í fangelsi ...“




HREYFING
HEILSULIND

BLUE LAGOON
ICELAND
geothermal spa

Sími: 414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is
www.bluelagoon.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



lægra verð
Apótekið
Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri




**BAKÞANKAR**
Karenar D. Kjartansdóttur

## *Andleg upprisa við klósettskál*

Eftir gegndarlaust át páskadagsins lagðist ég til hvílu með ólgu í maganum. Skömmu síðar fór ég fram og blandaði mér ömmumeðalið matarsóda út í vatn og stuttu síðar kraup ég spúandi við klósettskál heimilisins. Þangað átti síðan ég afturkvæmt þó nokkuð oft um nóttina. Líklega hef ég ekki þolað allan munaðinn sem felst í því að borða mörg páskaegg af fjölda tegunda. Þegar ég var barn stóð nefnilega aðeins til boða að snæða egg frá Mónu númer fjögur en þá ríkti nú ekki hagsæld í íslensku efnahagslífi.

**ÞEGAR** ég hitti félaga mína næsta dag lýsti ég skelfilegum óförum mínum eftir átið og baráttu minni með matarsódann einan að vopni. Ég fékk fáar samúðaróskir en þeim mun fleiri spurningar um hvers vegna í ósköpunum ég hefði drukkið matarsóda út í vatn. Það ráð lærði ég hjá ömmu minni, sem kvað blessaðan sódann allra meina bót. Útskýrði ég einnig fyrir nærstöddum að hjá henni hefði ég lært að matbúa ódýrustu súpu sem völ væri á. Uppskriftin væri heitt vatn og út í það blandaði maður Knorr-súputeningum eftir smekk. Þetta þótti félögunum sannkallaður kreppumatur og miðað við fréttir undanfarna daga af efnahagsmálum og fjármálamörkuðum væri líklega ekki vanþörf á að hafa nokkrar slíkar uppskriftir á hraðbergi á næstunni.

**NÚ** segja kirkjunnar menn að helvíti sé ekki viðbjóðslegur kvalastaður heldur hvimleitt ástand sem fólk geti átt von á að festast í lifandi, sé það gráðugt, latt og syndugt. Því get ég vel trúað, himnaríki nútímamannsins hlýtur nefnilega að vera gamalmennaströnd í heitu landi en helvíti er einmanaleg kytra á vegum hins opinbera. Gömul lútersk gildi koma þarna sterklega við sögu. Það eru jú aðeins þeir duglegu og forsjálu sem leggja fyrir til mögru áranna sem eiga von á himneskri sælu. Hinir eiga ekki von á góðu og munu líklega þurfa að drekka súpu úr Knorr-teningum oftar en þeir kæra sig um í ellinni.

**ANDLEG** upprisa mín við klósettskálina eftir hreinsunina á páskaeggjunum sem ég át til að fagna upprisu frelsarans gerði mér gott. Ég óttast ekki andlegt helvíti því ég ætla að fara að spara til efri áranna og láta af græðgi. Eitt páskaegg er nóg og einn bíll sömuleiðis. Nú hef ég prófað að ganga kraftgöngu í gegnum víti vegna græðgi og syndugra hugsana en lært mína lexíu. Talið um yfirvofandi kreppu hefur ekki aðra þýðingu fyrir mér en að um næstu páska fái ég aðeins eitt páskaegg í staðinn fyrir fimm.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 25. mars, 85. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 7.09 | 13.34 | 19.59 |
| Akureyri | 6.53 | 13.18 | 19.46 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


SIMPLY CLEVER




JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

HEKLA · Laugavegi 172-174 · Sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranes · Ísafjörður · Reyðarfjörður · Reykjanesbær · Selfoss
HEKLA